

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1315

2024/EES/41/08

frá 23. júní 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 651/2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans og reglugerð (ESB) 2022/2473 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar til fyrirtækja sem eru virk í framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu fisk- og lagareldisafurða sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 108. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1588 frá 13. júlí 2015 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar <sup>(1)</sup>, einkum a- og b-lið 1. mgr. 1. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Gagnsæi ríkisaðstoðar er nauðsynlegt fyrir rétta beitingu reglna sáttmálans og leiðir til betra samræmis, meiri ábyrgðar, jafningjaryni og skilvirkari fjárnotkunar hins opinbera þegar upp er staðið. Vegna mikilvægis gagnsæis og einkum til að laga viðmiðunarmörkin vegna birtingar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 <sup>(2)</sup> að nýjum viðmiðunarmörkum í öllum nýlega endurskoðuðum viðmiðunarreglum og römmum framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð, ættu viðmiðunarmörk vegna birtingar upplýsinganna, sem um getur í III. viðauka við þá reglugerð, um úthlutanir stakrar aðstoðar, að vera 100 000 evrur. Þessi viðmiðunarmörk ættu að vera 10 000 evrur fyrir aðstoðarþega sem starfa við frumframleiðslu í landbúnaði og aðstoðarþega sem starfa í sjávarútvegs- og lagareldisgeiranum, aðra en þá sem 2. þáttur a í reglugerð (ESB) nr. 651/2014 á við um, og 500 000 evrur fyrir aðstoð vegna fjármálaafurða sem njóta stuðnings InvestEU-sjóðsins skv. 16. þætti í reglugerð (ESB) nr. 651/2014. Þegar um er að ræða staka aðstoð sem fer yfir þessi viðmiðunarmörk verður að birta upplýsingarnar sem um getur í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 651/2014 innan sex mánaða frá þeim degi þegar aðstoðin er veitt. Að því er varðar aðstoð sem fer ekki yfir þessi viðmiðunarmörk getur birting upplýsinganna sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar átt sér stað síðar.
- 2) Til að tryggja fyrirsjáanleika og réttarvissu að því er varðar framkvæmd breytinganna á reglugerð (ESB) nr. 651/2014 sem innleiddar eru með þessari reglugerð, einkum að því er varðar ríkisaðstoðarráðstafanir til að styðja við græna og stafræna umbreytingu, þykir rétt að framlengja gildistíma reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 um þrjú ár til 31. desember 2026.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 167, 30.6.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 331/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtið. ESB L 187, 26.6.2014, bls. 1).

- 3) Þar sem við á ætti að innleiða aðlaganir á viðmiðunarmörkum tilkynninga og aðstoðarfjárhæðum í þætti reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 með sértækri endurskoðun sem hluti af núverandi breytingu, á grundvelli mats á markaðsþróun og viðtekinna venja framkvæmdastjórnarinnar. Í ljósi þess hve langur gildistími þeirrar reglugerðar er orðinn frá því hún var samþykkt árið 2014, ásamt háu núverandi verðbólguþrýgð, þykir rétt að hækka viðmiðunarmörk vegna tilkynninga og hámarksfjárhæðir aðstoðar í þáttum reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 án sértækrar endurskoðunar. Í því skyni telur framkvæmdastjórnin að almenn hækkun um 10% á viðmiðunarmörkum vegna tilkynninga og aðstoðarfjárhæðum fyrir eftirstandandi þætti reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 sé viðeigandi og muni því ekki leiða til röskunar á samkeppni sem stríðir gegn sameiginlegum hagsmunum.
- 4) Í kjölfar samþykktar endurskoðuðu viðmiðunarreglnanna um svæðisbundna ríkisaðstoð fyrir tímabilið frá 1. janúar 2022 <sup>(3)</sup> ætti að aðlaga ákvæði varðandi svæðisbundna aðstoð í reglugerð (ESB) nr. 651/2014 til að tryggja samræmi milli ólíkra reglna sem beinast að sömu markmiðum. Einnig ætti að aðlaga 1. þátt III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 þannig að tillit sé tekið til breytinga á markaði og í ljósi Græna samkomulagsins í Evrópu <sup>(4)</sup> og markmiða evrópsku loftslagslaganna sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 <sup>(5)</sup>. Rekstraraðstoð til að koma í veg fyrir og draga úr fólksfækkun ætti að rýmka þannig að hún nái til strjálbýlla svæða, til að greiða fyrir betri stuðningi á svæðum sem standa frammi fyrir lýðfræðilegum áskorunum. Til að auðvelda beitingu reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 að því er varðar verkefni sem njóta aðstoðar sem eru undir 50 milljónum evra og lítill og meðalstór fyrirtæki framkvæma, ætti að aðlaga viðmiðunarmörkin vegna tilkynninga til samræmis við það og skýra nánar.
- 5) Í samræmi við markmiðin í „Stefnuáætlun lítilla og meðalstórra fyrirtækja fyrir sjálfbæra og stafræna Evrópu“ <sup>(6)</sup> er heimilt að veita ríkisaðstoð vegna ráðgjafar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í formi inneignarmiða, t.d. til að stuðla að grænni ráðgjafarþjónustu. Enn fremur geta aðildarríki, við veitingu ríkisaðstoðar, ákveðið að beita einfölduðum reglum varðandi lítill og meðalstór fyrirtæki til að draga úr stjórnsýsluálagi og auðvelda þeim þátttöku í útboðum á samkeppnisgrundvelli.
- 6) Samkvæmt orðsendingunni „Mótun stafrænnar framtíðar í Evrópu“ <sup>(7)</sup> og orðsendingunni „Evrópska gagnaáætlunin“ <sup>(8)</sup> þarf að tryggja að stafrænar lausnir styðji Evrópu í að feta sína eigin braut í átt að stafrænni umbreytingu sem gagnast fólki og virðir evrópsk gildi. Í „Nýrri stefnuáætlun fyrir iðnað í Evrópu“ <sup>(9)</sup> segir að Evrópa þurfi á rannsóknum og tækni að halda og sterkum innri markaði sem ryður hindrunum úr vegi og dregur úr skriffinnsku. Þar er viðurkennt að auknar fjárfestingar í rannsóknum, nýsköpun, útbreiðslu og nútímalegum grunnvirkjum muni stuðla að þróun nýrra framleiðsluferla og skapa störf í leiðinni. Í þessu tilliti fela rannsóknarverkefni og stuðningsþjónusta á sviði nýsköpunar einnig í sér þróun eða umbætur á stafrænum framleiðsluvörum, ferlum eða þjónustu, innan allra sviða, tækni, atvinnugreina eða geira (þ.m.t., en ekki takmarkað við, stafrænar atvinnugreinar, stafræn grunnvirki og tækni, s.s. ofurtölvuvinnslu, skammtatækni, bálkakeðjutækni, gervigreind, netöryggi, stórgögn og skýjatækni).
- 7) Til að flýta framkvæmd tiltekinna nýsköpunarverkefna í tengslum við verkefni sem nokkur aðildarríki koma að þykir rétt að taka upp hærri viðmiðunarmörk vegna tilkynninga og aðstoðarhlutfall fyrir rannsóknar- og þróunarverkefni sem skapa ávinning yfir landamæri með tilliti til skilvirks samstarfs og þekkingarmiðlunar.

<sup>(3)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar, „Viðmiðunarreglur um svæðisbundna ríkisaðstoð“ (Stjtið. ESB C 153, 29.4.2021, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, leiðtogaráðsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „Grænt samkomulag í Evrópu“ (e. *European Green Deal*) COM(2019) 640 lokagerð.

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagslutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 („evrópsku loftslagslögin“) (Stjtið. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „Stefnuáætlun lítilla og meðalstórra fyrirtækja fyrir sjálfbæra og stafræna Evrópu“, COM(2020) 103 lokagerð.

<sup>(7)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „Mótun stafrænnar framtíðar í Evrópu“ (e. *Shaping Europe's digital future*) COM(2020) 67 lokagerð.

<sup>(8)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, leiðtogaráðsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „Evrópska gagnaáætlunin“ (e. *A European strategy for data*) COM(2020) 66 lokagerð.

<sup>(9)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „Ný stefnuáætlun fyrir iðnað í Evrópu“ (e. *A New Industrial Strategy for Europe*), COM(2020) 102 lokagerð.

- 8) Í ljósi þess að með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2472 <sup>(10)</sup> voru innleiddar sérstakar hópundanþágur fyrir samfélagsverkefni um staðbundna þróun, sem eru tilgreind sem LEADER-aðferð við staðbundna þróun innan Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar, og fyrir verkefni starfshóps á vegum Evrópska samstarfsverkefnisins um nýsköpun vegna framleiðni í landbúnaði og sjálfbærni (EIP-samstarfsverkefnisins), þykir rétt annars vegar að rýmka gildissvið gildandi hópundanþágu fyrir samfélagsverkefni um staðbundna þróun samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 651/2014 þannig að hún taki til fleiri verkefna en LEADER-verkefna og hins vegar fella niður hópundanþáguna fyrir EIP-verkefni samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 651/2014.
- 9) Rétt þykir að fella undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 skilyrði um samrýmanleika aðstoðar til örfyrirtækja í formi opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, jarðgasi eða varma. Slíkar ráðstafanir ættu að vera í samræmi við gildandi ákvæði í lögum Sambandsins þegar þær uppfylla skilyrði til að teljast opinber íhlutun í verðlagningu. Með slíkum ráðstöfunum ætti ekki að mismuna söluaðilum eða örfyrirtækjum og þær ættu að leiða til smásöluverðs yfir kostnaðarverði, á stigi þar sem virk samkeppni milli smásala getur átt sér stað.
- 10) Til að draga úr áhrifum hækkandi orkuverðs í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu heimilar reglugerð ráðsins (ESB) 2022/1854 <sup>(11)</sup> aðildarríkjum í undantekningartilvikum að grípa tímabundið til opinberrar íhlutunar í verðlagningu á raforku til litilla og meðalstórra fyrirtækja, þ.m.t. skyldu til að afhenda undir kostnaðarverði. Því þykir rétt að fella einnig undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 skilyrði um samrýmanleika aðstoðar til litilla og meðalstórra fyrirtækja í formi tímabundinnar opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma sem framleiddur er með jarðgasi til að draga úr áhrifum verðhækkana í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu. Með slíkum ráðstöfunum ætti ekki að mismuna litlum eða meðalstórum fyrirtækjum eða söluaðilum og þær ættu ekki að hafa í för með sér ósanngjarnan kostnað fyrir þau. Því ætti að bæta söluaðilum upp þann kostnað sem stofnað er til með afhendingu á stýrðu verði ef opinbera íhlutunin krefst þess að þeir afhendi undir kostnaðarverði. Til að koma í veg fyrir að slíkar ráðstafanir auki eftirspurn eftir raforku, jarðgasi eða varma sem framleiddur er með jarðgasi eða raforku ætti stýrt verð eingöngu að ná yfir takmarkaðan hluta af notkuninni og ætti ekki að leiða til meðalverðs sem er undir því verði sem var fyrir árásina á Úkraínu.
- 11) Aðstoð til byggingar eða uppfærslu á prófunar- og tilraunainnviðum tekur aðallega á markaðsbresti sem stafar af ófullkomnum og misvísandi upplýsingum eða vandamálum í tengslum við samræmingu. Ólíkt rannsóknainnviðum eru prófunar- og tilraunainnviðir fyrst og fremst notaðir fyrir atvinnustarfsemi og, nánar tiltekið, til að veita fyrirtækjum þjónustu. Að byggja eða uppfæra prófunar- eða tilraunainnviði sem byggjast á nýjustu tækni hefur í för með sér mikinn fjárfestingarkostnað í upphafi sem, ásamt óvissum viðskiptavinahóp, getur valdið erfiðleikum við að fá fjármögnun frá einkaaðilum. Aðgang að prófunar- og tilraunainnviðum sem eru fjármagnaðir af hinu opinbera verður að veita mörgum notendum á grundvelli gagnsæis, án mismununar og með markaðsskilmálum. Til að auðvelda notendum aðgang að prófunar- og tilraunainnviðum má lækka notendagjöld þeirra í samræmi við önnur ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 eða reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 <sup>(12)</sup>. Séu þessi skilyrði ekki virt getur ráðstöfunin falið í sér ríkisaðstoð til notenda innviðanna. Við slíkar aðstæður ætti aðstoð til notenda eða til byggingar eða uppfærslu einungis að vera undanþegin tilkynningarskyldu ef aðstoðin til notendanna er veitt í samræmi við gildandi reglur um ríkisaðstoð. Nokkrir aðilar geta einnig átt og rekið tiltekna prófunar- og tilraunainnviði og opinberir aðilar og fyrirtæki geta einnig notað innviðina í samstarfi. Prófunar- og tilraunainnviðir eru einnig þekktir sem tækniinnviðir.
- 12) Aðstoð til nýsköpunarklasa miðar að því að taka á markaðsbrestum sem tengjast samræmingarvanda sem hindrar myndun klasa eða takmarkar samskipti og þekkingarflæði innan klasa. Ríkisaðstoð getur annaðhvort stutt fjárfestingu í opnum og samnýttum innviðum fyrir nýsköpunarklasa eða rekstur klasa með það fyrir augum að efla samstarf, tengslamyndun og nám. Rekstraraðstoð til nýsköpunarklasa ætti þó einungis að leyfa í takmarkaðan tíma og ekki lengur en í 10 ár. Til að auðvelda aðgengi að aðstöðu fyrir nýsköpunarklasa eða þátttöku í starfsemi nýsköpunarklasa má bjóða aðgang á lægra verði í samræmi við önnur ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 eða reglugerðar (ESB) nr. 1407/2013.

<sup>(10)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2472 frá 14. desember 2022 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar á sviði landbúnaðar og skógræktar og í dreifbýli sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (Stjtið. ESB L 327, 21.12.2022, bls. 1).

<sup>(11)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/1854 frá 6. október 2022 um neyðarihlutun til að bregðast við háu orkuverði (Stjtið. ESB L 261I, 7.10.2022, bls. 1).

<sup>(12)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstöð (Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 1).

- 13) Aðstoð til nýsköpunarstarfsemi er einkum beint að markaðsbrestum sem tengjast jákvæðum úthrifum (smitáhrifum þekkingar), erfiðleikum varðandi samræmingu og, í minna mæli, misvísandi upplýsingum. Að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki má veita slíka nýsköpunaraðstoð til öflunar, staðfestingar og verndar einkaleyfa og annarra óefnislegra eigna, til tímabundins flutnings mjög hæfs starfsfólks milli starfa og til öflunar ráðgjafar- og stuðningsþjónustu á sviði nýsköpunar, t.d. þeirrar sem veitt er af hálfu stofnana á sviði rannsókna og þekkingarmiðlunar, rannsóknainnviða, prófunar- og tilraunainnviða eða nýsköpunarklasa.
- 14) Greinanet (*e. backhaul networks*) eru forsendur þess að komið verði á fót aðgangsnétum, bæði föstum og farnetum, á svæðum þar sem annað hvort engir slíkir innviðir eru til staðar né líklegt að slíkir innviðir verði þróaðir í náninni framtíð. Ríkisaðstoð sem er veitt til að styðja við að tilteknum afkastamiklum greinanetum verði komið á fót, sem felur í sér ávinning fyrir bæði föst net og farnet, ætti að teljast samrýmanleg innri markaðnum og ætti að vera undanþegin tilkynningarskyldu með tilteknum skilyrðum, til að stuðla að brúun stafrænu gjárrinnar á svæðum þar sem markaðsbrestur hefur orðið, jafnframt því að takmarka hættu á samkeppnisröskun og að einkafjárfestingum verði rutt frá.
- 15) Í framhaldi af samþykkt endurskoðuðu viðmiðunarreglnanna um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum<sup>(13)</sup> fyrir tímabilið frá og með 2022 ætti að aðlagða ákvæði varðandi aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni í reglugerð (ESB) nr. 651/2014 að endurskoðuðu viðmiðunarreglunum til að tryggja samræmi. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru uppistaða hagkerfa aðildarríkjanna bæði að því er varðar atvinnu og efnahagslegan athafnakraft og vöxt og eru því einnig lykilatriði í efnahagsþróun og viðnámsþrótti Sambandsins í heild. Þau færa fram nýsköpunarlausnir til að takast á við áskoranir eins og loftslagsbreytingar, óskilvirka nýtingu tilfanga og minnkandi félagslega samheldni, og þau aðstoða við útbreiðslu þessarar nýsköpunar sem styður við græna og stafræna umbreytingu og eflir viðnám og tæknilegt fullveldi Sambandsins. Til að lítil og meðalstór fyrirtæki geti vaxið og leyst úr læðingi alla möguleika sína þurfa þau þó aðgang að fjármagni. Framkvæmdastjórnin telur því viðeigandi að stuðla að myndun áhættufjármögnunarmarkaðar svo að lítil og meðalstór fyrirtæki geti haft aðgang að nauðsynlegri fjármögnun á öllum stigum þróunar sinnar. Þangað til slíkum markaði hefur verið komið á fót að fullu tekur aðstoð að því er varðar aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja og sprotafyrirtækja að fjármagni á markaðsbrestum eða öðrum viðkomandi hindrunum sem koma í veg fyrir að þau laði til sín fjárfestinguna sem þau þurfa til að geta þróað möguleika sína til fulls. Lítil og meðalstór fyrirtæki geta oft ekki sýnt fjárfestum fram á lánstraust, einkum þegar þau eru ný eða í nýjum eða hátæknilegum geira. Matið<sup>(14)</sup> á viðkomandi reglum, sem framkvæmt var árið 2019 og 2020, hefur staðfest að þessir markaðsbrestir eða aðrar viðkomandi hindranir séu áfram til staðar og líklegt er að þetta ástand versni vegna COVID-19-heimsfaraldursins og afleiðinga núverandi stjórnmála- og efnahagsástands í Evrópu vegna árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu. Í því skyni að greiða enn frekar fyrir útbreiðslu slíkrar aðstoðar til að tryggja vaxtarmöguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja og heildarviðnám hagkerfis Sambandsins og til að auka skýrleika ætti að endurskoða uppbyggingu og gildissvið ákvæðanna um áhættufjármögnun. Verkefni sem eiga rétt á stuðningi úr nýsköpunarsjóðnum kunna að uppfylla skilyrði fyrir greiðari aðgangi nýsköpunarfyrirtækja að fjármagni.
- 16) Í framhaldi af samþykkt viðmiðunarreglnanna um ríkisaðstoð til loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála<sup>(15)</sup>, sem gilda frá og með 27. janúar 2022, ætti að aðlagða ákvæði í reglugerð (ESB) nr. 651/2014 varðandi aðstoð á sviði umhverfisverndar, þ.m.t. loftslagsverndar, og orkumála til að tryggja samræmi milli ólíkra reglna sem beinast að sömu markmiðum. Aðlagða ætti gildissvið 7. þáttar III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 þannig að tillit sé tekið til breytinga á markaði og markmiða Græna samkomulagsins í Evrópu og evrópsku loftslagslaganna sem og þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í áætlun framkvæmdastjórnarinnar REPowerEU<sup>(16)</sup> til að takast á við áhrif árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu og til að draga úr öllum neikvæðum áhrifum á hröðuð græn umskipti, þ.m.t. ákvæði sem innleidd voru til að breyta reglugerð (ESB) nr. 651/2014 árið 2021<sup>(17)</sup>. Við mótnun ríkisaðstoðarráðstafanna sinna geta aðildarríki sameinað aðstoð samkvæmt mismunandi ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 að því tilskildu að öll viðeigandi skilyrði, þ.m.t. varðandi uppsöfnun, séu uppfyllt.

<sup>(13)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar - Viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til að stuðla að áhættufjárfestingum (Stjtið. ESB C 508, 16.12.2021, bls. 1).

<sup>(14)</sup> Vinnuskjal framkvæmdastjórnarinnar fyrir starfsfólk um hæfisprófun á pakkanum frá 2012 um nútímavæðingu ríkisaðstoðar, viðmiðunarreglum fyrir járnbrautageirann og greiðsluvátryggingu vegna skammtímaútflutningslána (*e. Commission Staff Working Document on the Fitness Check of the 2012 State aid modernisation package, railways guidelines and short-term export credit insurance*) (SWD(2020) 0257 lokagerð).

<sup>(15)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar - Viðmiðunarreglur um ríkisaðstoð til loftslagsmála, umhverfisverndar og orkumála 2022 (Stjtið. ESB C 80, 18.2.2022, bls. 1).

<sup>(16)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, leiðtoga ráðsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „REPowerEU-áætlunin“, COM/2022/230 lokagerð.

<sup>(17)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1237 frá 23. júlí 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 651/2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtið. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 39).

- 17) Fjárfestingaraðstoð sem miðar að því að styðja við kaup eða leigu á farartækjum með engri losun eða umhverfisvænum farartækjum eða ísetningu endurbótahluta í farartæki svo að þau geti talist farartæki með engri losun eða umhverfisvænum farartæki, stuðlar að umskiptunum yfir í hreyfanleika með engri losun og að því að ná metnaðarfullum markmiðum Græna samkomulagsins í Evrópu, einkum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í flutningageiranum. Í ljósi reynslu framkvæmdastjórnarinnar af ríkisaðstoðarráðstöfunum til stuðnings umhverfisvænum samgönguhreyfanleika (e. clean mobility) þykir rétt að taka upp sérstök skilyrði um samrýmanleika til að tryggja að aðstoðin sé hófleg og raski ekki samkeppni með óréttmætum hætti með því að færa eftirspurn frá umhverfisvænni kostum. Rýmka ætti gildissvið ákvæða reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 varðandi fjárfestingaraðstoð vegna hleðslu- og áfyllingargrunnvirkja fyrir raforku og vetni þannig að það nái einnig yfir áfyllingargrunnvirki sem sjá fyrir vetni sem er ekki endurnýjanlegt, að því tilskildu að til staðar sé skýr stefna varðandi afkolun vetnisins sem látið er í té. Enn fremur ætti aðstoð vegna hleðslu- og áfyllingargrunnvirkja einnig að vera tiltæk fyrir grunnvirki sem eru ekki aðgengileg almenningi.
- 18) Rétt þykir að fella undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 sérstök skilyrði um samrýmanleika aðstoðar varðandi vetni þvert á geira í samræmi við markmið vetnisstefunnar fyrir loftslagshlutlausu Evrópu<sup>(18)</sup> og vegna geymslu.
- 19) Rýmka ætti ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 varðandi rekstraraðstoð til að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum þannig að þau nái yfir samfélög um endurnýjanlega orku í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001<sup>(19)</sup>. Að því er varðar fjárfestingaraðstoð ættu samfélög um endurnýjanlega orku, ásamt mismunandi tegundum fyrirtækja, að falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 651/2014. Í þessu samhengi geta samfélög um endurnýjanlega orku og orkusamfélög almennra borgara, eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/944<sup>(20)</sup>, talist lítil eða meðalstór fyrirtæki að því marki sem þau uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. Viðauka við reglugerð (ESB) nr. 651/2014.
- 20) Rétt þykir að fella undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 skilyrði um samrýmanleika fjárfestingaraðstoðar til endurreisnar náttúrulegra búsvæða og vistkerfa, verndunar og endurheimtar líffræðilegrar fjölbreytni og náttúruviðbætur lausna til aðlögunar að loftslagsbreytingum og mildunar þeirra í samræmi við markmið áætlunarinnar um líffræðilega fjölbreytni fyrir árið 2030<sup>(21)</sup>, markmið evrópsku loftslagslaganna, stefnu ESB um aðlögun að loftslagsbreytingum<sup>(22)</sup> og orðsendinguna um sjálfbæra kolefnishringrás<sup>(23)</sup>. Bæta ætti þessum skilyrðum við gildandi ákvæði varðandi aðstoð til að hreinsa menguð svæði. Fjárfestingaraðstoð á þessum sviðum ætti því að teljast samrýmanleg innri markaðnum og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. Mgr. 108. Gr. sáttmálans að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Einkum er nauðsynlegt að tryggja að farið sé að mengunarbótareglunni en samkvæmt henni ætti sá aðili sem veldur menguninni að bera kostnað vegna ráðstafana til að ráða bót á menguninni.
- 21) Aðlaga og rýmka ætti ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 varðandi fjárfestingaraðstoð vegna endurvinnslu og endurnýtingar úrgangs til að takast á við þróun á markaðnum og, í samræmi við aðgerðaáætlunina um hringrásarhagkerfi<sup>(24)</sup>, til að endurspegla umskiptin yfir í ráðstafanir sem miða að því að efla auðlindanýtni og styðja við umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi. Að skipta grunnhræfnum út fyrir endurunnin (endurnýtt eða endurunnin) eða endurheimt hráefni dregur úr álagi á náttúruauðlindir, skapar sjálfbæran vöxt og störf og eflir viðnám.

<sup>(18)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, leiðtoga ráðsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „Vetnisstefna fyrir lofslagshlutlausu Evrópu“ (e. *A hydrogen strategy for a climate-neutral Europe*), COM(2020) 301 lokagerð.

<sup>(19)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjtið. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82).

<sup>(20)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/944 frá 5. júní 2019 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um breytingu á tilskipun 2012/27/ESB (Stjtið. ESB L 158, 14.6.2019, bls. 125).

<sup>(21)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „Áætlun ESB um líffræðilega fjölbreytni fyrir árið 2030 - færum náttúruna aftur inn í líf okkar“ (e. *EU biodiversity Strategy for 2030 bringing nature back into our lives*), COM(2020) 380 lokagerð.

<sup>(22)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, Mótun viðnáms gegn loftslagsbreytingum í Evrópu – ný stefna ESB um aðlögun að loftslagsbreytingum (e. *Forging a climate-resilient Europe – the new EU Strategy on Adaptation to Climate Change*), COM/2021/ 82, lokagerð.

<sup>(23)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins, Sjálfbær kolefnishringrás (e. *Sustainable Carbon Cycles*), COM(2021) 800, lokagerð.

<sup>(24)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar – Ný aðgerðaáætlun um hringrásarhagkerfi fyrir hreinni og samkeppnishæfari Evrópu (e. *A new Circular Economy Action Plan – For a cleaner and more competitive Europe*) COM/2020/ 98 lokagerð.

- 22) Nauðsynlegt er að fella undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 skilyrði um samrýmanleika aðstoðar í formi lækkunar á umhverfissköttum eða –álögum. Umhverfisskattur eða skattatengdar álögur eru lagðar á til að auka kostnað í tengslum við hegðun sem er skaðleg umhverfinu og draga þannig úr slíkri hegðun og auka umhverfisvernd. Þar sem ekki er hægt að framfylgja umhverfissköttum eða skattatengdum álögum án þess að stofna atvinnustarfsemi tiltekinna fyrirtækja í hættu getur það að veita sumum fyrirtækjum hagstæðari meðferð stuðlað að því að ná fram herra almennu framlagi til umhverfisskatta og skattatengdra álagna. Til samræmis við það getur lækkun umhverfisskatta eða skattatengdra álagna í sumum tilvikum stuðlað óbeint að meiri umhverfisvernd.
- 23) Rétt þykir að beita sömu skilyrðum varðandi aðstoð í formi lækkana og undanþága frá umhverfissköttum innan allra atvinnugreina nema um það gildi sérreglur. Því ætti aðstoð í formi skattalækkana vegna fiskveiða í ám og vötnum og fiskeldis, sem aðildarríkin samþykktu skv. F-lið 1. Mgr. 15. Gr. og 3. Mgr. 15. Gr. tilskipunar ráðsins 2003/96/EB <sup>(25)</sup>, að falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 frá 1. Júlí 2023 þar sem reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2473 <sup>(26)</sup> mun ekki lengur gilda um þær.
- 24) Að því er varðar fjárfestingaraðstoð vegna fjarhitunar- og/eða fjarkælikerfa ætti að aðlagja skilyrðin um samrýmanleika, sem mælt er fyrir um í 46. Gr. reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 um stuðning við fjárfestingar í fjarhitunar- og/eða fjarkælikerfum sem byggjast á jarðefnaeldsneyti, einkum jarðgasi, sem og fjárfestingar í eða uppfærslu á dreifikerfum, þannig að tillit sé tekið til Græna samkomulagsins í Evrópu og markmiða evrópsku loftslagslaganna og einkum fjárfestingaráætlunarinnar fyrir sjálfbæra Evrópu <sup>(27)</sup>.
- 25) Að því er varðar fjárfestingar í orkugrunnvirkjum ætti gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 að taka til hópundanþága til að styðja við fjárfestingar sem eru ekki á aðstoðarsvæðum. Að auki þarf að aðlagja skilyrði um samrýmanleika í þeirri reglugerð varðandi stuðning við fjárfestingar í orkugrunnvirkjum fyrir jarðgas þannig að tillit sé tekið til markmiða Græna samkomulagsins í Evrópu og til að tryggja samræmi við loftslagsmarkmiðin fyrir 2030 og 2050.
- 26) Í ljósi sérstöðu fjármögnunar á verkefnum í varnarmálageiranum, þar sem eftirspurnin kemur nær eingöngu frá aðildarríkjum sem einnig stjórna öllum kaupum á varnartengdum vörum og tækni, þ.m.t. útflutningi, starfar varnargeirinn á sérstakan hátt og fylgir ekki þeim hefðbundnum reglum og viðskiptalíkönem sem stýra hefðbundnari mörkuðum. Í ljósi sérstöðu geirans og reglnanna samkvæmt evrópska varnarsjóðnum sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/697 <sup>(28)</sup> og Evrópsku iðnþróunaráætlunarinnar á sviði varnarmála sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1092 <sup>(29)</sup> þar sem hámarksfjármögnunarhlutfall er ekki sett til að takmarka heildarfjármögnun hins opinbera heldur til að laða að sameiginlega fjármögnun frá aðildarríkjum, ættu fjárframlög aðildarríkja til þessara samfjármögnuðu verkefna að teljast, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, samrýmanleg innri markaðnum og undanþegin tilkynningarskyldunni. Einkum er hægt að lýsa slíka sameiginlega fjármögnun samrýmanlega umfram möguleika almennra ákvæða um aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna, að því tilskildu að aðstoðarþegar greiði markaðsverð fyrir alla notkun á hugverkaréttindum eða frumgerðum sem leiðir af verkefninu í tilgangi sem ekki varðar varnarmál. Við slíkar aðstæður ætti enn fremur ekki að vera nauðsynlegt að endurmeta skilyrði varðandi aðstoðarhæfi sem framkvæmdastjórnin hefur þegar metið á fjölþjóðlegum vettvangi með aðstoð óháðra sérfræðinga í samræmi við reglur evrópska varnarsjóðsins eða Evrópsku iðnþróunaráætlunarinnar á sviði varnarmála áður en rannsóknar- og þróunarverkefni var valið. Að lokum ætti að breyta 8. Gr. reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 til að heimila samsetningar fjármögnunar Sambandsins undir miðlægri stjórn og ríkisáðstoðar sem nemur allt að heildarkostnaði verkefnis.
- 27) Því ætti að breyta reglugerðum (ESB) nr. 651/2014 og (ESB) 2022/2473 til samræmis við það.

<sup>(25)</sup> Tilskipun ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu ramma Bandalagsins fyrir skattlagningu orkugjafa og raforku (Stjtið. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 51).

<sup>(26)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2473 frá 14. desember 2022 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar til fyrirtækja sem eru virk í framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu fisk- og lagareldisafurða sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (Stjtið. ESB, L 327, 21.12.2022, bls. 82).

<sup>(27)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar - Fjárfestingaráætlun fyrir sjálfbæra Evrópu – Fjárfestingaráætlun fyrir Grænt samkomulag í Evrópu, COM(2020) 21 lokagerð.

<sup>(28)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/697 frá 29. apríl 2021 um að koma á fót evrópska varnarsjóðnum og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) 2018/1092 (Stjtið. ESB L 170, 12.5.2021, bls. 149).

<sup>(29)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1092 frá 18. júlí 2018 um að koma á fót Evrópsku iðnþróunaráætluninni á sviði varnarmála með það að markmiði að styðja samkeppnis- og nýsköpunarhæfni innan varnarmálaíðnaðar Sambandsins (Stjtið. ESB L 200, 7.8.2018, bls. 30).

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr

Reglugerð (ESB) nr. 651/2014 er breytt sem hér segir:

## 1) Ákvæðum 1. Gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað a-liðar 2. Mgr. Kemur eftirfarandi:

„a) kerfi skv. 1. Þætti (að undanskilinni 15. Gr.), 2. Þætti (að undanskilinni 19. Gr. C og 19. Gr. d), 3., 4. Og 7. Þætti (að undanskilinni 44. Gr.) og 10. Þætti III. Kafla þessarar reglugerðar, ef árlegt meðalfjármagn til ríkisaðstoðar á hvert aðildarríki fer yfir 150 milljónir evra, frá og með sex mánuðum eftir að þau öðlast gildi, sem og aðstoð sem komið er til framkvæmda í formi fjármálaafurða skv. 16. Þætti III. Kafla, ef árlegt meðalfjármagn til ríkisaðstoðar á hvert aðildarríki fer yfir 200 milljónir evra, frá og með sex mánuðum eftir að þau öðlast gildi. Að því er varðar aðstoð skv. 16. Þætti III. Kafla þessarar reglugerðar skal einungis hafa hliðsjón af framlögum frá aðildarríki til aðildarríkislutarins í ESB-ábyrgðinni, sem um getur í b-lið 1. Mgr. 9. Gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/523 (\*), sem eru eyrnamerkt sérstakri fjármálaafurð, við mat á því hvort árlegt meðalfjármagn þess aðildarríkis til ríkisaðstoðar í tengslum við fjármálaafurðina fari yfir 200 milljónir evra. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að þessi reglugerð skuli gilda lengur hvað varðar þessi aðstoðarkerfi eftir að hafa metið viðeigandi matsáætlun sem aðildarríkið tilkynnir til framkvæmdastjórnarinnar innan 20 virkra daga frá því að kerfið öðlast gildi. Ef framkvæmdastjórnin hefur þegar framlengt beitingu þessarar reglugerðar um meira en upphaflegu sex mánuðina að því er slík kerfi varðar geta aðildarríki ákveðið að framlengja gildistíma slíkra kerfa til loka gildistíma þessarar reglugerðar, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi lagt fram matsskýrslu í samræmi við matsáætlunina sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/523 frá 24. Mars 2021 um að koma á fót InvestEU-áætlun Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/1017 (Stjtið. ESB L 107, 26.3.2021, bls. 30).“

## b) Í stað a- og b-liðar 3. Mgr. Kemur eftirfarandi:

„a) aðstoð sem er veitt innan sjávarútvegs- og lagareldisgeirans, innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1379/2013 (\*) með eftirfarandi undantekningum:

- þjálfunaraðstoð,
- aðstoð að því er varðar aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni,
- aðstoð á sviði rannsókna og þróunar,
- nýsköpunaraðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki,
- aðstoð vegna starfsmanna sem standa höllum fæti og fatlaðra starfsmanna,
- svæðisbundin fjárfestingaraðstoð á ystu svæðum,
- svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi,
- aðstoð vegna samfélagsverkefna um staðbundna þróun,
- aðstoð til verkefna innan evrópskrar svæðasamvinnu,
- frá og með 1. Júlí 2023, aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum samkvæmt f-lið 1. Mgr. 15. Gr. og 3. Mgr. 15. Gr. tilskipunar ráðsins 2003/96/EB (\*\*),
- aðstoð vegna fjármálaafurða sem njóta stuðnings InvestEU-sjóðsins, þó ekki starfsemi á skrá í 1. Mgr. 1. Gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 717/2014 (\*\*\*),
- aðstoð til örfyrirtækja í formi opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma, sem um getur í 19. Gr. c,
- aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í formi tímabundinnar opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma sem framleiddur er með jarðgasi eða raforku til að draga úr áhrifum verðhækkana í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu, sem um getur í 19. Gr. d,

- b) aðstoð sem er veitt til frumframleiðslu í landbúnaði, þó ekki svæðisbundin fjárfestingaraðstoð á ystu svæðum, svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi, aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, aðstoð vegna áhættufjármögnunar, aðstoð til rannsókna og þróunar, nýsköpunaraðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki, aðstoð vegna umhverfismála, þjálfunaraðstoð, aðstoð vegna starfsmanna sem standa höllum fæti og fatlaðra starfsmanna, aðstoð til samfélagsverkefna um staðbundna þróun, aðstoð til verkefna innan evrópskrar svæðasamvinnu, aðstoð vegna fjármálaafurða sem njóta stuðnings InvestEU-sjóðsins, aðstoð til örfyrirtækja í formi opinberrar ihlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma, sem um getur í 19. Gr. c, og aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í formi tímabundinnar opinberrar ihlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma sem framleiddur er með jarðgasi eða raforku til að draga úr áhrifum verðhækkana í kjölfar árásarstriðs Rússlands gegn Úkraínu, sem um getur í 19. gr. d,

- (\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1379/2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir fisk- og lagareldisafurðir, um breytingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1184/2006 og (EB) nr. 1224/2009 og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000 (Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 1).
- (\*\*) Tilskipun ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu ramma Bandalagsins fyrir skattlagningu orkugjafa og raforku (Stjtið. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 51).
- (\*\*\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 717/2014 frá 27. júní 2014 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð í sjávarútvegs- og lagareldisgeiranum (Stjtið. ESB L 190, 28.6.2014, bls. 45).“

c) Eftirfarandi 6. mgr. bætist við:

„6. Ákvæði 7. þáttar III. kafla þessarar reglugerðar skulu ekki gilda um ríkisaðstoðarráðstafanir vegna framleiðslu á kjarnorku.“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a- og b-liðar 18. liðar kemur eftirfarandi:

„a) Þegar um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð (þó ekki lítið eða meðalstórt fyrirtæki sem hefur verið starfrækt skemur en í þrjú ár eða, að því er varðar aðstoðarhæfi vegna áhættufjármögnunar, lítið eða meðalstórt fyrirtæki sem uppfyllir skilyrðin í b-lið 3. mgr. 21. gr. og uppfyllir skilyrði fyrir áhættufjármagnsfjárfestingu eftir áreiðanleikakönnun sem valinn fjármálamilliliður annast), þar sem meira en helmingur skráðs hlutafjár hefur glatast vegna uppsafnaðs taps. Þetta á við þegar frádráttur uppsafnaðs taps frá varasjóði (og öllum öðrum þáttum sem almennt eru taldir hluti af eiginfjárgrunni félagsins) leiðir til neikvæðrar uppsafnaðrar fjárhæðar sem er hærri en helmingur skráðs hlutafjár. Að því er þetta ákvæði varðar á „félag með takmarkaðri ábyrgð“ einkum við um þær tegundir félaga sem um getur í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB (\*) og „hlutafé“ felur í sér, þar sem við á, hvers kyns yfirverð á hlutafé.

b) Þegar um er að ræða félag þar sem a.m.k. einhverjir aðilar þess bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins (þó ekki lítið eða meðalstórt fyrirtæki sem hefur verið starfrækt skemur en í þrjú ár eða, að því er varðar aðstoðarhæfi vegna áhættufjármögnunar, lítið eða meðalstórt fyrirtæki sem uppfyllir skilyrðin í b-lið 3. mgr. 21. gr. og uppfyllir skilyrði fyrir áhættufjármagnsfjárfestingu eftir áreiðanleikakönnun sem valinn fjármálamilliliður annast), þar sem meira en helmingur skráðs hlutafjár, sem fram kemur í bókhaldi félagsins, hefur glatast vegna uppsafnaðs taps. Að því er þetta ákvæði varðar á „félag þar sem a.m.k. einhverjir aðilar þess bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins“ einkum við þær tegundir félaga sem um getur í II. viðauka við tilskipun 2013/34/ESB.

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).“

b) Í stað 20. liðar kemur eftirfarandi:

„20) „aðlöguð aðstoðarfjárhæð“: leyfð hámarksfjárhæð aðstoðar vegna stórs fjárfestingarverkefnis, reiknuð í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\text{aðlöguð aðstoðarfjárhæð} = R \times (A + 0,50 \times B + 0 \times C)$$

þar sem: R er það hámarksaðstoðarhlutfall sem gildir á viðkomandi svæði, að undanskildu auknu aðstoðarhlutfalli fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki; A er sá hluti aðstoðarhæfs kostnaðar sem samsvarar 55 milljónum evra, B er sá hluti aðstoðarhæfs kostnaðar sem er frá 55 milljónum evra til 110 milljóna evra og C er sá hluti aðstoðarhæfs kostnaðar sem er yfir 110 milljónir evra,“.

c) Í stað 27. liðar kemur eftirfarandi:

„27) „aðstoðarsvæði“: svæði tilgreind á korti yfir svæðisbundna aðstoð sem hefur verið samþykkt við beitingu a- og c-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og er í gildi á þeim tíma sem aðstoðin er veitt,“.

d) Í stað 32. liðar kemur eftirfarandi:

„32) „hrein aukning í fjölda starfsmanna“: hrein aukning í fjölda starfsmanna hjá viðkomandi fyrirtæki í samanburði við meðaltal yfir tiltekið tímabil, eftir að fjöldi starfa sem tapast á tímabilinu hefur verið dreginn frá þeim fjölda starfa sem urðu til á því tímabili. Reikna verður fjölda starfsmanna í fullu starfi, hlutastarfi og í árstíðabundnu starfi með hliðsjón af broti úr ársverki.“

e) Í stað 34. liðar kemur eftirfarandi:

„34) „fjármálamilliliður“: fjármálastofnun, óháð formi hennar og eignarhaldi, þ.m.t. sjóðasjóðir, lokaðir fjárfestingarsjóðir, opinberir fjárfestingarsjóðir, bankar, örfjármögnunarstofnanir og ábyrgðarfélög.“

f) Eftirfarandi liðir 39a og 39b bætast við:

„39a) „eðlilegir skilmálar ótengdra aðila (armslengdarreglan)“: skilmálar í viðskiptum milli samningsaðila eru ekki frábrugðnir þeim sem mælt er fyrir um milli ótengdra fyrirtækja og fela að engu leyti í sér leyntlegt samráð. Viðskipti, sem leiðir af opnu og gagnsæju ferli án mismununar, eru talin uppfylla armslengdarregluna,

39b) „skriflegt“: hvers kyns skriflegt skjal, þ.m.t. rafræn skjöl, að því tilskildu að slík rafræn skjöl teljist jafngild samkvæmt viðeigandi stjórnsýslumeðferð og löggjöf í hlutaðeigandi aðildarríki,“.

g) Ákvæði 40. liðar falla brott.

h) Í stað 42. og 43. liðar kemur eftirfarandi:

„42) „svæðisbundin rekstraraðstoð“: aðstoð til að draga úr rekstrarútgjöldum fyrirtækis, þ.m.t. flokkar eins og starfsmannakostnaður, efniskostnaður, kostnaður vegna umsaminnar þjónustu, fjarskipta, orku, viðhalds, leigu, stjórnunar, en undanskilinn er kostnaður vegna afskrifta og fjármögnunar í tengslum við fjárfestingu sem hefur notið fjárfestingaraðstoðar,

43) „stáliðnaður“: framleiðsla á einni eða fleiri af eftirfarandi vörum:

a) hrájárni og járnblendi:

hrájárni til framleiðslu á stáli, steypu og öðru hrájárni, spegiljárni og kolefnisríku járnangani, að frátöldu öðru járnblendi,

b) hrávörum og hálfunnum vörum úr járn, venjulegu stáli eða eðalstáli:

fljótandi stáli hvort sem það er steypt í málmhleifa eða ekki til smíða á hálfunnum vörum: blokkir, hellur og plötur; þynnur og blikkrenningar, heitvalsað plötuefni í rúllum, að undanskilinni framleiðslu á fljótandi stáli til smíða í litlum og meðalstórum málmsteypum,

- c) heitfáguðum vörum úr járn, venjulegu stáli eða eðalstáli, sem eru:

teinar, brautarbitar, tengispangir, undirstöðuplötur, efnismiklir prófilar 80 mm og þar yfir, þilstál, teinar og prófilar undir 80 mm og flatjárn sem er undir 150 mm, stálstangir, stálrör og stálprófilar, heitvölsuð bönd og ræmur (þ.m.t. ræmur til framleiðslu á rörum), heitvalsaðar þynnur (húðaðar eða ekki), 3 mm plötur og þynnur og þar yfir, breitt flatjárn 150 mm og þar yfir, að undanskildum vír og vörum unnum úr vír, glansstangir og steypujárn,

- d) kaldvölsuðum vörum, sem eru:

blikkplötur, blýblandaðar plötur, svart stál, galvanhúðaðar þynnur, aðrar húðaðar þynnur, kaldvalsaðar þynnur, spenna- og rafalablikk, kaldvalsaðar plötur, í vafningum eða sléttar,

- e) rörum, sem eru:

saumlaus stálrör, soðin stálrör meira en 406,4 mm að þvermáli,“.

- i) Eftirfarandi liður 43a bætist við:

„43a) „brúnkol“: lággæðakol í flokki C (ortó-brúnkol) og lággæðakol í flokki B (meta-brúnkol) í skilningi alþjóðaflokkunarkerfisins fyrir kol sem efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu kom á fót,“.

- j) Ákvæði 44. liðar falla brott.

- k) Í stað 45. liðar kemur eftirfarandi:

„45) „flutningageiri“: farþegaflutningar með loftfari, sjóflutningar, flutningar á vegum, með járnbrautum eða eftir skipgengum vatnaleiðum eða vöruflutningaþjónusta gegn gjaldi; nánar tiltekið er „flutningsgeiri“ eftirfarandi starfsemi, samanber atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.) sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 (\*):

a) Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 49: Flutningar á landi og eftir leiðslum, að undanskildum atvinnugreinum 49.32 Rekstur leigubíla, 49.39 Rekstur svifbrauta, togbrauta á teinum, skíðalyfta og kláfa ef þau eru ekki hluti af samgöngukerfum í þéttbýli og úthverfum, 49.42 Flutningsþjónusta, 49.5 Flutningar eftir leiðslum,

b) Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 50: Flutningur á sjó og vatnaleiðum,

c) Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 51: Flutningar í lofti, að undanskilinni atvinnugrein 51.22 Geimflutningar,

---

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).“

- l) Eftirfarandi liður 47a bætist við:

„47a) „lok fjárfestingar“: þegar landsbundið yfirvald lítur svo á að fjárfestingu sé lokið eða, ef slíkt liggur ekki fyrir, þremur árum eftir upphaf verks,“.

- m) Í stað 49., 50. og 51. liðar kemur eftirfarandi:

„49) „nýfjárfesting“: eitt af eftirfarandi:

a) fjárfesting í efnislegum og óefnislegum eignum, sem tengjast einu eða fleiri af eftirfarandi:

— stofnun nýrrar starfsstöðvar,

— aukinni afkastagetu starfandi starfsstöðvar,

- aukinni fjölbreytni í framleiðslu starfstöðvar á vörum sem hafa ekki áður verið framleiddar eða þjónustu sem ekki hefur áður verið veitt í starfsstöðinni eða
  - grundvallarbreytingu á heildarframleiðsluferli vörunnar eða varanna eða heildarveitingu þjónustunnar sem fjárfestingin í starfsstöðinni varðar,
- b) yfirtaka á eignum sem tilheyra starfsstöð sem hefur verið lokað, eða hefði lokað ef hún hefði ekki verið keypt. Yfirtaka á hlutum fyrirtækis ein og sér telst ekki nýfjárfesting.

Endurnýjunarfjárfesting telst því ekki vera nýfjárfesting,

50) „sams konar eða svipuð starfsemi“: starfsemi í sama flokki (fjögurra tölustafa talnakóði) atvinnugreina-flokkunar Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.),

51) „nýfjárfesting sem skapar nýja atvinnustarfsemi“:

a) fjárfesting í efnislegum og óefnislegum eignum, sem tengjast öðru eða hvoru tveggja af eftirfarandi:

— stofnun nýrrar starfsstöðvar,

— aukinni fjölbreytni í starfsemi starfsstöðvar, að því tilskildu að nýja starfsemin sé ekki sams konar eða svipuð starfsemi og sú sem áður var stunduð í starfsstöðinni, eða

b) yfirtaka eigna sem tilheyra starfsstöð sem hefur verið lokað, eða hefði lokað ef hún hefði ekki verið keypt, að því tilskildu að nýja starfsemin, sem á að stunda með því að nota yfirteknu eignirnar, sé ekki sams konar eða svipuð starfsemi og sú sem áður var stunduð í starfsstöðinni fyrir yfirtökuna.

Yfirtaka á hlutum fyrirtækis ein og sér telst ekki vera nýfjárfesting sem skapar nýja atvinnustarfsemi,“.

n) Í stað 72. og 73. liðar kemur eftirfarandi:

„72) „sjálfstæður einkafjárfestir“: fjárfestir sem er einkaaðili og sjálfstæður, eins og skilgreint er í þessum lið. Með „einkafjárfestum“ er átt við fjárfesta sem, án tillits til skipulags eignarhalds þeirra, leita eingöngu viðskiptahagsmuna, nota eigin fjármuni og bera alla áhættu að því er varðar fjárfestingu sína, og eru einkum: lánastofnanir sem fjárfesta á eigin ábyrgð og með eigin fjármagni, einkaframlög og -sjóðir, fjölskyldufyrirtæki (e. *family offices*) og viðskiptaenglar, fyrirtækjafjárfestar (e. *corporate investors*), váttryggingafélög, lífeyrissjóðir, háskólastofnanir sem og einstaklingar hvort sem þeir stunda atvinnu-starfsemi eða ekki. Fjárfestingarbanki Evrópu, Fjárfestingarsjóður Evrópu, alþjóðleg fjármálastofnun þar sem aðildarríki er hluthafi eða lögaðili sem stundar fjármálastarfsemi í atvinnuskyni og hefur fengið umboð frá aðildarríki eða aðila aðildarríkis á miðlægum, svæðisbundnum eða staðbundnum vettvangi til að sinna þróunar- eða stuðningsstarfsemi (landsbundinn stuðningsbanki eða önnur stuðningsstofnun) eru ekki talin einkafjárfestar að því er varðar þessa skilgreiningu. „Sjálfstæður“ fjárfestir er fjárfestir sem er ekki hluthafi í aðstoðarhæfa fyrirtækinu sem hann fjárfestir í. Með tilliti til framhaldsfjárfestinga heldur fjárfestir áfram að vera „sjálfstæður“ ef hann telst vera sjálfstæður fjárfestir í fyrri fjárfestingarlotu. Við stofnun nýs félags eru allir einkafjárfestar, þ.m.t. stofnendur, í slíku nýju félagi taldir óháðir því félagi,

73) „einstaklingur“: að því er varðar 21. gr. a og 23. gr. aðili annar en lögaðili og sem er ekki fyrirtæki að því er 1. mgr. 107. gr. sáttmálans varðar,“.

o) Í stað 79. liðar kemur eftirfarandi:

„79) „umsjónaraðili“: Fjárfestingarbanki Evrópu og Fjárfestingarsjóður Evrópu, alþjóðleg fjármálastofnun þar sem aðildarríki er hluthafi, lögaðili sem stundar fjármálastarfsemi í atvinnuskyni og hefur fengið umboð frá aðildarríki eða aðila aðildarríkis á miðlægum, svæðisbundnum eða staðbundnum vettvangi til að sinna þróunar- eða kynningarstarfsemi (stuðningsbanki eða önnur stuðningsstofnun). Umsjónaraðilinn er hægt að velja eða skipa beint í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB (\*) eða í samræmi við iii. tölul. b-liðar 4. mgr. 38. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 (\*\*) eða 3. mgr. 59. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1060 (\*\*\*), eftir því sem við á,

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtið. ESB L 94, 29.3.2014, bls. 65).

(\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 um sameiginleg ákvæði um Byggaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar, Sjávarútvegssjóð Evrópu og um almenn ákvæði um Byggaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn og Sjávarútvegssjóð Evrópu og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1083/2006 (Stjtið ESB L 347, 20.12.2013, bls. 320).

(\*\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1060 frá 24. júní 2021 um almenn ákvæði um Byggaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu+, Samheldnisjóðinn, Sjóðinn fyrir sanngjörn umskipti og Sjávarútvegs- og fiskeldissjóð Evrópu og fjárhagsreglur fyrir þá og Sjóðinn vegna hælismála, fólksflutninga og aðlögunar, Sjóðinn fyrir innra öryggi og fjármögnunarleiðina til fjárstuðnings við landamæra stjórnum og stefnu í vegabréfsáritunarmálum (Stjtið. ESB L 231, 30.6.2021, bls. 159).“

p) Í stað 80. liðar kemur eftirfarandi:

„80) „nýsköpunarfyrirtæki“: fyrirtæki sem uppfyllir eitt eftirtalinna skilyrða:

a) það getur sýnt fram á, með mati sem utanaðkomandi sérfræðingur framkvæmir, að það muni í fyrirsjáanlegri framtíð þróa vörur, þjónustu eða verkferla sem eru nýir eða verulega endurbættir miðað við það sem best gerist í viðkomandi atvinnugrein og sem hætta er á að mistakist í tæknilegu eða atvinnulegu tilliti,

b) rannsóknar- og þróunarkostnaður þess nemur a.m.k. 10% af heildarreikstrarkostnaði á a.m.k. einu ári af þremur áður en aðstoðin er veitt eða, þegar um er að ræða sprotafyrirtæki og ekki er um nein fullfrágengin reikningsskil að ræða, í endurskoðun á yfirstandandi reikningstímabili eins og vottað er af ytri endurskoðanda,

c) á þeim þremur árum áður en aðstoðin er veitt hefur það: i. fengið gæðamerkið öndvegissinnisgli sem Evrópska nýsköpunarráðið veitir í samræmi við Horizon 2020-vinnuáætlunina fyrir 2018–2020 sem samþykkt var með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2017)7124 (\*) eða 2. gr. (23. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/695 (\*\*); eða, ii. tekið við fjárfestingu úr sjóði evrópska nýsköpunarráðsins, s.s. fjárfestingu í tengslum við áætlunina um hraðal eins og um getur í 7. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2021/695,

- d) á þeim þremur árum áður en aðstoðin er veitt hefur það: i. tekið þátt í aðgerð innan ramma geimframfæringsverkefnis framkvæmdastjórnarinnar „CASSINI“ (s.s. Business Accelerator eða Matchmaking) (\*\*), eða ii. fengið fjárfestingu úr CASSINI sprota- og vaxtarfjármögnunarsjóðnum (e. *CASSINI Seed and Growth Funding Facility*) eða samkvæmt áætluninni InnovFin Space Equity Pilot, eða iii. fengið CASSINI-verðlaun, eða iv. fengið fjármögnun í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/695 á sviði geimrannsóknna sem hefur leitt til stofnunar sprotafyrirtækis, v. eða fengið fjármögnun sem aðstoðarþegi rannsókna- og þróunaraðgerðar á vegum evrópska varnarsjóðsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/697 (\*\*\*\*), eða vi. fengið fjármögnun samkvæmt Evrópsku iðnþróunaráætluninni á sviði varnarmála í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1092 (\*\*\*\*\*),

- 
- (\*) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2017)7124 frá 27. október 2017 um samþykkt vinnuáætlunar fyrir 2018-2020 innan ramma séráætlunar um framkvæmd Horizon 2020 – rammaáætlunarinnar um rannsóknir og nýsköpun (2014-2020) og um fjármögnun vinnuáætlunarinnar fyrir 2018.
- (\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/695 frá 28. apríl 2021 um að koma á fót Horizon Europe – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun, um reglur hennar um þátttöku og miðlun og um niðurfellingu reglugerða (ESB) nr. 1290/2013 og (ESB) nr. 1291/2013 (Stjtið. ESB L 170, 12.5.2021, bls. 1).
- (\*\*\*) CASSINI-framfæringsverkefnið, sem var fyrst tilkynnt um í „Stefnuáætlun lítilla og meðalstórra fyrirtækja fyrir sjálfbæra og stafræna Evrópu“ (COM(2020) 103 lokagerð frá 10.3.2020), er safn markvissra aðgerða sem miða m.a. að því að auðvelda aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem starfa í geimgeiranum að áhættufjármagni til að fjármagna stækkun þeirra.
- (\*\*\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/697 frá 29. apríl 2021 um að koma á fót evrópska varnarsjóðnum og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) 2018/1092 (Stjtið. ESB L 170, 12.5.2021, bls. 149).
- (\*\*\*\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1092 frá 18. júlí 2018 um að koma á fót Evrópsku iðnþróunaráætluninni á sviði varnarmála með það að markmiði að styðja samkeppnis- og nýsköpunarhæfni innan varnarmálaíðnaðar Sambandsins (Stjtið. ESB L 200, 7.8.2018, bls. 30).“

- q) Í stað 81. liðar kemur eftirfarandi:

- „81) „óhefðbundinn viðskiptavettvangur“: markaðstorg fjármálagerninga eins og það er skilgreint í 22. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (\*) þar sem a.m.k. 50% fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eru gefnir út af litlum og meðalstórum fyrirtækjum,

- 
- (\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).“

- r) Í stað 85. og 86. liðar kemur eftirfarandi:

- „85) „iðnaðarrannsóknir“: skipulegar rannsóknir eða veigamiklar athuganir sem beinast að því að afla nýrrar þekkingar og færni til að þróa nýjar vörur, ferla eða þjónustu eða beinast að því að koma í kring mikilvægum umbótum á vörum, ferlum eða þjónustu sem fyrir eru, þ.m.t. stafrænar framleiðsluvörur, ferlar eða þjónusta, innan allra sviða, tækni, atvinnugreina eða geira (þ.m.t., en ekki takmarkað við, stafrænar atvinnugreinar og tækni, s.s. ofurtölvuvinnsla, skammtatækni, bálkakeðjutækni, gervigreind, netöryggi, störgögn og skjjatækni).

Iðnaðarrannsóknir fela í sér gerð íhluta í flókin kerfi og geta falið í sér smíði frumgerða í rannsóknarstofumhverfi eða umhverfi með viðmótseftirlíkingu á fyrirliggjandi kerfum og einnig tilraunalína þegar nauðsyn krefur vegna iðnaðarrannsókna og þá einkum vegna almennrar fullgildingar á tækni,

- 86) „þróunarstarf“: öflun, sameining, mótun og notkun á fyrirbyggjandi vísindalegri, tæknilegri, viðskiptalegri og annarri viðeigandi þekkingu og kunnáttu í því skyni að þróa nýjar eða endurbættar vörur, verkferla eða þjónustu, þ.m.t. stafrænar framleiðsluvörur, ferla eða þjónustu, innan allra sviða, tækni, atvinnugreina eða geira (þ.m.t., en ekki takmarkað við, stafrænar atvinnugreinar og tækni, s.s. ofurtölvuvinnslu, skammta-tækni, bálkakeðjutækni, gervigreind, netöryggi, störgögn eða skýjataekni). Þetta getur t.d. einnig tekið til starfsemi sem miðar að hugmyndalegri skilgreiningu, áætlanagerð og skrásetningu nýrra vara, verkferla eða þjónustu.

Þróunarstarf getur falið í sér framleiðslu frumgerða, sýniverkefni, tilraunaverkefni, prófun og fullgildingu nýrra eða endurbættra vara, verkferla eða þjónustu í umhverfi sem er dæmigert fyrir raunveruleg vinnsluskilyrði þar sem aðalmarkmiðið er að gera frekari tæknilegar endurbætur á vörum, verkferlum eða þjónustu sem er ekki endanlega tilbúin. Í þessu getur falið þróun á frumgerð eða tilraunaverkefni, sem hægt er að nota í viðskiptaskyni, sem þarf að vera fullunnin verslunarvara og sem of kostnaðarsamt er að framleiða til þess eins að nota til kynningar og fullgildingar.

Þróunarstarf felur ekki í sér venju- eða reglubundnar breytingar á fyrirbyggjandi vörum, framleiðslulínum, framleiðsluferlum, þjónustu og annarri fyrirbyggjandi starfsemi, jafnvel þótt þessar breytingar geti talist til endurbóta,“.

- s) Ákvæði 89. liðar falla brott.

- t) Eftirfarandi liður 90a bætist við:

„90a) „notkun í tilgangi sem ekki varðar varnarmál“: að því er varðar 25. gr. e, notkun annarra vara en varnartengdra vara sem eru á skrá í viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB (\*).

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins (Stjtið. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 1).“

- u) Í stað 92. liðar kemur eftirfarandi:

„92) „nýsköpunarklasar“: kerfi eða skipulagðir hópar sjálfstæðra aðila (s.s. sprotafyrirtæki á sviði nýsköpunar, lítil, meðalstór og stór fyrirtæki, auk stofnana á sviði rannsókna og þekkingarmiðlunar, rannsóknainnviða, prófunar- og tilraunainnviða, miðstöðva stafrænnar nýsköpunar (e. Digital Innovation Hubs), stofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni og annarra tengdra rekstraraðila) sem ætlað er að örva nýsköpunarstarfsemi og nýjar samstarfsaðferðir, s.s. með stafrænum hætti, með því að samnýta og/eða stuðla að samnýtingu aðstöðu og skiptast á þekkingu og sérþekkingu og með því að stuðla með virkum hætti að miðlun tækniþekkingar, tengslamyndun, miðlun upplýsinga og samstarfi meðal fyrirtækjanna og annarra stofnana í klasanum. Miðstöðvar stafrænnar nýsköpunar, þ.m.t. evrópskar miðstöðvar stafrænnar nýsköpunar sem eru fjármagnaðar samkvæmt áætluninni um stafræna Evrópu sem stjórnað er miðlægt og komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/694\*, eru aðilar sem hafa það að markmiði að hvetja til viðtækrar upptöku iðnaðarins (einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja) og stofnana hins opinbera á stafrænni tækni, s.s. gervigreind, skýjavinnslu, tölvuvinnslu í nærumhverfi og stórvirkri tölvuvinnslu og netöryggi. Miðstöðvar stafrænnar nýsköpunar geta sjálfar talist nýsköpunarklasar að því er varðar þessa reglugerð.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/694 frá 29. apríl 2021 um að koma á fót áætlun um stafræna Evrópu og um niðurfellingu á ákvörðun (ESB) 2015/2240 (Stjtið. ESB L 166, 11.5.2021, bls. 1).“

- v. Í stað 94. til 97. liðar kemur eftirfarandi:

„94) „ráðgjafarþjónusta á sviði nýsköpunar“: ráðgjöf, aðstoð eða þjálfun á sviði þekkingarmiðlunar, kaupa, verndar og nýtingar óefnislegra eigna eða beitingar á stöðlum og reglum um þá, sem og ráðgjöf, aðstoð eða þjálfun varðandi innleiðingu eða notkun á nýsköpunartækni og -lausnum (þ.m.t. stafræn tækni og lausnir),

- 95) „stuðningsþjónusta á sviði nýsköpunar“: útvegur skrifstofurýmis, gagnagrunna, skýja- og gagnageymsluþjónustu, bókasafna, markaðsrannsóknna, rannsóknarstofa, gæðamerkinga, prófana, tilrauna og vottana eða annarrar tengdrar þjónustu, þ.m.t. þjónusta stofnana á sviði rannsókna og þekkingarmiðlunar, rannsóknainnviða, prófunar- og tilraunainnviða eða nýsköpunarklasa, í þeim tilgangi að þróa skilvirkari eða tæknilega þróaðri vörur, verkferla eða þjónustu, þ.m.t. framkvæmd nýsköpunartækni og -lausna (þ.m.t. stafræn tækni og lausnir),
- 96) „nýsköpun á sviði skipulags“: framkvæmd nýrrar aðferðar í tengslum við skipulag á stigi fyrirtækis (á samstæðustigi í viðkomandi atvinnugrein innan EES), skipulag vinnustaðar eða ytri samskipti, þar með talið t.d. með því að nota stafræna tækni sem er ný eða á sviði nýsköpunar. Undanskildar frá þessari skilgreiningu eru breytingar sem byggjast á aðferðum í skipulagi sem þegar eru í notkun hjá fyrirtækinu, breytingar á rekstrarstefnu, samruni og fyrirtækjakaup, að hætta notkun vinnsluferlis, einföld endurnýjun eða aukning hlutafjár, breytingar sem leiðir eingöngu af breytingum á þáttaverði, aðlögun, staðbinding, reglulegar, árstíðabundnar eða aðrar lotubundnar breytingar og viðskipti með nýjar eða verulega endurbættar vörur,
- 97) „nýjung í vinnsluferli“: framkvæmd nýrrar eða verulega endurbættrar aðferðar við framleiðslu eða afhendingu, þ.m.t. umtalsverðar breytingar á tækni, búnaði eða hugbúnaði, á stigi fyrirtækis (á samstæðustigi í viðkomandi atvinnugrein innan EES), þar með talið t.d. með því að nota stafræna tækni eða lausnir sem eru nýjar eða á sviði nýsköpunar. Undanskildar frá þessari skilgreiningu eru minniháttar breytingar eða endurbætur, aukning í framleiðslu- eða þjónustugetu með viðbótum við framleiðslu- eða flutningskerfi sem eru mjög líkar þeim sem þegar eru í notkun, að hætta notkun vinnsluferlis, einföld endurnýjun eða aukning hlutafjár, breytingar sem leiða eingöngu af breytingum á þáttaverði, aðlögun, staðbinding, reglulegar, árstíðabundnar eða aðrar lotubundnar breytingar og viðskipti með nýjar eða verulega endurbættar vörur,“.
- w) Eftirfarandi liður 98a bætist við:
- „98a) „prófunar- og tilraunainnviðir“: aðstaða, búnaður, geta og tilföng, s.s. prófunarbekkir, tilraunalínur, sýnitæki, prófunarbúnaður eða lifandi rannsóknarstofur, og tengd stuðningsþjónusta sem fyrst og fremst fyrirtæki nota, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, sem leita stuðnings til prófana og tilrauna til að þróa nýjar eða bætтар vörur, verkferla og þjónustu og til að prófa og uppfæra tækni, til að taka framförum með iðnaðarrannsóknum og þróunarstarfi. Aðgangur að prófunar- og tilraunainnviðum sem eru fjármagnaðir af hinu opinbera er opin mörögum notendum og hann verður að veita á grundvelli gagnsæis og án mismununar og með markaðsskilmálum. Prófunar- og tilraunainnviðir eru stundum einnig þekktir sem tækniinnviðir (\*),
- (\*) Sjá vinnuskjal framkvæmdastjórnarinnar fyrir starfsfólk, „Tækniinnviðir“, SWD(2019)158, lokagerð, 8.4.2019.“
- x) Í stað 101. og 102. liðar kemur eftirfarandi:
- „101) „umhverfisvernd“: hvers konar aðgerð eða starfsemi sem miðar að því að draga úr eða koma í veg fyrir mengun, neikvæð umhverfisáhrif eða önnur spjöll á efnislegu umhverfi (þ.m.t. á andrúmslofti, vatni og jarðvegi), vistkerfum eða náttúruauðlindum af mannavöldum, þ.m.t. að draga úr loftslagsbreytingum, að draga úr hættu á slíkum spjöllum, vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni eða stuðla að skilvirkari nýtingu á náttúruauðlindum, þ.m.t. ráðstafanir til að spara orku og nota endurnýjanlega orkugjafa og aðra tækni til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarra mengunarefna, sem og að skipta yfir í hringrásarhagkerfislíkön til að draga úr notkun á grunnefniðum og auka skilvirkni. Það nær einnig yfir aðgerðir sem styrkja aðlögunargetu og draga úr næmi fyrir loftslagsáhrifum,
- 102) „Sambandsstaðall“:
- a) lögboðinn Sambandsstaðall sem setur þau mörk sem einstök fyrirtæki verða að ná með tilliti til umhverfisverndar, að undanskildum stöðlum eða markmiðum sem sett eru á vettvangi Sambandsins og eru bindandi fyrir aðildarríkin en ekki fyrir einstök fyrirtæki, eða

- b) sú skylda að nota bestu aðgengilegu tækni [áður bestu fáanlegu tækni], eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB (\*), og að tryggja að losunargildi fari ekki yfir þau sem myndu nást þegar besta aðgengilega tækni er notuð; þar sem losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni hafa verið skilgreind í framkvæmdargerðum, sem eru samþykktar með tilskipun 2010/75/ESB eða öðrum gildandi tilskipunum, munu þessi gildi eiga við að því er þessa reglugerð varðar; ef þessi gildi eru gefin upp sem svið mun lægsta gildið, sem næst með því að nota bestu aðgengilegu tækni, eiga við fyrir viðkomandi fyrirtæki,

---

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).“

- y) Í stað liða 102a, 102b og 102c kemur eftirfarandi:

- „102a) „hleðslugrunnvirki“: fast eða færanlegt grunnvirki sem sér farartækjum eða færanlegri stöðvaraðstöðu eða færanlegum búnaði til flug- eða skipaafgreiðslu fyrir rafmagni,
- 102b) „áfyllingargrunnvirki“: fast eða færanlegt grunnvirki sem sér farartækjum eða færanlegri stöðvaraðstöðu eða færanlegum búnaði til flug- eða skipaafgreiðslu fyrir vetni,
- 102c) „endurnýjanlegt vetni“: vetni sem er framleitt með endurnýjanlegri orku í samræmi við þá aðferðafræði sem sett er fram fyrir endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 (\*),

---

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjtið. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82).“

- z) Eftirfarandi liðir 102d–102j bætast við:

- „102d) „endurnýjanleg raforka“: raforka sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001,
- 102e) „snjallhleðsla“: endurhleðsluáðgerð þar sem styrkur raforkunnar sem veitt er til rafhlöðunnar er stilltur í rauntíma á grundvelli upplýsinga sem berast með rafrænum samskiptum,
- 102f) „umhverfisvænt farartæki“:
- a) að því er varðar létt ökutæki á vegum: umhverfisvænt ökutæki eins og skilgreint er í a-lið 4. liðar 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB (\*),
- b) að því er varðar þung ökutæki á vegum:
- til 31. desember 2025, þungt ökutæki með lítilli losun eins og það er skilgreint í 12. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 (\*\*),
- til 31. desember 2025, umhverfisvænt ökutæki eins og skilgreint er í b-lið 4. liðar 4. gr. tilskipunar 2009/33/EB og sem ekki fellur undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2019/1242,
- c) að því er varðar skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum:
- skip í farþegaflutningum á skipgengum vatnaleiðum með blendings- eða tvíbrennihreyfil sem fær a.m.k. 50% af orku sinni frá eldsneyti sem er ekki með neina beina koltvísýringslosun (gegnum útblástursrör) eða frá straumi frá hleðslu fyrir venjulega starfrækslu,

- skip í vöruflutningum á skipgengum vatnaleiðum með beina koltvísýringslosun (gegnum útblástursrör) á tonnkilómetra (g CO<sub>2</sub>/tkm), reiknað út (eða áætlað ef um ný skip er að ræða) með því að nota rekstrarlegan orkunýtnivísi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, sem er 50% minni en meðaltal viðmiðunargildis fyrir losun á koltvísýringi sem er ákvarðað fyrir þung farartæki (undirhópur ökutækja 5-LH) í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1242,

d) að því er varðar hafskip:

- sjó- og strandferðaskip til farþegaflutninga, vöruflutninga, hafnar- eða hjálparstarfsemi sem i. hefur blendings- eða tvíbrennihreyfil sem fær a.m.k. 25% af orku sinni frá eldsneyti sem er ekki með neina beina koltvísýringslosun (gegnum útblástursrör) eða frá straumi frá hleðslu fyrir venjulega starfrækslu á sjó og í höfnum, eða ii. hefur náð gildi fyrir orkunýtnivísitölu hönnunar frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni sem er 10% undir kröfunum um orkunýtnivísitölu hönnunar frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni sem eru í gildi 1. apríl 2022 og getur gengið fyrir eldsneyti sem er ekki með neina beina koltvísýringslosun (gegnum útblástursrör) eða eldsneyti frá endurnýjanlegum orkugjöfum,
- sjó- og strandferðaskip til vöruflutninga sem er eingöngu notað til að starfrækja strandþjónustu og þjónustu á stuttum sjóleiðum, sem er ætlað að stuðla að umskiptum í flutningum á vörum, sem nú eru fluttar á landi, yfir í flutninga á sjó, og sem er með beina koltvísýringslosun (gegnum útblástursrör), sem er reiknuð út með því nota orkunýtnivísitölu hönnunar frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni, sem er 50% lægri en meðaltal viðmiðunargildis fyrir losun á koltvísýringi sem er ákvarðað fyrir þung farartæki (undirhópur ökutækja 5-LH) eins og birt er í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1242,

e) að því er varðar járnbrautarvagna: járnbrautarvagnar sem eru ekki með neina beina koltvísýringslosun gegnum útblástursrör þegar þeir eru starfræktir á brautarspori með nauðsynlegum grunnvirkjum og nota hefðbundinn hreyfil þegar slík grunnvirki eru ekki tiltæk (rafmagn-dísilolía),

102g) „farartæki með engri losun“:

- a) að því er varðar ökutæki á tveimur og þremur hjólum og fjórhjól: ökutæki sem fellur undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 (\*\*\*) sem er ekki með neina koltvísýringslosun gegnum útblástursrör, reiknað út í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 24. gr. og V. viðauka við þá reglugerð,
- b) að því er varðar létt ökutæki á vegum: ökutæki í flokki M1, M2 eða N1 sem eru ekki með neina koltvísýringslosun gegnum útblástursrör, eins og hún er ákvörðuð í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 (\*\*\*\*),
- c) að því er varðar þung ökutæki á vegum: þungt ökutæki með engri losun eins og skilgreint er í 5. lið 4. gr. tilskipunar 2009/33/EB,
- d) að því er varðar skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum: skip í farþega- og vöruflutningum á skipgengum vatnaleiðum sem er ekki með neina beina koltvísýringslosun (gegnum útblástursrör/ útblástur),
- e) að því er varðar hafskip: sjó- og strandferðaskip til farþegaflutninga, vöruflutninga, hafnar- eða hjálparstarfsemi sem er ekki með neina beina koltvísýringslosun (gegnum útblástursrör),
- f) að því er varðar járnbrautarvagna: járnbrautarvagnar sem eru ekki með neina beina koltvísýringslosun (gegnum útblástursrör),

102h) „farartæki“: eitthvað af eftirtöldu:

- a) ökutæki á vegum í flokki M1, M2, N1, M3, N2, N3 eða L,
- b) skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum eða sjó- og strandferðaskip til farþega- eða vöruflutninga,
- c) járnbrautarvagnar,
- d) loftför,

- 102i) „færanlegur búnaður til flug- eða skipaafgreiðslu“: færanlegur búnaður sem er notaður í þjónustustarfsemi tengdri loft- eða sjóflutningum,
- 102j) „færanleg stöðvaraðstaða“: færanlegur búnaður sem er notaður við fermingu, affermingu og umfermingu á vörum og samþættum fermingareiningum, og til að flytja farm innan athafnasvæðis stöðvar,

- 
- (\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB frá 23. apríl 2009 um að stuðla að notkun á umhverfissvænum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum til að styðja við hreyfanleika með lítilli losun (Stjtið. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 5).
- (\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, þung ökutæki og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 595/2009 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 og tilskipun ráðsins 96/53/EB (Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 202).
- (\*\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðsefirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).
- (\*\*\*\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtið. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).“

aa) Í stað 103. liðar kemur eftirfarandi:

- „103) „orkunýtni“: orkunýtni eins og hún er skilgreind í 4. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB (\*),

- 
- (\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtið. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).“

bb) Í stað liðar 103a kemur eftirfarandi:

- „103a) „frumorka“: orka frá endurnýjanlegum og óendurnýjanlegum orkugjöfum sem hefur ekki farið í gegnum umbreytingar- eða ummyndunarferli,“.

cc) Ákvæði liðar 103b falla brott.

dd) Í stað liðar 103d kemur eftirfarandi:

- „103d) „snjallhæfi“: geta byggingar eða byggingareininga til að laga rekstur sinn að þörfum íbúanna, s.s. með því að hámarka orkunýtni og heildarnýtingu og laga rekstur sinn að merkjum frá orkunetinu,“.

ee) Í stað liðar 103e kemur eftirfarandi:

- „103e) „smærra meðalverðmætt fyrirtæki“: fyrirtæki sem er ekki lítið eða meðalstórt fyrirtæki, er með starfsmannafjölda undir 499 starfsmönnum, reiknað í samræmi við 3.–6. gr. I. viðauka, ársveltu undir 100 milljón evrum eða efnahagsreikning undir 86 milljón evrum; telja skal nokkrar einingar sem eitt fyrirtæki ef einhver þeirra skilyrða sem fram koma í 3. mgr. 3. gr. I. viðauka eru uppfyllt. Að því er varðar beitingu 10. mgr. 56. gr. e og 56. gr. f er smærra meðalverðmætt fyrirtæki fyrirtæki sem er ekki lítið eða meðalstórt fyrirtæki og er með allt að 499 starfsmenn,“.

ff) Eftirfarandi liður 103f bætist við:

- „103f) „orkusparnaður“: orkusparnaður eins og hann er skilgreindur í 5. lið 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB,“.

- gg) Í stað 105. liðar kemur eftirfarandi:
- „105) „orkunýtnisjóður“: sérhæft fjárfestingarfélag sem sett er á fót í því skyni að fjárfesta í orkunýtniverkefnum sem beinast að því að bæta orkunýtni bygginga. Orkunýtnisjóðum er stýrt af sjóðsstjóra orkunýtnisjóðs,“.
- hh) Í stað 108. liðar kemur eftirfarandi:
- „108) „samvinnsla raf- og varmaorku“ eða „samþætt varma- og raforkuvinnsla“: samvinnsla raf- og varmaorku eins og hún er skilgreind í 30. lið 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB,“.
- ii. Eftirfarandi liðir 108a og 108b bætast við:
- „108a) „samvinnsla raf- og varmaorku byggð á endurnýjanlegum orkugjöfum“: samvinnsla raf- og varmaorku sem notar 100% orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem ílag við framleiðslu varma og orku,
- 108b) „varmadæla“: vél, tæki eða búnaður, sem flytur varma úr umhverfinu, t.d. úr lofti, vatni eða jörðu, til bygginga eða til notkunar í iðnaði með því að snúa við náttúrulegu flæði varma svo hann flæði frá lægra hitastigi til hærri hitastigs. Tvívirkar varmadælur geta einnig flutt varma frá byggingu og út í umhverfið.“
- jj) Í stað 109. liðar kemur eftirfarandi:
- „109) „orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum“ eða „endurnýjanleg orka“: orka sem er framleidd í orkuverum sem nota eingöngu endurnýjanlega orkugjafa, eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001, og einnig sá hluti varmagildis orku sem er framleiddur með endurnýjanlegum orkugjöfum í verum með blandaðri tækni, þar sem einnig eru notaðir hefðbundnir orkugjafar, og tekur til endurnýjanlegrar raforku sem er notuð til að fylla á geymslakerfi notanda án mælis (e. behind-the-meter) (sett upp sameiginlega eða sem viðbót við stöð fyrir endurnýjanlega orku) en raforka sem verður til við notkun geymsluckerfa er undanskilin,“.
- kk) Eftirfarandi liður 109a bætist við:
- „109a) „samfélag um endurnýjanlega orku“: samfélag um endurnýjanlega orku eins og skilgreint er í 16. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001,“.
- ll) Ákvæði 110.-113. liðar falla brott.
- mm) Í stað 114. liðar kemur eftirfarandi:
- „114) „nýsköpunartækni“: ný og nýlega fullgilt tækni í samanburði við það sem best gerist í atvinnugreininni sem felur í sér hættu á mistökum í tæknilegu eða atvinnulegu tilliti og er ekki hagnýting eða uppskölun á fyrirbyggjandi tækni,“.
- nn) Eftirfarandi liðir 114a og 114b bætast við:
- „114a) „sýniverkefni“: sýniverkefni eins og skilgreint er í 24. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/943 (\*),
- 114b) „mismunasamningur“: aðstoðarleið sem veitir aðstoðarþega rétt til greiðslu sem er jöfn mismuninum á föstu „lausnarverði“ og viðmiðunarverði, s.s. markaðsverði, á hverja frágagseiningu,
- 
- (\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/943 frá 5. júní 2019 um innri markaðinn fyrir raforku (Stjtið. ESB L 158, 14.6.2019, bls. 54).“
- oo) Í stað 115. og 116. liðar kemur eftirfarandi:
- „115) „jöfnun“ að því er varðar raforku: jöfnun eins og skilgreint er í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943,
- 116) „almenn jöfnunarábyrgð“: jöfnunarábyrgð án mismununar þvert á tækni sem undanþiggur engan framleiðanda jöfnunarábyrgð eins og fram kemur í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943,“.

- pp) Eftirfarandi liður 116a bætist við:
- „116a) „ábyrgðaraðili jöfnuðar“: ábyrgðaraðili jöfnuðar eins og skilgreint er í 14. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943,“.
- qq) Í stað 117. liðar kemur eftirfarandi:
- „117) „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og leifa af líffræðilegum uppruna, eins og skilgreint er í 24. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001,“.
- rr) Eftirfarandi liðir 117a–117d bætast við:
- „117a) „lífeldsneyti“: lífeldsneyti eins og skilgreint er í 33. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001,
- 117b) „lífgas“: lífgas eins og skilgreint er í 28. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001,
- 117c) „fljótandi lífeldsneyti“: fljótandi lífeldsneyti eins og skilgreint er í 32. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001,
- 117d) „lífmassaeldsneyti“: lífmassaeldsneyti eins og skilgreint er í 27. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001,“.
- ss) Í stað 118. og 119. liðar kemur eftirfarandi:
- „118) „fjármögnunarþörf“: hreinn viðbótarkostnaður sem ákvarðast af mismuninum á efnahagslegum tekjum og kostnaði (þ.m.t. fjárfestingu og rekstri) verkefnis sem nýtur aðstoðar og staðgönguverkefnis sem líklegt má telja að aðstoðarþeginn myndi framkvæma ef aðstoðar nyti ekki við. Til að ákvarða fjármögnunarþörfina verður aðildarríkið að magngreina, fyrir raunverulega sviðsmynd og trúverðuga staðleysusviðsmynd, allan helsta kostnað og tekjur, áætlaðan veginn meðalfjármagnskostnað aðstoðarþega til þess að afvaxta framtíðarsjóðstreymi, auk hreins núvirðis fyrir raunverulega sviðsmynd og trúverðuga staðleysusviðsmynd, yfir líftíma verkefnisins. Áætla má dæmigerðan hreinan viðbótarkostnað sem mismuninn á hreinu núvirði fyrir raunverulega sviðsmynd og fyrir staðleysusviðsmynd yfir líftíma viðmiðunarverkefnisins.
- 119) „umhverfisskattur eða skattatengdar álögur“: skattur eða álaga sem lögð eru á tiltekinn skattstofn, vörur eða þjónustu sem hafa skýr, neikvæð áhrif á umhverfið eða miða að því að leggja skatt eða álögu á tiltekna starfsemi, vöru eða þjónustu þannig að hægt sé að fella umhverfiskostnað inn í verð þeirra og/eða þannig að framleiðendum eða neytendum sé beint að starfsemi þar sem meira tillit er tekið til umhverfisins,“.
- tt) Ákvæði 121. liðar falla brott.
- uu) Eftirfarandi liðir 121a–121d bætast við:
- „121a) „úrbætur“ (e. *remediation*): umhverfisstjórnunaraðgerðir, s.s. fjarlæging eða afeitrún mengunarefna eða óhóflegs magns næringarefna úr jarðvegi og vatni, sem miða að því að fjarlægja orsakir hnignunar,
- 121b) „endurreisn“: umhverfisstjórnunaraðgerðir sem miða að því að koma að nýju á tilteknu stigi í starfsemi vistkerfis á svæðum sem hefur hnignað, þar sem markmiðið er endurnýjuð og viðvarandi veiting vistkerfisþjónustu fremur en líffræðileg fjölbreytni og heilleiki tiltekins náttúrulegs eða hálfnáttúrulegs viðmiðunarvistkerfis,
- 121c) „vistkerfi“: vistkerfi eins og skilgreint er í 13. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2020/852 (\*),
- 121d) „líffræðileg fjölbreytni“: líffræðileg fjölbreytni eins og skilgreint er í 15. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852,

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).“

vv) Eftirfarandi liðir 123a–123d bætast við:

„123a) „mengunarefni“: mengunarefni eins og skilgreint er í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852,

123b) „mengun“: mengun eins og skilgreint er í 2. lið 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB,

123c) „náttúrumiðuð lausn“: aðgerð til að vernda, varðveita, endurheimta, nýta með sjálfbærum hætti og stjórna náttúrulegum eða breyttum vistkerfum á landi, í ferskvatni, við strendur og í sjó, sem tekst á við félagslegar, efnahagslegar og umhverfistengdar áskoranir með skilvirkum hætti og á grundvelli aðlögunarhæfni og stuðlar á sama tíma að velferð manna, vistkerfisþjónustu, viðnámsþrótti og ávinningi fyrir líffræðilega fjölbreytni,

123d) „endurheimt“: ferli sem styður við endurheimt vistkerfis sem miðar að því að varðveita líffræðilega fjölbreytni og auka viðnám vistkerfa, einkum gagnvart loftslagsbreytingum. Endurheimt vistkerfa felur í sér ráðstafanir til að bæta ástand vistkerfis og endurgera eða koma vistkerfi á að nýju þar sem slíkt ástand hefur tapast og bæta viðnám vistkerfa og aðlögun að loftslagsbreytingum,“.

ww) Í stað 124. liðar kemur eftirfarandi:

„124) „orkunýtin fjarhitun og fjarkæling“: skilvirk fjarhitun og -kæling eins og skilgreint er í 41. lið 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB,“.

xx) Eftirfarandi liðir 124a og 124b bætast við:

„124a) „fjarhitun“ og „fjarkæling“: fjarhitun eða fjarkæling eins og skilgreint er í 19. lið 2. gr. tilskipunar 2010/31/ESB,

124b) „fjarhitunar- og fjarkælikerfi“: varma- og/eða kæliframleiðslustöðvar, varmageymsla og dreifikerfi, sem samanstendur af bæði aðal- (flutnings-) og viðbótarleiðslukerfi, til að veita varma eða kælingu til neytenda. Túlka skal vísun til fjarhitunar sem fjarhitunar- og/eða fjarkælikerfa, allt eftir því hvort kerfin veita varma eða kælingu sameiginlega eða aðskilið,“.

yy) Í stað liða 126, 127 og 128 kemur eftirfarandi:

„126) „endurnotkun“: endurnotkun eins og skilgreint er í 13. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (\*),

127) „undirbúningur fyrir endurnotkun“: undirbúningur fyrir endurnotkun eins og skilgreint er í 16. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

128) „endurvinnsla“: endurvinnsla eins og skilgreint er í 17. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

---

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).“

zz) Eftirfarandi liðir 128a–128i bætast við:

„128a) „auðlindanýtni“: að draga úr magni ílagsefna sem þarf til að framleiða frálageiningu eða að skipta frumílagsefnum út fyrir annars stigs ílagsefni,

128b) „úrgangur“: úrgangur eins og skilgreint er í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

128c) „glatvarmi“: glatvarmi eins og skilgreint er í 9. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001,

128d) „meðhöndlun“: meðhöndlun eins og skilgreint er í 14. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, sem og meðhöndlun á öðrum vörum, efniviðum eða efnum,

128e) „endurnýting“: endurnýting eins og skilgreint er í 15. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, sem og endurnýting á öðrum vörum, efniviðum eða efnum,

- 128f) „förgun“: förgun eins og skilgreint er í 19. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
- 128g) „aðrar vörur, efniviðir eða efni“: efniviðir, vörur og efni önnur en úrgangur, þ.m.t. aukaafurðir sem um getur í 5. gr. tilskipunar 2008/98/EB, leifar frá landbúnaði og skógrækt, skólp, regnvatn og afrennslisvatn, steinefni, næringarefni, gasleifar frá framleiðsluferlum og óþarfar vörur, hlutar og efniviðir,
- 128h) „óþarfar vörur, hlutar og efniviðir“: vörur, hlutar eða efniviðir sem eigandi þarf ekki lengur á að halda né gagnast honum en henta til endurnotkunar,
- 128i) „sérstök söfnun“: sérstök söfnun eins og skilgreint er í 11. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,“.

aaa) Ákvæði 129. liðar falla brott.

bbb) Í stað 130. liðar kemur eftirfarandi:

„130) „orkugrunnvirki“: efnislegur búnaður eða aðstaða sem er staðsett í Sambandinu eða tengir Sambandið við eitt þriðja land eða fleiri og fellur undir eftirfarandi flokka:

a) raforku:

- i. flutnings- og dreifikerfi, þar sem „flutningur“ merkir flutning raforku, jafnt á landi sem á hafi úti, um samtengt kerfi fyrir mjög háa spennu og háspennu í þeim tilgangi að afgreiða það til notenda eða dreifingaraðila en tekur ekki til afhendingar og „dreifing“ merkir flutning raforku, jafnt á landi sem á hafi úti, um háspennu-, millispennu- eða lágspennudreifikerfi í þeim tilgangi að afgreiða hana til viðskiptavina, en tekur ekki til afhendingar,
- ii. hver sá búnaður eða mannvirki sem er nauðsynlegt til að kerfin, sem um getur í i. lið, starfi á öruggan, hættulausan og skilvirkan hátt, þ.m.t. varnar-, eftirlits- og stýrikerfi á öllu spennurófinu og á öllum aðveitustöðvum,
- iii. algerlega samþættir netkerfishlutar, eins og skilgreint er í 51. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/944 (\*),
- iv. snjallraforkudreifikerfi, þ.e. kerfi og íhlutir sem samþætta upplýsinga- og fjarskiptatækni, með starfhæfum stafrænum vettvöngum, stýrikerfum og skynjartækni, bæði á flutnings- og dreifingarstigi, og miða að öruggara, skilvirkara og skynvæðara raforkuflutnings- og dreifikerfi, aukinni getu til að samþætta nýja framleiðslu-, geymslu- og notkunarmöguleika og greiða fyrir nýjum viðskiptalíkönum og gerðum markaða,
- v. raforkukerfi á hafi úti, þ.e. hvers konar búnaður eða mannvirki til flutnings eða dreifingar á raforku eins og skilgreint er í i. lið, sem hafa tvíþætta virkni: samtengingu og flutning eða dreifingu á endurnýjanlegri raforku á hafi úti frá framleiðslustöðum á hafi úti til tveggja eða fleiri landa. Þetta tekur einnig til snjallneta sem og hvers kyns aðliggjandi búnaður eða mannvirkja á hafi úti sem eru nauðsynleg til að þau geti starfað á öruggan, hættulausan og skilvirkan hátt, þ.m.t. varnar-, eftirlits- og stýrikerfi, og nauðsynlegra aðveitustöðva ef þær tryggja einnig tæknisamvirkni og m.a. samvirkni skilflata milli ólíkrar tækni,

b) gas (jarðgas, lífgas, þ.m.t. lífmetan – og/eða endurnýjanlegt gas af ólífrænum uppruna):

- i. flutnings- og dreifingarleiðslur fyrir flutning gass sem eru hluti netkerfis, þó ekki háþrýstleiðslur fyrir óunnið jarðgas eða í tengslum við dreifingu jarðgass,
- ii. geymsluaðstaða neðanjarðar sem er tengd háþrýstigasleiðslunum sem um getur í i. lið,

- iii. aðstaða til móttöku, geymslu og endurgösunar eða þrýstingsminnkunar fljótandi eða þjappaðs gass,
  - iv. hver sá búnaður eða mannvirki sem er nauðsynlegt til að kerfið starfi á öruggan, hættulausan og skilvirkan hátt eða til að gera tviátta flutning mögulegan, þ.m.t. þjöppustöðvar,
  - v. snjallnet fyrir gas, þ.e. einhver eftirfarandi búnaður eða mannvirki sem miðar að því að gera kleift og auðvelda það að fella endurnýjanlegt gas og gas með lítilli kolefnislosun (þ.m.t. vetni eða gas af ólífrænum uppruna) inn í netið: stafræn kerfi og íhlutir sem samþætta upplýsinga- og fjarskiptatækni, stjórnkerfi og skynjaratækni til að gera það kleift að vakta, mæla, hafa gæðaeftirlit með og stjórna, með gagnvirkum og skynvæddum hætti, gasframleiðslu, -flutningi, -dreifingu og -notkun innan gasnets. Enn fremur geta snjallnet einnig búið yfir búnaði til að gera bakrennsli frá dreifingarstigi til flutningsstigs mögulegt og nauðsynlegum tengdum uppfærslum á núverandi kerfi,
- c) vetni:
- i. flutningsleiðslur fyrir háþrýstiflutninga á vetni, sem og dreifingarleiðslur fyrir staðbundna dreifingu á vetni, sem veita fjölda netkerfisnotenda aðgang á gagnsæjan hátt og án mismununar,
  - ii. geymsluaðstaða, þ.e. aðstaða sem notuð er til að geyma mjög hreint vetni, þ.m.t. sá hluti vetnisbirgðastöðvar sem er notaður til geymslu en að undanskildum þeim hluta sem er notaður til framleiðslustarfsemi, og að meðtalinni aðstöðu sem er eingöngu ætluð rekstraradilum vetnisneta til að sinna verkefnum sínum. Undir geymsluaðstöðu fyrir vetni fellur geymsluaðstaða neðanjarðar sem er tengd háþrýstivetnisleiðslunum sem um getur í i. lið,
  - iii. aðstaða til afgreiðslu, móttöku, geymslu og endurgösunar eða þrýstingsminnkunar vetnis eða vetnis sem er innbyggð í önnur hrein efni í þeim tilgangi að dæla vetninu inn á flutningskerfið, sem er annaðhvort fyrir gas eða sérstaklega fyrir vetni,
  - iv. birgðastöðvar, þ.e. mannvirki sem eru notuð til að umbreyta fljótandi vetni í loftkennt vetni til inndælingar á vetnisnetið. Birgðastöðvar taka til viðbótarbúnaðar og bráðabirgðageymslu sem er nauðsynleg vegna umbreytingarferlisins og síðan inndælingar á vetnisnetið en tekur ekki til neins hluta vetnibirgðastöðvarinnar sem er notaður til geymslu,
  - v. samtenglar, þ.e. vetnisnet (eða hluti þess) sem fer yfir eða liggur á landamærum aðildarríkja eða aðildarríkis og þriðja lands upp að yfirráðasvæði aðildarríkjanna eða landhelgi þess aðildarríkis,
  - vi. hver sá búnaður eða mannvirki sem er nauðsynlegt til að vetniskerfið starfi á öruggan, hættulausan og skilvirkan hátt eða til að gera tviátta flutning mögulegan, þ.m.t. þjöppustöðvar.

Þær eignir sem taldar eru upp í i.–vi. lið geta verið nýbyggðar eignir eða eignir fyrir jarðgas sem breytt er fyrir vetni eða sambland af þessu tvennu. Eignir sem skráðar eru í i.–vi. lið, sem þriðju aðilar hafa aðgang að, skulu teljast orkugrunnvirki,

d) koltvísýring:

- i. leiðslur, aðrar en leiðslukerfi fyrir óunnið jarðgas, notaðar til að flytja koltvísýring frá fleiri en einni uppsprettu, þ.e. iðjuverum (þ.m.t. orkuverum) þar sem koltvísýringur myndast við brennslu eða önnur efnahvörf á efnasamböndum sem innihalda kolefni, bæði efnasamböndum úr jarðefnum og efnasamböndum af öðrum uppruna, með varanlega geymslu koltvísýrings í jörðu í huga samkvæmt 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB (\*\*), eða með það í huga að nota koltvísýring sem hráefni eða til að auka afrakstur líffræðilegra ferla,

- ii. aðstaða til þéttingar og biðgeymslu koltvísýrings með flutning eða geymslu í huga. Undir þetta falla ekki grunnvirki í jarðmyndunum, sem notuð eru til varanlegrar geymslu koltvísýrings í jörðu skv. 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB, auk tilheyrandi búnaðar á yfirborði og til niðurdælingar,
- iii. hver sá búnaður eða mannvirki sem er nauðsynlegt til að kerfið sem um ræðir starfi á tilhlýðilegan, öruggan og skilvirkan hátt, þ.m.t. varnar-, eftirlits- og stýrikerfi. Þetta getur tekið til sérstakra færanlegra eigna til flutnings og geymslu á koltvísýringi, að því tilskildu að slíkar færanlegar eignir uppfylli skilgreininguna á umhverfisvænu farartæki.

Eignir sem skráðar eru í i., ii. og iii. lið, sem þriðju aðilar hafa aðgang að, skulu teljast orkugrunnvirki,

- e) grunnvirki sem eru notuð til flutnings eða dreifingar á varmaorku í formi gufu, heits vatns eða kældra vökva frá mörgum framleiðendum eða notendum, á grundvelli notkunar endurnýjanlegrar orku eða glatvarma frá iðnaði,
- f) verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, eins og þau eru skilgreind í 4. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 347/2013 (\*\*\*) og verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum sem um getur í 171. gr. sáttmálans,
- g) aðra flokka grunnvirkja sem gera efnislega eða þráðlausa tengingu endurnýjanlegrar eða kolefnislausrar orku mögulega milli framleiðenda og notenda frá mörgum aðgangs- og úttaksstöðum og sem eru opnir þriðju aðilum sem tilheyra ekki eiganda grunnvirkisins eða rekstraraðila þess,

Eignir sem taldar eru upp í a- til g-lið, sem eru byggðar fyrir einn eða lítinn hóp notenda, sem eru þekktir fyrir fram, og sniðnar að þörfum þeirra („sérhæft grunnvirki“), skulu ekki teljast til orkugrunnvirkja.

- 
- (\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/944 frá 5. júní 2019 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um breytingu á tilskipun 2012/27/ESB (Stjtið. ESB L 158, 14.6.2019, bls. 125).
  - (\*\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr. 1013/2006 (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114).
  - (\*\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 347/2013 frá 17. apríl 2013 um viðmiðunarreglur um samevrópsk orkugrunnvirki (Stjtið. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 39).“

ccc) Eftirfarandi liðir 130a–130d bætast við:

- „130a) „dreifikerfisstjóri“: dreifikerfisstjóri eins og skilgreint er í 29. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/944,
- 130b) „flutningskerfisstjóri“: flutningskerfisstjóri eins og skilgreint er í 35. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/944,
- 130c) „raforkugeymsla“: frestun á endanlegri notkun raforku til síðari tíma eftir framleiðslu hennar, eða breyting á raforku yfir í orkuform sem hægt er að geyma, geymsla slíkrar orku og í framhaldinu breyting slíkrar orku til baka í raforku,
- 130d) „varmageymsla“: frestun á endanlegri notkun varmaorku til síðari tíma eftir framleiðslu hennar, eða breyting á raforku eða varmaorku yfir í orkuform sem hægt er að geyma, geymsla slíkrar orku og, þar sem við á, í framhaldinu breyting slíkrar orku til baka í varmaorku til endanlegrar notkunar (t.d. hitunar eða kælingar),“.

ddd) Í stað 131. liðar kemur eftirfarandi:

„131) „löggjöf um innri orkumarkaðinn“: tilskipun (ESB) 2019/944, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB (\*), reglugerð (ESB) 2019/943 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 (\*\*),

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 2003/55/EB (Stjtið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 94).

(\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1775/2005 (Stjtið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 36).“

eee) Eftirfarandi liðir 131a og 131b bætast við:

„131a) „kolefnisföngun og -geymsla (CSS)“: ýmis tækni sem gerir það kleift að fanga koltvísýring sem losnar frá iðjuverum, þ.m.t. innbyggð losun við vinnslu, eða fanga hann beint úr andrúmslofti, flytja hann á geymslusvæði og dæla honum niður í viðeigandi jarðmyndanir neðanjarðar til varanlegrar geymslu,

131b) „kolefnisföngun og nýting (CCU)“: ýmis tækni sem gerir það kleift að fanga koltvísýring sem losnar frá iðjuverum, þ.m.t. innbyggð losun við vinnslu, eða fanga hann beint úr andrúmslofti, og flytja hann á svæði þar sem hann er notaður eða nýttur að fullu,“.

fff) Ákvæði 134. liðar falla brott.

ggg) Í stað 137. liðar kemur eftirfarandi:

„137) „breiðbandsinnviðir“: breiðbandsnet án nokkurs virks hluta sem samanstendur af efnislegum innviðum, þ.m.t. stokkum, staurum, möstrum, turnum, svörtum ljósleiðara, götuskápum og köplum (þ.m.t. svörtum ljósleiðara og koparköplum),“.

hhh) Eftirfarandi liðir 137a, 137b og 137c bætast við:

„137a) „greinanet“: sá hluti breiðbandsnets sem tengir aðgangsnetið við burðarnetið en sem veitir endanlegum notendum ekki beinan aðgang. Það er sá hluti netsins þar sem umferð endanlegra notenda safnast saman,

137b) „burðarnet“: grunnnet sem tengir saman greinanet frá mismunandi svæðum eða landsvæðum,

137c) „aðgangsnét“: sá hluti breiðbandsnets sem tengir greinanetið við athafnasvæði eða búnað endanlegra notenda,“.

iii. Í stað 139. liðar kemur eftirfarandi:

„139) „heildsöluaðgangur“: aðgangur sem gerir rekstraraðila mögulegt að nota aðstöðu annars rekstraraðila. Heildsöluaðgangur skal fela í sér, á grundvelli núverandi tækniþróunar, a.m.k. eftirfarandi aðgangsvörur: i. fyrir ljósleiðaraaðgangsnét (FTTx): aðgang að breiðbandsinnviðum, sundurgreiningu og bitastraumsaðgang, ii. fyrir kapalkerfi: aðgang að breiðbandsinnviðum og aðgang að virkri þjónustu, iii. fyrir föst, þráðlaus net: aðgang að breiðbandsinnviðum og aðgang að virkri þjónustu, iv. fyrir farnet: aðgang að breiðbandsinnviðum og aðgang að virkri þjónustu (a.m.k. reiki), v. fyrir gervitunlagrunna: aðgang að virkri þjónustu, vi. fyrir greinanet: aðgang að breiðbandsinnviðum og aðgang að virkri þjónustu.“

jjj) Í stað liðar 139a kemur eftirfarandi:

„139a) „staður sem farið er framhjá“: athafnasvæði endanlegs notanda sem þjónustuveitandi getur veitt breiðbandsþjónustu til, að beiðni endanlegra notenda, innan fjögurra vikna frá því að beiðnin berst (óháð því hvort staðurinn er þegar tengdur við netið eða ekki tengur því). Verðið sem sett er upp fyrir veitingu breiðbandsþjónustu á athafnasvæði endanlegra notenda í þessu tilviki má ekki vera hærra en venjuleg tengigjöld, sem þýðir að í því má ekki felast neinn viðbótar- eða sérkostnaður í samanburði við hefðbundna viðskiptahætti og það má ekki undir neinum kringumstæðum vera hærra en venjulegt verð í aðildarríkinu sem um ræðir. Lögbært landsyfirvald verður að ákvarða verðið.“.

kkk) Eftirfarandi liðir 139d, 139e og 139f bætast við:

„139d) „álagstími“: sá tími dags, sem nemur venjulega einni klukkustund, þegar álag á netkerfið er venjulega í hámarki,

139e) „álagstímaskilyrði“: þau skilyrði sem gert er ráð fyrir að netkerfið starfi við á „álagstíma“,

139f) „viðkomandi tímabil“: tímabil sem notað er til að sannprófa fyrirhugaðar fjárfestingar einkaaðila og samsvarar tímarammanum sem aðildarríkið áætla til uppsetningar á fyrirhuguðu ríkisfjármögnuðu neti, frá því að samráð við almenning um fyrirhugaða ríkishlutun er birt og þar til netið tekur til starfa (þ.e. upphaf heildsölu- og/eða smásöluþjónustu á netinu sem ríkið fjármagnar). Viðkomandi tímabil getur ekki verið styttra en 2 ár.“.

lll) Í stað 157. liðar kemur eftirfarandi:

„157) „hafnargrunnvirki“: grunnvirki og aðstaða til að veita hafnarþjónustu í tengslum við flutninga, s.s. skipalægi til festarþjónustu við skip, hafnarkantar, hafnargarðar og flothylki undir flotbrýr (e. floating pantoon ramps) á svæðum milli flóðmarka, innri hafnir (e. internal basins), fyllingar og endurheimt land, grunnvirki til söfnunar á úrgangi og farmleifum frá skipum, og hleðslu- eða áfyllingargrunnvirki við hafnir sem sjá farartækjum, færanlegri stöðvaraðstöðu og færanlegum búnaði til skipaafgreiðslu fyrir rafmagni, vetni, ammoníaki og metanóli.“.

mmm) Ákvæði 161. liðar falla brott.

3) Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a- til e-liðar kemur eftirfarandi:

„a) svæðisbundin fjárfestingaraðstoð: að því er varðar fjárfestingu með aðstoðarhæfum kostnaði sem nemur 110 milljónum evra eða meira, þær aðstoðarfjárhæðir á hvert fyrirtæki og hvert fjárfestingarverkefni sem hér segir:

- þegar hámarkshlutfall svæðisbundinnar aðstoðar er 10%: 8,25 milljónir evra,
- þegar hámarkshlutfall svæðisbundinnar aðstoðar er 15%: 12,38 milljónir evra,
- þegar hámarkshlutfall svæðisbundinnar aðstoðar er 20%: 16,5 milljónir evra,
- þegar hámarkshlutfall svæðisbundinnar aðstoðar er 25%: 20,63 milljónir evra,
- þegar hámarkshlutfall svæðisbundinnar aðstoðar er 30%: 24,75 milljónir evra,
- þegar hámarkshlutfall svæðisbundinnar aðstoðar er 35%: 28,88 milljónir evra,
- þegar hámarkshlutfall svæðisbundinnar aðstoðar er 40%: 33 milljónir evra,
- þegar hámarkshlutfall svæðisbundinnar aðstoðar er 50%: 41,25 milljónir evra,
- þegar hámarkshlutfall svæðisbundinnar aðstoðar er 60%: 49,5 milljónir evra,
- þegar hámarkshlutfall svæðisbundinnar aðstoðar er 70%: 57,75 milljónir evra,

b) svæðisbundin aðstoð til þéttbýlisþróunar, 22 milljónir evra eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 16. gr.,

c) fjárfestingaraðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja: 8,25 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert fjárfestingarverkefni,

- d) aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja: 2,2 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,
- e) aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna þátttöku í kaupstefnum: 2,2 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári,“.
- b) Eftirfarandi liðir ea og eb bætast við:
- „ea) aðstoð til örfyrirtækja í formi opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma, sem um getur í 19. gr. c: 200 000 evrur á hvern aðstoðarþega á hverju almanaksári. Fyrir örfyrirtæki sem starfa við frumframleiðslu landbúnaðarafurða skulu þessi mörk vera 25 000 evrur á hvern aðstoðarþega á hverju almanaksári og fyrir örfyrirtæki sem starfa í sjávarútvegs- og lagareldisgeirunum 30 000 evrur á hvern aðstoðarþega á hverju almanaksári,
- eb) aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í formi tímabundinnar opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma sem framleiddur er með jarðgasi eða raforku til að draga úr áhrifum verðhækkana í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu, sem um getur í 19. gr. d: 2 milljónir evra á hvern aðstoðarþega á hverju almanaksári. Fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem starfa við frumframleiðslu landbúnaðarafurða skulu þessi mörk vera 250 000 evrur á hvern aðstoðarþega á hverju almanaksári og fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem starfa í sjávarútvegs- og lagareldisgeirunum 300 000 evrur á hvern aðstoðarþega á hverju almanaksári. Aðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem starfa að vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða skal vera háð því skilyrði að hún renni ekki að hluta til eða öllu leyti til frumframleiðenda.“
- c) Í stað f- til sa-liðar kemur eftirfarandi:
- „f) aðstoð til fyrirtækja sem taka þátt í verkefnum innan evrópskrar svæðasamvinnu: aðstoð skv. 20. gr., 2,2 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni; aðstoð skv. 20. gr. a, þær fjárhæðir sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr. a fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,
- g) aðstoð vegna áhættufjármögnunar: 16,5 milljónir evra fyrir hvert aðstoðarhæft fyrirtæki eins og mælt er fyrir um í 8. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 21. gr. a,
- h) aðstoð til sprotafyrirtækja: fjárhæðir sem mælt er fyrir um fyrir hvert fyrirtæki í 3., 4., 5. og 7. mgr. 22. gr.,
- i) aðstoð til rannsókna og þróunar:
- i. ef verkefnið byggist fyrst og fremst á grunnrannsóknunum: 55 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni; það á við þegar meira en helmingur aðstoðarhæfs kostnaðar við verkefnið er til kominn vegna starfsemi sem fellur innan flokksins grunnrannsóknir,
- ii. ef verkefnið byggist fyrst og fremst á iðnaðarrannsóknunum: 35 milljónir fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni; það á við þegar meira en helmingur aðstoðarhæfs kostnaðar við verkefnið er til kominn vegna starfsemi sem fellur innan flokksins iðnaðarrannsóknir eða innan flokkanna iðnaðarrannsóknir og grunnrannsóknir saman,
- iii. ef verkefnið byggist fyrst og fremst á þróunarstarfi: 25 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni; það á við þegar meira en helmingur aðstoðarhæfs kostnaðar við verkefnið er til kominn vegna starfsemi sem fellur innan flokksins þróunarstarf,
- iv. ef verkefnið er Eureka-verkefni, er framkvæmt af sameiginlegu fyrirtæki sem stofnað er á grundvelli 185. eða 187. gr. sáttmálans eða samrýmist skilyrðunum sem sett eru í d-lið 6. mgr. 25. gr. tvöfaldast fjárhæðirnar sem um getur í i.–iii. lið,
- v. ef aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna er veitt með fyrirframgreiðslum sem ber að endurgreiða og eru, ef ekki er fyrir hendi samþykkt aðferðafræði til að reikna vergt styrkigildi þeirra, gefnar upp sem hundraðshluti aðstoðarhæfs kostnaðar og með ráðstöfuninni er gert ráð fyrir, ef árangur verkefnisins er góður, eins og er skilgreint á grundvelli skynsamlegrar og varfærinnar tilgátu, að fyrirframgreiðslurnar verði endurgreiddar með vöxtum sem eru a.m.k. jafnháir afvöxtunarstuðlinum sem er í gildi þegar styrkurinn er veittur, eru fjárhæðirnar, sem um getur í i.–iv. lið, hækkaðar um 50%,
- vi. aðstoð til hagkvæmniathugana við undirbúning rannsóknarvinnu: 8,25 milljónir evra fyrir hverja athugun,

- vii. aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna rannsóknar- og þróunarverkefna sem fengið hafa gæðamerkið öndvegisinnsgildi og komið er til framkvæmda skv. 25. gr. a, fjárhæðin sem um getur í 25. gr. a,
- viii. aðstoð vegna Marie Skłodowska-Curie verkefna og verkefna um að sanna gildi hugmynda á vegum Evrópska rannsóknaráðsins skv. 25. gr. b, fjárhæðirnar sem um getur í 25. gr. b,
- ix. aðstoð vegna samfjármagnaðra rannsóknar- og þróunarverkefna sem komið er til framkvæmda skv. 25. gr. c, fjárhæðirnar sem um getur í 25. gr. c,
- x. aðstoð vegna aðgerða liðsheildar, fjárhæðirnar sem um getur í 25. gr. d,
- xi. aðstoð innan ramma samfjármögnunar verkefna sem njóta stuðnings Evrópska varnarsjóðsins eða Evrópsku iðnþróunaráætlunarinnar á sviði varnarmála samkvæmt 25. gr. e: 80 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,
- j) fjárfestingaraðstoð vegna rannsóknainnviða: 35 milljónir evra fyrir hverja innviði,
- ja) fjárfestingaraðstoð vegna prófunar- og tilraunainnviða, 25 milljónir evra fyrir hverja innviði,
- k) aðstoð til nýsköpunarklasa: 10 milljónir evra fyrir hvern klasa,
- l) nýsköpunaraðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki: 10 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,
- m) aðstoð vegna nýsköpunar á sviði verkferla og skipulags: 12,5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,
- n) þjálfunaraðstoð: 3 milljónir evra fyrir hvert þjálfunarverkefni,
- o) aðstoð vegna ráðningar starfsmanna sem standa höllum fæti: 5,5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári,
- p) aðstoð vegna ráðningar fatlaðra starfsmanna í formi launastyrkja: 11 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári,
- q) aðstoð til að vega upp á móti aukakostnaði við að ráða fatlaða starfsmenn í vinnu: 11 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári,
- r) aðstoð til að vega upp á móti kostnaði vegna aðstoðar sem veitt er starfsmönnum sem standa höllum fæti: 5,5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári,
- s) fjárfestingaraðstoð til umhverfisverndar, nema annað sé tekið fram: 30 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert fjárfestingarverkefni,
- sa) aðstoð vegna sérhæfðs grunnvirkis og geymslu sem um getur í 4. mgr. 36. gr.: 25 milljónir evra fyrir hvert verkefni,“.
- d) Eftirfarandi liðir sb–sf bætast við:
  - „sb) fjárfestingaraðstoð vegna hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkja sem um getur í 1. og 2. mgr. 36. gr. a: 30 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni og, þegar um kerfi er að ræða, árlegt meðalfjármagn allt að 300 milljónir evra,
  - sc) fjárfestingaraðstoð til sameiginlegra umbóta í orkunýtingu og umhverfisárangri bygginga sem um getur í 7. mgr. 38. gr. a og 2. mgr. a í 39. gr.: 30 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,
  - sd) aðstoð til að auðvelda gerð samninga um orkunýtingu sem um getur í 38. gr. b: 30 milljónir evra af heildarnafnverði útistandandi fjárfestingar fyrir hvern aðstoðarþega,
  - se) fjárfestingaraðstoð vegna orkunýtniverkefna í byggingum í formi fjármögnunarleiða: þær fjárhæðir sem settar eru fram í 5. mgr. 39. gr.,
  - sf) aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum eða álögum sem um getur í 44. gr. a: 50 milljónir evra fyrir hvert kerfi á ári,“.
- e) t- og u-liður falla brott.
- f) Í stað v- til y-liðar kemur eftirfarandi:

- „v) rekstraraðstoð til að auka notkun raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, eins og um getur í 42. gr., og rekstraraðstoð til að auka notkun á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og endurnýjanlegu vetni í litlum verkefnum og samfélögum um endurnýjanlega orku eins og um getur í 43. gr.: 30 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni; samtala fjármagns til allra kerfa sem falla undir 42. gr. og samtala fjármagns til allra kerfa sem falla undir 43. gr. ætti ekki að vera hærri en 300 milljónir evra á ári, eftir því sem við á,
- w) aðstoð vegna fjarhitunar- og/eða fjarkælikerfa eins og um getur í 46. gr.: 50 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,
- x) aðstoð vegna orkugrunnvirkja eins og um getur í 48. gr.: 70 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og hvert verkefni,
- y) aðstoð til að koma á fót föstum breiðbandsnetum veitt í formi styrks: 100 milljónir evra í heildarkostnað fyrir hvert verkefni; aðstoð vegna fasta breiðbandsneta veitt í formi fjármögnunarleiðar, nafnfjárhæð heildarfjármögnunar sem veitt er endanlegum aðstoðarþega fyrir hvert verkefni má ekki fara yfir 150 milljónir evra,“.
- g) Eftirfarandi yd-liður bætist við:
- „yd) aðstoð til að koma á fót greinanetum veitt í formi styrks: 100 milljónir evra í heildarkostnað fyrir hvert verkefni; aðstoð til að koma á fót greinanetum veitt í formi fjármögnunarleiðar, nafnfjárhæð heildarfjármögnunar sem veitt er endanlegum aðstoðarþega fyrir hvert verkefni má ekki fara yfir 150 milljónir evra,“.
- h) Í stað z- til cc-liðar kemur eftirfarandi:
- „z) fjárfestingaraðstoð vegna menningar og varðveislu menningararfleifðar: 165 milljónir evra fyrir hvert verkefni; rekstraraðstoð vegna menningar og varðveislu menningararfleifðar: 82,5 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki á ári,
- aa) aðstoðarkerfi fyrir hljóð- og myndmiðlaverk: 55 milljónir evra fyrir hvert kerfi á ári,
- bb) fjárfestingaraðstoð vegna íþróttagrunnvirkja og fjölnota tómstundagrunnvirkja: 33 milljónir evra eða heildarkostnaður sem fer yfir 110 milljónir evra fyrir hvert verkefni; rekstraraðstoð vegna íþróttagrunnvirkis: 2,2 milljónir evra fyrir hvert grunnvirki á ári,
- cc) fjárfestingaraðstoð vegna staðbundinna grunnvirkja: 11 milljónir evra eða heildarkostnaður sem fer yfir 22 milljónir evra fyrir sama grunnvirki,“.
- i) Í stað ee- og ff-liðar kemur eftirfarandi:
- „ee) aðstoð vegna hafna við sjó: aðstoðarhæfur kostnaður sem nemur 143 milljónum evra fyrir hvert verkefni (eða 165 milljónum evra fyrir hvert verkefni sem varðar höfn við sjó sem gert er ráð fyrir í vinnuáætlun um leiðareinar grunnnetsins, eins og um getur í 47. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 (\*)); að því er varðar dýpkun er verkefni skilgreint sem öll dýpkun sem fram fer á einu almanaksári,
- ff) aðstoð vegna hafna við vatnaleiðir: aðstoðarhæfur kostnaður sem nemur 44 milljónum evra fyrir hvert verkefni (eða 55 milljónum evra fyrir hvert verkefni sem varðar höfn við vatnaleið sem gert er ráð fyrir í vinnuáætlun um leiðareinar grunnnetsins, eins og um getur í 47. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013); að því er varðar dýpkun er verkefni skilgreint sem öll dýpkun sem fram fer á einu almanaksári,
- (\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 frá 11. desember 2013 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 661/2010/ESB (Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 1).“
- j) Í stað hh-liðar kemur eftirfarandi:
- „hh) aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna kostnaðar við þátttöku í samfélagsverkefnum um staðbundna þróun: að því er varðar aðstoð skv. 19. gr. a, 2 milljónir evra fyrir hvert fyrirtæki og fyrir hvert verkefni; að því er varðar aðstoð skv. 19. gr. b, fjárhæðirnar sem mælt fyrir um í 2. mgr. 19. gr. b fyrir hvert verkefni.“

## 4) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað f-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„f) aðstoð sem felst í áhættufjármagnsráðstöfunum, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 21. gr. og 21. gr. a,“.

## b) Eftirfarandi ga-liður bætist við í 2. mgr.:

„ga) aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í formi lægri aðgangsgjalda eða endurgjaldslauss aðgangs að ráðgjafarþjónustu á sviði nýsköpunar og stuðningsþjónustu á sviði nýsköpunar, eins og skilgreint er í 94. og 95. lið 2. gr., eftir því sem við á, sem boðin er t.d. af stofnunum á sviði rannsókna og þekkingarmiðlunar, rannsóknainnviðum, prófunar- og tilraunainnviðum eða nýsköpunarklösum á grundvelli aðstoðarkerfis, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- i. ávinningurinn af lægri gjöldum eða endurgjaldslausum aðgangi er mælanlegur og sannanlegur,
- ii. afsláttur af verði þjónustu, að fullu eða að hluta til, og reglurnar sem gilda um það hvernig lítil og meðalstór fyrirtæki sækja um og eru valin og njóta afsláttar eru gerðar aðgengilegar öllum (á vefsetrum eða eftir öðrum viðeigandi leiðum) áður en þjónustuveitandi byrjar að bjóða afsláttina,
- iii. þjónustuveitandinn skal halda skrár yfir fjárhæðir aðstoðar, sem veittar eru hverju litlu eða meðalstóru fyrirtæki í formi afsláttar af verði, til að tryggja að efri mörkin, sem sett eru fram í 3. og 4. mgr. 28. gr., séu virt. Geyma skal slíkar skrár í 10 ár frá þeim degi að telja þegar þjónustuveitandinn veitti síðast aðstoð,“.

## c) Í stað l-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„l) aðstoð vegna fjármálaafurða sem njóta stuðnings InvestEU-sjóðsins að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 16. þætti III. kafla,“.

## d) Í 2. mgr. bætast eftirfarandi m- og n-liður við:

„m) aðstoð til örfyrirtækja í formi opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma, að uppfylltum skilyrðunum sem sett eru fram í 19. gr. c,

n) aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í formi tímabundinnar opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma sem framleiddur er með jarðgasi eða raforku til að draga úr áhrifum verðhækkana í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu, að uppfylltum skilyrðunum sem sett eru fram í 19. gr. d.“

## 5) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað b-liðar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) aðstoð að því er varðar aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni, að uppfylltum viðeigandi skilyrðum sem mælt er fyrir um í 21. gr., 21. gr. a og 22. gr.,“.

## b) Í stað l-liðar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„l) aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki sem taka þátt í eða njóta ávinnings af samfélagsverkefnum um staðbundna þróun, ef viðeigandi skilyrði 19. gr. a eða 19. gr. b eru uppfyllt,“.

## c) Í 5. mgr. bætast eftirfarandi m- til q-liður við:

„m) aðstoð til úrbóta vegna umhverfistjóns og endurreisnar náttúrulegra búsvæða og vistkerfa ef kostnaðurinn við úrbæturnar eða endurreisnina er meiri en hækkunin á verðgildi landsins eða eignarinnar og að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 45. gr.,

n) aðstoð til að vernda líffræðilega fjölbreytni og við framkvæmd náttúrumiðaðra lausna til aðlögunar að loftslagsbreytingum og mildunar þeirra að uppfylltum skilyrðunum sem mælt fyrir um í 45. gr.,

o) aðstoð til að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum skv. 41., 42. og 43. gr. ef aðstoðin er veitt sjálfkrafa í samræmi við hlutlægar viðmiðanir sem eru án mismununar og án frekari íhlutana af hálfu aðildarríkisins og ráðstöfunin hefur verið samþykkt og er í gildi áður en vinna hefst við verkefnið eða starfsemina, sem nýtur aðstoðar,

- p) aðstoð til örfyrirtækja í formi opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í 19. gr. c,
- q) aðstoð til litilla og meðalstórra fyrirtækja í formi tímabundinnar opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma sem framleiddur er með jarðgasi eða raforku til að draga úr áhrifum verðhækkana í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í 19. gr. d.“

6) Í stað 1. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Við útreikning á aðstoðarhlutfalli og aðstoðarhæfum kostnaði skulu allar tölur sem eru notaðar vera án frádráttar vegna skatta eða annarra gjalda. Virðisaukaskattur sem lagður er á aðstoðarhæfan kostnað eða útgjöld og hægt er að fá endurgreiddan samkvæmt gildandi landsbundnum skattalögum skal þó ekki tekinn til greina við útreikning á aðstoðarhlutfalli og aðstoðarhæfum kostnaði. Aðstoðarhæfur kostnaður skal studdur skriflegum samtímasönnunargögnum sem skulu vera skýr og sértæk. Heimilt er að reikna út fjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar í samræmi við einfaldaða valkosti varðandi kostnað, að því tilskildu að starfsemin sé a.m.k. að hluta til fjármögnuð úr sjóði Sambandsins sem heimilar notkun einfaldaðra valkosta varðandi kostnað og að kostnaðarflokkurinn sé aðstoðarhæfur samkvæmt viðkomandi ákvæði um undanþágu. Í slíku tilviki gilda einfölduðu valkostirnir varðandi kostnað sem kveðið er á um í viðkomandi reglum sem gilda um viðkomandi Sambandssjóð. Auk þess er, að því er varðar verkefni sem komið er til framkvæmda í samræmi við áætlanir um endurreisn og viðnám sem samþykktar eru með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/241 (\*), heimilt að reikna út fjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar í samræmi við einfaldaða valkosti varðandi kostnað að því tilskildu að notaðir séu einfölduðu valkostirnir varðandi kostnað sem settir eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1303/2013 eða reglugerð (ESB) 2021/1060. Að auki má, að því er varðar aðstoð skv. 25. gr. a og 25. gr. b, reikna út óbeinan kostnað í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 25. gr. a annars vegar og 3. mgr. 25. gr. b hins vegar.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/241 frá 12. febrúar 2021 um að koma á fót Endurreisnar- og viðnámssjóðnum (Stjtið. ESB L 57, 18.2.2021, bls. 17).“

7) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Þegar fjármögnun Sambandsins undir miðlægri stjórn stofnana, sérstofnana, sameiginlegra fyrirtækja eða annarra aðila Sambandsins, sem er hvorki beint né óbeint undir stjórn aðildarríkisins, er sameinuð ríkisaðstoð skal einungis hið síðarnefnda tekið til athugunar þegar metið er hvort viðmiðunarmörk tilkynninga og hámarksaðstoðarhlutföll eða hámarksaðstoðarfjárhæðir séu virtar, svo fremi að heildarfjárhæð opinberrar fjármögnunar, sem er veitt í tengslum við sama aðstoðarhæfa kostnaðinn, fari ekki yfir hagstæðasta fjármögnunarhlutfallið sem mælt er fyrir um í gildandi reglum löggjafar Sambandsins. Þrátt fyrir það má heildarfjármögnun hins opinbera til verkefna, sem Evrópski varnarsjóðurinn styður, nema allt að heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar við verkefnið, án tillits til hámarksfjármögnunarhlutfalls sem gildir fyrir þennan sjóð, að því tilskildu að tilkynningarmörk og hámarksaðstoðarhlutföll eða hámarksaðstoðarfjárhæðir samkvæmt þessari reglugerð séu virtar.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Aðstoð án tilgreinds aðstoðarhæfs kostnaðar, sem er undanþegin skv. 19. gr. b, 20. gr. a, 21. gr., 21. gr. a, 22. gr. eða 23. gr., 56. gr. e (ii., iii. eða iv. lið a-liðar 5. mgr.), 56. gr. e (10. mgr.) og 56. gr. f, má sameina hvers kyns annarri ríkisaðstoð með tilgreindum aðstoðarhæfum kostnaði. Sameina má aðstoð án tilgreinds aðstoðarhæfs kostnaðar annarri ríkisaðstoð án tilgreinds aðstoðarhæfs kostnaðar að hæstu viðeigandi viðmiðunarmörkum heildarfjármögnunar sem eru ákveðin fyrir sérstakar aðstæður í hverju tilviki með þessari reglugerð eða annarri reglugerð eða ákvörðun um hópundanþágu sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt. Aðstoð án tilgreinds aðstoðarhæfs kostnaðar, sem er undanþegin samkvæmt þessari reglugerð, má sameina annarri aðstoð án tilgreinds aðstoðarhæfs kostnaðar sem er veitt til að ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis skv. b-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans, sem samþykkt er með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Aðstoð án tilgreinds aðstoðarhæfs kostnaðar, sem er undanþegin skv. 56. gr. e (ii., iii. eða iv. lið a-liðar 5. mgr.), 56. gr. e (10. mgr.) og 56. gr. f, má sameina hvers kyns annarri ríkisaðstoð án tilgreinds aðstoðarhæfs kostnaðar sem er undanþegin samkvæmt þessum greinum.“

8) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tryggja birtingu, í einingu framkvæmdastjórnarinnar um gagnsæi í ríkisaðstoð (e. transparency award module) (\*) eða á alhliða vefsetri ríkisaðstoðar á lands- eða svæðisvísu, á:

- a) samantekt upplýsinga, sem um getur í 11. gr., á staðlaða eyðublaðinu sem mælt er fyrir um í II. viðauka, eða hlekk sem veitir aðgang að þeim,

- b) heildartexta hverrar aðstoðarráðstöfunar, eins og um getur í 11. gr., eða hlekk sem veitir aðgang að heildartextanum,
- c) þeim upplýsingum sem um getur í III. viðauka um sérhverja úthlutun stakrar aðstoðar sem fer yfir 100 000 evrur eða, að því er varðar aðstoð vegna fjármálaafurða sem njóta stuðnings InvestEU-sjóðsins samkvæmt 16. þætti, um sérhverja úthlutun stakrar aðstoðar sem fer yfir 500 000 evrur, eða að því er varðar aðstoðarþega sem starfa í frumframleiðslu í landbúnaði eða á sviði sjávarútvegs og lagareldis, annarra en þeirra sem 2. þáttur a á við um, um sérhverja úthlutun stakrar aðstoðar sem fer yfir 10 000 evrur.

Að því er varðar aðstoð sem veitt er til verkefna innan evrópskrar svæðasamvinnu, eins og um getur í 20. gr., skulu upplýsingarnar sem um getur í þessari málsgrein settar á vefsetur aðildarríkisins þar sem hlutaðeigandi stjórnunaryfirvald, eins og það er skilgreint í 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1299/2013 (\*\*), eða 45. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1059 (\*\*\*), eftir því hvort á við, er staðsett. Að öðrum kosti geta þátttökuaðildarríkin ákveðið að hvert þeirra skuli láta í té þær upplýsingar, sem tengjast aðstoðarráðstöfununum innan yfirráðasvæðis þeirra, á viðkomandi vefsetrum.

Birtingarskyldan sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein skal ekki gilda um aðstoð sem veitt er til verkefna innan evrópskrar svæðasamvinnu, sem um getur í 20. gr. a, og samfélagsverkefna um staðbundna þróun skv. 19. gr. b.

2. Að því er kerfi í formi skattaívilnana og kerfi sem falla undir 16. gr., 21. gr. a og 22. gr. (\*\*\*\*) varðar, skulu skilyrðin sem sett eru fram í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar teljast uppfyllt ef aðildarríki birta tilskildar upplýsingar um fjárhæðir stakrar aðstoðar á eftirfarandi bili (í milljónum evra):

0,01–0,1 (aðeins til sjávarútvegs og lagareldis, sem og frumframleiðslu í landbúnaði),

0,1–0,5,

0,5–1,

1–2,

2–5,

5–10,

10–30 og

30 og meira.

(\*) Opin leit í einingunni um gagnsæi í ríkisaðstoð er aðgengileg hér: <https://webgate.ec.europa.eu/competition/transparency/public?lang=en>.

(\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1299/2013 frá 17. desember 2013 um sérstök ákvæði um stuðning Byggaþróunarsjóðs Evrópu við markmið um evrópska svæðasamvinnu (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 259).

(\*\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1059 frá 24. júní 2021 um sérstök ákvæði um markmið evrópskrar svæðasamvinnu (Interreg) sem nýtur stuðnings Byggaþróunarsjóðs Evrópu og ytri fjármögnunarleiða (Stjtið. ESB L 231, 30.6.2021, bls. 94).

(\*\*\*\*) Að því er kerfi, sem falla undir 16. gr., 21. gr. a og 22. gr. þessarar reglugerðar, varðar má fella niður kröfuna um að birta upplýsingar um hverja staka úthlutun yfir 100 000 evrum hvað varðar lítil og meðalstór fyrirtæki sem ekki hafa stundað neina sölu í viðskiptalegum tilgangi á markaði.“

- b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Upplýsingarnar, sem um getur í c-lið 1. mgr., skulu skipulagðar og gerðar aðgengilegar á staðlaðan hátt, eins og lýst er í III. viðauka, og skal gera ráð fyrir skilvirkum leitar- og niðurlasmöguleikum. Þær skulu birtar innan sex mánaða frá þeim degi þegar aðstoðin er veitt eða, hvað varðar aðstoð í formi skattaívilnana, innan eins árs frá lokum frests til að skila skattframtali og skulu þær vera tiltækar í a.m.k. 10 ár frá þeim degi þegar aðstoðin er veitt. Að því er varðar aðstoð í formi skattaívilnana skal 31. desember á því ári sem aðstoðin var veitt teljast dagsetning veitingar aðstoðar að því er þessa málsgrein varðar ef árlegs framtals er ekki formlega krafist.“

- 9) Í stað síðasta málslíðar 1. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„Fyrsta undirgrein skal ekki gilda að því er varðar aðstoð sem er veitt til verkefna innan evrópskrar svæðasamvinnu sem um getur í 20. gr. a, sem og samfélagsverkefna um staðbundna þróun eins og um getur í 19. gr. b.“

- 10) Í stað 13. gr. kemur eftirfarandi:

„13. gr.

#### **Gildissvið svæðisbundinnar aðstoðar**

Þessi þáttur gildir ekki um:

- a) aðstoð innan stál-, brúnkola- og kolageirans,
- b) aðstoð við flutningsgeirann, ásamt tilheyrandi grunnvirkjum; aðstoð við orkuframleiðslu, -geymslu, -dreifingu og -grunnvirki, að undanskilinni svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð á ystu svæðum og svæðisbundnum rekstraraðstoðarkerfum; og aðstoð innan breiðbandsgeirans, að undanskildum svæðisbundnum rekstraraðstoðarkerfum,
- c) svæðisbundna aðstoð í formi kerfa sem eru ætluð takmörkuðum fjölda sérstakra atvinnugreina; kerfi sem eru ætluð ferðaþjónustu eða vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða teljast ekki ætluð sérstökum atvinnugreinum,
- d) svæðisbundna rekstraraðstoð sem er veitt fyrirtækjum með aðalstarfsemi sem fellur undir bálk K „Fjármála- og váttryggingastarfsemi“ í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., eða fyrirtækjum sem stunda starfsemi innan samstæðu og aðalstarfsemin fellur undir flokk 70.10 „Starfsemi höfuðstöðva“ eða flokk 70.22 „Viðskiptaráðgjöf og önnur rekstrarráðgjöf“ í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“

- 11) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Á aðstoðarsvæðum, sem uppfylla skilyrði a-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans, má veita aðstoðina til nýfjárfestingar á hvaða formi sem er, óháð stærð aðstoðarþegans. Á aðstoðarsvæðum, sem uppfylla skilyrði c-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans, má veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð til nýfjárfestingar á hvaða formi sem er og stórum fyrirtækjum einungis til nýfjárfestingar sem leiðir til nýrrar atvinnustarfsemi á viðkomandi svæði.“

- b) Í stað 4.-7. liðar kemur eftirfarandi:

„4. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera einn eða fleiri eftirfarandi þátta:

- a) fjárfestingarkostnaður í efnislegum og óefnislegum eignum,
- b) áætlaður launakostnaður sem er til kominn vegna atvinnusköpunar sem rekja má til nýfjárfestingar, reiknaður yfir tveggja ára tímabil, eða
- c) sambland hluta kostnaðar sem um getur í a- og b-lið sem fer þó ekki yfir fjárhæðina í a- eða b-lið, hvort sem er hærra.

5. Fjárfestingin skal standa yfir í a.m.k. fimm ár á viðkomandi svæði, eða þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki, eftir að fjárfestingunni er lokið. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að skipt sé um úrelta eða ónýta stöð eða búnað á því tímabili, að því tilskildu að atvinnustarfsemi haldist á viðkomandi svæði í umræddan lágmarkstíma.

6. Eignir sem aflað er skulu vera nýjar nema ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki og öflun starfsstöðvar.

Taka má tillit til kostnaðar sem er tengdur leigu efnislegra eigna með eftirfarandi skilyrðum:

- a) leiga á landi og byggingum verður að vera til a.m.k. fimm ára eftir áætluð lok fjárfestingaverkefnisins þegar um er að ræða stór fyrirtæki og til a.m.k. þriggja ára þegar um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki,

- b) leiga á tækjakosti eða vélum verður að vera í formi fjármögnunarleigu og fela í sér skuldbindingu fyrir aðstoðarþegann um að kaupa eignina þegar leigusamningurinn rennur út.

Ef um er að ræða nýfjárfestingu eins og um getur í b-lið 49. liðar eða b-lið 51. liðar 2. gr. skal að jafnaði einungis taka tillit til kostnaðar við að kaupa eignirnar frá þriðju aðilum sem eru ótengdir kaupandanum. Ef aðstandandi upphaflegs eiganda eða einn eða fleiri starfsmenn taka yfir lítið fyrirtæki skal skilyrðið um að eignir skuli keyptar frá þriðja aðila, sem er ótengdur kaupandanum, þó fellt niður. Viðskiptin skulu fara fram við markaðsaðstæður. Ef yfirtöku á eignum starfsstöðvar fylgir viðbótarfjárfesting sem er aðstoðarhæf hvað varðar svæðisbundna aðstoð skal bæta aðstoðarhæfum kostnaði þeirrar viðbótarfjárfestingar við kostnað vegna yfirtöku á eignum starfsstöðvarinnar. Ef aðstoð hefur þegar verið veitt til yfirtöku eigna áður en þær eru keyptar skal draga kostnaðinn af þessum eignum frá aðstoðarhæfum kostnaði sem tengist yfirtöku starfsstöðvar.

7. Að því er varðar aðstoð til stórra fyrirtækja, sem er veitt vegna grundvallarbreytingar á framleiðsluferlinu, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera hærri en afskriftir eigna sem tengjast starfseminni sem færa á til nútímahorfs á næstliðnum þremur reikningsárum. Að því er varðar aðstoð til stórra fyrirtækja eða lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem er veitt til að auka fjölbreytni innan starfandi starfsstöðvar skal aðstoðarhæfur kostnaður vera a.m.k. 200% yfir bókfærðu virði eignanna sem eru endurnýttar, eins og skráð er á næstliðnu reikningsári fyrir upphaf verks.“

- c) Ákvæðum 8. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað d-liðar fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„d) þær verða að vera hluti af eignum fyrirtækisins sem fær aðstoðina og vera áfram bundnar verkefninu, sem aðstoðin er veitt til, í a.m.k. fimm ár (þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki).“

- ii. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Að því er stór fyrirtæki varðar er kostnaður við óefnislegar eignir aðeins aðstoðarhæfur upp að 50% af aðstoðarhæfum heildarfjárfestingarkostnaði fyrir nýfjárfestinguna. Að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki skulu 100% kostnaðar við óefnislegar eignir vera aðstoðarhæf.“

- d) Í stað a- og b-liðar 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) fjárfestingarverkefnið skal leiða til hreinnar aukningar í fjölda starfsmanna í viðkomandi starfsstöð, borið saman við meðaltal næstliðinna 12 mánaða, eftir að störf sem tapast hafa á tímabilinu hafa verið dregin frá þeim fjölda starfa sem urðu til, tilgreint í ársverkum,

b) ráðið skal í hverja stöðu innan þriggja ára frá lokum fjárfestingarinnar,“.

- e) Ákvæði 10. og 11. mgr. falla brott.

- f) Í stað fyrsta málslíðar 12. mgr. kemur eftirfarandi:

„12. Aðstoðarhlutfall skal ekki fara yfir hámarkshlutfall aðstoðar sem er skilgreint á korti yfir svæðisbundna aðstoð sem er í gildi á þeim tíma þegar aðstoðin er veitt á viðkomandi svæði.“

- g) Í stað fyrsta málslíðar 13. mgr. kemur eftirfarandi:

„13. Hvers kyns nýfjárfesting sama aðstoðarþega (á grundvelli samstæðu) sem varðar sams konar eða svipaða starfsemi innan þriggja ára tímabils frá upphafsdegi verks annarrar fjárfestingar, sem nýtur aðstoðar, á sama svæði á 3. stigi í flokkun hagskýrslusvæða, skal teljast hluti af stöku fjárfestingarverkefni.“

- h) Í stað 14. og 15. mgr. kemur eftirfarandi:

„14. Aðstoðarþegi skal sjálfur fjármagna a.m.k. 25% af aðstoðarhæfum kostnaði, annaðhvort með eigin fé eða með ytri fjármögnun á formi sem felur ekki í sér opinberan stuðning. Krafan um eigið 25% framlag gildir ekki um fjárfestingaraðstoð sem er veitt til fjárfestinga á ystu svæðum, að svo miklu leyti sem lægra framlag þurfi til að nýta til fulls hámarkshlutfall aðstoðar.

15. Að því er varðar nýfjárfestingu, sem tengist verkefnum innan evrópskrar svæðasamvinnu og fellur undir reglugerð (ESB) nr. 1299/2013 eða reglugerð (ESB) 2021/1059, skal aðstoðarhlutfallið á svæðinu þar sem nýfjárfestingin er gilda fyrir alla aðstoðarþega sem taka þátt í verkefnum. Ef nýfjárfestingin er á tveimur eða fleiri aðstoðarsvæðum skal hámarkshlutfall aðstoðar vera það hlutfall sem gildir á aðstoðarsvæðinu þar sem stofnað er til stærsta hluta aðstoðarhæfa kostnaðarins. Á aðstoðarsvæðum sem uppfylla skilyrði fyrir aðstoð skv. c-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans skal þetta ákvæði einungis gilda um stór fyrirtæki ef nýfjárfestingin skapar nýja atvinnustarfsemi.“

12) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) viðbótarkostnaðurinn við flutningana er reiknaður á grundvelli flutningsleiðar varanna innan landamæra hlutaðeigandi aðildarríkis með þeim flutningatækjum sem hafa í för með sér minnstan kostnað fyrir aðstoðarþegann. Aðildarríkið getur sett umhverfisstaðla sem flutningsmátinn sem valinn er þarf að uppfylla og ef aðstoðarþeginn þarf að uppfylla slíka staðla getur hann byggt útreikning á viðbótarflutningskostnaði á lægsta kostnaði við að uppfylla þessa umhverfisstaðla.“

b) Í stað inngangsorðanna í 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Á strjálbýlum og mjög strjálbýlum svæðum skulu svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi miða að því að koma í veg fyrir eða draga úr fólksfækkun, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:“.

13) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Heildarfjárfesting í þéttbýlisþróunarverkefni samkvæmt aðstoðarráðstöfun í þágu þéttbýlisþróunar skal ekki fara yfir 22 milljónir evra.“

b) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Aðstoð til þéttbýlisþróunar skal virkja viðbótarfjárfestingu frá sjálfstæðum einkafjárfestum, eins og skilgreint í 72. lið 2. gr., á vettvangi þéttbýlisþróunarsjóða eða þéttbýlisþróunarverkefna til þess að ná uppsafnaðri fjárhæð sem nemur að lágmarki 20% af heildarfjármögnuninni sem veitt er til þéttbýlisþróunarverkefnis.“

14) Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera einn eða fleiri eftirfarandi þátta:

- a) kostnaður vegna fjárfestinga í efnislegum og óefnislegum eignum, þ.m.t. einkskiptiskostnaður sem ekki er hægt að afskrifa og tengist beint fjárfestingunni og upphaflegri uppsetningu hennar,
- b) áætlaður launakostnaður vegna starfa sem skapast beinlínis vegna fjárfestingarverkefnisins, reiknaður yfir tveggja ára tímabil,
- c) sambland hluta kostnaðar sem um getur í a- og b-lið sem fer þó ekki yfir fjárhæðina í a- eða b-lið, hvort sem er hærra.

3. Til að fjárfesting geti talist vera aðstoðarhæfur kostnaður í skilningi þessarar greinar skal fjárfesting felast í eftirfarandi:

- a) fjárfestingu í efnislegum og óefnislegum eignum sem tengjast stofnun nýrrar starfsstöðvar; stækkun starfandi starfsstöðvar; aukinni fjölbreytni í framleiðslu starfsstöðvar með vörum eða þjónustu sem ekki hafa áður verið framleiddar í eða veittar af starfsstöðinni; eða grundvallarbreytingu á heildarframleiðsluferli viðkomandi vöru eða vara eða heildarveitingu þjónustu sem fjárfestingin í starfsstöðinni varðar eða
- b) yfirtöku á eignum sem tilheyra starfsstöð sem hefur verið lokað, eða hefði verið lokað ef hún hefði ekki verið keypt. Yfirtaka á hlutum fyrirtækis ein og sér telst ekki fjárfesting. Viðskiptin skulu fara fram við markaðsaðstæður. Að meginreglu til skal einungis taka tillit til kostnaðar við að kaupa eignirnar frá þriðju aðilum sem eru ótengdir kaupandanum. Ef aðstandandi upphaflegs eiganda eða einn eða fleiri starfsmenn taka yfir lítið fyrirtæki skal skilyrðið um að eignir skuli keyptar frá þriðja aðila, sem er ótengdur kaupandanum, þó fellt niður.

Endurnýjunarfjárfesting telst því ekki vera fjárfesting í skilningi þessarar málsgreinar.“

b) Eftirfarandi 3. mgr. a bætist við:

„3a. Taka má tillit til kostnaður sem er tengdur leigu efnislegra eigna með eftirfarandi skilyrðum:

a) leiga á landi og byggingum verður að vera til a.m.k. þriggja ára eftir áætluð lok fjárfestingarinnar,

b) leiga á tækjakosti eða vélum verður að vera í formi fjármögnunarleigu og fela í sér skuldbindingu fyrir aðstoðarþegann um að kaupa eignina þegar leigusamningurinn rennur út.“

c) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) þær skulu vera afskrifanlegar,“.

ii. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) þær skulu hafa talist með eignum fyrirtækisins sem fær aðstoðina í a.m.k. þrjú ár.“

15) Í stað 19. gr. a og 19. gr. b kemur eftirfarandi:

„19. gr. a

**Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna kostnaðar við þátttöku í samfélagsverkefnum um staðbundna þróun**

1. Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna kostnaðar við þátttöku í samfélagsverkefnum um staðbundna þróun, sem falla undir reglugerð (ESB) nr. 1303/2013 eða reglugerð (ESB) 2021/1060, skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Eftirfarandi kostnaður, sem er settur fram í 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1303/2013 eða 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1060, eftir því hvort á við, skal vera aðstoðarhæfur að því er varðar samfélagsverkefni um staðbundna þróun:

- a) kostnaður við undirbúning stuðnings, uppbyggingu á getu, þjálfun og tengslamyndun með það fyrir augum að undirbúa og koma til framkvæmda áætluninni um samfélagsverkefni um staðbundna þróun,
- b) framkvæmd samþykktra aðgerða,
- c) undirbúningur og framkvæmd samstarfsverkefna,
- d) rekstrarkostnaður sem tengist stjórnun framkvæmdar áætlunarinnar um samfélagsverkefni um staðbundna þróun,
- e) aðgerðir innan áætlunarinnar um samfélagsverkefni um staðbundna þróun til að auðvelda skipti milli hagsmunaaðila á upplýsingum og stuðla að áætluninni og verkefninum, auk þess að styðja mögulega aðstoðarþega með það fyrir augum að þróa aðgerðir og undirbúa umsóknir.

3. Aðstoðarhlutfallið skal ekki fara yfir það hámarkshlutfall stuðnings sem kveðið er á um í sérreglugerðum sjóðsins sem styðja við samfélagsverkefni um staðbundna þróun.

19. gr. b

**Takmarkaðar aðstoðarfjárhæðir til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem njóta ávinnings af samfélagsverkefnum um staðbundna þróun**

1. Aðstoð til fyrirtækja sem taka þátt í eða njóta ávinnings af samfélagsverkefnum um staðbundna þróun, eins og um getur í 1. mgr. 19. gr. a, skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Heildarfjárhæð aðstoðar samkvæmt þessari grein sem veitt er fyrir hvert verkefni skal ekki fara yfir 200 000 evrur.“

16) Eftirfarandi 19. gr. c og 19. gr. d bætast við:

„19. gr. c

**Aðstoð til örfyrirtækja í formi opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma**

1. Aðstoð til örfyrirtækja í formi opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla. Þessi grein gildir um:

- a) opinbera íhlutun í verðlagningu til að lækka verð söluaðila til örfyrirtækja á hverja einingu raforku, gass eða varma,
  - b) greiðslur til örfyrirtækja, beint eða fyrir milligöngu söluaðila, á hverja notaða einingu raforku, gass eða varma til að vega upp á móti hluta kostnaðar af þeirri notkun.
2. Ráðstafanirnar skv. 1. mgr. skulu:
- a) hvorki mismuna söluaðilum né örfyrirtækjum,
  - b) kveða á um að allir söluaðilar eigi rétt á að bjóða örfyrirtækjum rafmagn, gas eða varma á sama grundvelli,
  - c) kveða á um kerfi sem tryggir að ef aðstoðin er veitt fyrir milligöngu söluaðila renni hún til endanlegs aðstoðarþega að því marki sem unnt er og
  - d) leiða af sér verð yfir kostnaðarverði, á stigi þar sem skilvirk verðsamkeppni getur átt sér stað.

3. Aðstoðarfjárhæðin skal nema þeirri greiðslu sem innt er af hendi eða, ef um er að ræða opinbera íhlutun í verðlagningu, ekki vera hærri en mismunurinn á markaðsverði, sem hefði þurft að greiða fyrir heildarraforku-, gas- og/eða varmanotkun aðstoðarþegans, og verðsins fyrir sömu notkun í kjölfar opinberrar íhlutunar.

19. gr. d

**Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í formi tímabundinnar opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma sem framleiddur er með jarðgasi eða raforku til að draga úr áhrifum verðhækkana í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu**

1. Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í formi opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma, að því marki sem hann er framleiddur með jarðgasi eða raforku, skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla. Þessi grein gildir um:

- a) opinbera íhlutun í verðlagningu til að lækka verð söluaðila á hverja einingu raforku, gass eða varma,
  - b) greiðslur til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, beint eða fyrir milligöngu söluaðila, á hverja notaða einingu raforku, gass eða varma til að vega upp á móti hluta kostnaðar af þeirri notkun.
2. Ráðstafanirnar skv. 1. mgr. skulu:
- a) takmarkast við að hámarki 70% af notkun aðstoðarþegans á raforku, gasi eða varma sem framleiddur er með jarðgasi eða raforku á því tímabili sem aðstoðin nær yfir,
  - b) hvorki mismuna söluaðilum né litlum og meðalstórum fyrirtækjum,
  - c) kveða á um að bæta söluaðilum það upp ef opinbera íhlutunin krefst þess að þeir afhendi undir kostnaðarverði,

- d) kveða á um að allir söluaðilar eigi rétt á að bjóða rafmagn, gas eða varma á sama grundvelli,
- e) kveða á um kerfi sem tryggir að ef aðstoðin er veitt fyrir milligöngu söluaðila renni hún til endanlegs aðstoðarþega að því marki sem unnt er og
- f) leiða af sér meðaleiningarverð sem er a.m.k. jafnhátt meðaleiningarverði raforku, gass eða varma, eftir því sem við á, til notenda í viðkomandi aðildarríki á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2021.

3. Greiðslur til söluaðila vegna afhendingar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja á verði undir kostnaðarverði vegna opinberrar íhlutunar í verðlagningu, skulu samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegnar tilkynningarskyldunni sem kveðið er á um í 3. mgr. 108. gr., að því tilskildu að:

- a) slík opinber íhlutun í verðlagningu uppfylli skilyrði 2. mgr. og
- b) uppbótargreiðslan sé ekki hærri en mismunurinn á því verði sem söluaðili hefði getað búið við að fá með því að miða við söluverð á markaðsforsendum án íhlutunarinnar og verðinu undir kostnaðarverði sem stafar af opinberu íhlutuninni.

4. Þessi grein gildir um aðstoð vegna kostnaðar af raforku-, gas- eða varmanotkun á tímabili þar sem opinber íhlutun í verðlagningu í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem fá annaðhvort gas, raforku eða varma er sérstaklega leyfð skv. afleiddri löggjöf sem byggist á 122. gr. sáttmálans. Aðstoðin skal veitt eigi síðar en 12 mánuðum eftir lok þessa tímabils.

5. Aðstoðarfjárhæðin skal nema þeirri greiðslu sem innt er af hendi til annað hvort litla eða meðalstóra fyrirtækisins eða söluaðilans, eða, ef um er að ræða opinbera íhlutun í verðlagningu, ekki vera hærri en mismunurinn á markaðsverði, sem hefði þurft að greiða fyrir heildarorkunotkun aðstoðarþegans, og verðsins fyrir sömu notkun í kjölfar opinberrar íhlutunar.“

17) Í stað 2. mgr. 20. gr. a kemur eftirfarandi:

„2. Heildarfjárhæð aðstoðar samkvæmt þessari grein sem veitt er fyrirtæki fyrir hvert verkefni skal ekki fara yfir 22 000 evrur.“

18) Í stað 21. gr. kemur eftirfarandi:

„21. gr.

#### **Aðstoð vegna áhættufjármögnunar**

1. Aðstoðarkerfi fyrir áhættufjármögnun í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja skulu samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Aðildarríkin skulu, annað hvort beint eða í gegnum umsjónaraðila, framkvæma áhættufjármagnsráðstöfunina fyrir milligöngu eins eða fleiri fjármálamilliliða. Aðildarríkin eða umsjónaraðilar skulu láta fjármálamilliliðum í té opinbert framlag í samræmi við 9.–13. mgr. og fjármálamilliliðir skulu, í samræmi við 14.–17. mgr., annast áhættufjármagnsfjárfestingar í samræmi við 4.–8. mgr. í aðstoðarhæfum fyrirtækjum sem uppfylla 3. mgr. Hvorki aðildarríki né umsjónaraðilar skulu fjárfesta beint í aðstoðarhæfum fyrirtækjum án aðkomu fjármálamilliliðar.

3. Aðstoðarhæf fyrirtæki skulu vera óskráð litil og meðalstór fyrirtæki sem uppfylla, þegar upphaflega áhættufjármagnsfjárfestingin á sér stað, a.m.k. eitt eftirfarandi skilyrði:

- a) þau hafa ekki verið starfrækt á neinum markaði,
- b) þau hafa verið starfrækt á markaði annað hvort:
  - i. skemur en í tíu ár frá skráningu þeirra eða

- ii. skemur en í sjö ár frá fyrstu sölu þeirra í viðskiptalegum tilgangi.

Hafi öðru tímabilanna sem um getur í i. og ii. lið verið beitt gagnvart tilteknu fyrirtæki má einungis beita því tímabili gagnvart sama fyrirtæki vegna hvers konar síðari áhættufjármögnunaraðstoðar. Þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa keypt annað fyrirtæki eða sem urðu til við samruna skal aðstoðarhæfistímabilið, sem beitt er, einnig taka til starfsemi keypta fyrirtækisins eða fyrirtækjanna sem runnu saman, eftir því sem við á, nema velta þeirra nemi minna en 10% af veltu yfirtökufyrirtækisins á fjárhagsárinu fyrir kaupin eða, þegar um er að ræða fyrirtæki sem urðu til við samruna, minna en 10% af samanlagðri veltu samrunafyrirtækjanna á fjárhagsárinu fyrir samrunann. Að því er varðar aðstoðarhæfistímabilið sem um getur í i. lið, sé því beitt, skal það hefjast, að því er varðar fyrirtæki sem eru ekki bundin kröfum um skráningu, annað hvort á þeirri stundu þegar fyrirtækið hefur atvinnustarfsemi sína eða þegar atvinnustarfsemi þess verður skattskyld, hvort heldur gerist fyrr,

- c) þau þurfa nýfjárfestingu sem er, byggt á viðskiptaáætlun sem gerð er með nýja atvinnustarfsemi í huga, hærri en 50% af árlegum meðaltekjum næstliðinna fimm ára. Þrátt fyrir fyrsta málslið skal sú viðmiðunarfjárhæð takmarkast við 30% að því er varðar eftirfarandi fjárfestingar, sem skulu teljast nýfjárfestingar í nýrri atvinnustarfsemi:

- i. fjárfestingar sem bæta verulega umhverfisárangur starfseminnar í samræmi við 2. mgr. 36. gr.,
- ii. aðrar umhverfislega sjálfbærar fjárfestingar eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852,
- iii. fjárfestingar sem miða að því að auka getu til náms, aðgreiningar, hreinsunar, vinnslu eða endurvinnslu á mikilvægu hráefni sem er á skrá í IV. viðauka.

- 4. Áhættufjármagnsfjárfestingin getur einnig tekið til framhaldsfjárfestinga í aðstoðarhæfum fyrirtækjum, þ.m.t. eftir aðstoðarhæfistímabilið sem um getur í b-lið 3. mgr., ef eftirfarandi samanlögð skilyrði eru uppfyllt:

- a) ekki er farið yfir heildarfjárhæð áhættufjármagns sem um getur í 8. mgr.,
- b) möguleikinn á framhaldsfjárfestingum kom fram í upphaflegu viðskiptaáætluninni,
- c) fyrirtækið sem fær framhaldsfjárfestingar hefur ekki orðið „tengt fyrirtæki“, í skilningi 3. mgr. 3. gr. í I. viðauka, annars fyrirtækis en fjármálamilliliðarins eða sjálfstæða einkafjárfestisins sem lætur í té áhættufjármagn innan ramma ráðstöfunarinnar, nema nýi aðilinn sé lítið eða meðalstórt fyrirtæki.

- 5. Áhættufjármagnsfjárfestingar í aðstoðarhæfum fyrirtækjum geta verið í formi hlutafjár eða ígildis hlutafjárframlags, lána, ábyrgða eða sambland af þessu.

- 6. Ef ábyrgðir eru veittar skal ábyrgðin ekki fara yfir 80% af láninu til aðstoðarhæfa fyrirtækisins sem liggur til grundvallar.

- 7. Að því er varðar áhættufjármagnsfjárfestingar í formi hlutafjár og ígildis hlutafjárframlags í aðstoðarhæfum fyrirtækjum getur áhættufjármagnsráðstöfun einungis tekið til endurnýjunarfjármagns ef það er lagt við nýtt fjármagn sem nær a.m.k. 50% af fjárfestingu í aðstoðarhæfu fyrirtækjunum í hverri fjárfestingarlotu.

- 8. Útistandandi heildarfjárhæð áhættufjármagnsfjárfestingar sem um getur í 5. mgr. skal ekki fara yfir 16,5 milljónir evra á hvert aðstoðarhæft fyrirtæki samkvæmt hverri áhættufjármagnsráðstöfun. Til að reikna út þessa hámarksfjárhæð áhættufjármagnsfjárfestingar skal taka tillit til eftirfarandi:

- a) nafnverðs leiðarinnar ef um er að ræða lán og fjárfestingar í formi ígildis hlutafjárframlags, sem byggðar eru upp sem skuld,
- b) útistandandi nafnverðs lánsins, sem liggur til grundvallar, ef um er að ræða ábyrgðir.

9. Opinbera framlagið sem látið er fjármálamilliliðum í té má vera í formi:

- a) hlutafjár eða ígildis hlutafjár eða fjárframlags til áhættufjármagnsfjárfestinga beint eða óbeint til aðstoðarhæfra fyrirtækja,
- b) lána vegna áhættufjármagnsfjárfestinga beint eða óbeint til aðstoðarhæfra fyrirtækja,
- c) ábyrgða til að standa straum af tapi vegna áhættufjármagnsfjárfestinga beint eða óbeint til aðstoðarhæfra fyrirtækja.

10. Fyrirkomulag áhættu- og hagnaðarhlutdeildar milli aðildarríkisins (eða umsjónaraðila þess) annars vegar og einkafjárfesta, fjármálamilliliða eða sjóðsstjóra hins vegar, skal vera viðeigandi og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) þegar um er að ræða áhættufjármögnunaraðstoð aðra en í formi ábyrgða skal forgangsávöxtun hagnaðar (óregluleg hagnaðarhlutdeild eða möguleikar á auknum hagnaði) hafa forgang fram yfir vernd gegn hugsanlegu tapi (ráðstafanir til að koma í veg fyrir tap),
- b) ef um er að ræða óreglulega hagnaðarhlutdeild milli opinberra fjárfesta og einkafjárfesta skal fyrsta tapið sem opinberi fjárfestirinn tekur á sig vera að hámarki 25% af áhættufjármagnsfjárfestingunni,
- c) þegar um er að ræða áhættufjármögnunaraðstoð í formi ábyrgða skal ábyrgðarhlutfallið takmarkast við 80% og heildartap sem aðildarríki tekur á sig skal að hámarki vera 25% af tryggðu eignasafni sem liggur til grundvallar. Einungis ábyrgðir sem ná yfir vænt tap tryggða eignasafnsins, sem liggur til grundvallar, má veita endurgjaldslaust. Ef ábyrgð tekur einnig til óvænts taps skal fjármálamilliliðurinn greiða ábyrgðargjald í samræmi við markaðskjör fyrir þann hluta ábyrgðarinnar sem nær yfir óvænt tap.

11. Þegar opinbera framlagið til fjármálamilliliðarins er í formi hlutafjár og ígildis hlutafjárframlags, eins og um getur í a-lið 9. mgr., má ekki nota meira en 30% af samanlögðu hlutafjárframlagi fjármálamilliliðarins og óinnheimtu stofnfé við stýringu lausafjár.

12. Að því er varðar áhættufjármagnsráðstafanir, sem miða að áhættufjármagnsfjárfestingum í formi hlutafjár, ígildis hlutafjár eða lána til aðstoðarhæfra fyrirtækja, skal opinbera framlagið til fjármálamilliliðarins virkja viðbótarfjármagn frá sjálfstæðum einkafjárfestum á vettvangi fjármálamilliliða eða aðstoðarhæfra fyrirtækja, til þess að tryggja að samanlagt hlutfall fjárframlaga frá einkaaðilum nái eftirfarandi lágmarksmörkum:

- a) 10% af áhættufjármagnsfjárfestingunni í aðstoðarhæfum fyrirtækjum sem um getur í a-lið 3. mgr.,
- b) 40% af áhættufjármagnsfjárfestingunni í aðstoðarhæfum fyrirtækjum sem um getur í b-lið 3. mgr.,
- c) 60% af áhættufjármagnsfjárfestingunni í aðstoðarhæfum fyrirtækjum sem getið er í c-lið 3. mgr. og fyrir framhaldsáhættufjármagnsfjárfestingu í aðstoðarhæfum fyrirtækjum eftir aðstoðarhæfistímabilið sem getið er í b-lið 3. mgr.

Fjármagn frá sjálfstæðum einkafjárfestum sem notið hafa góðs af áhættufjármögnunaraðstoð í formi skattaívilnana, í samræmi við 21. gr. a, skal ekki talið með í samanlögðu hlutfalli fjárframlaga frá einkaaðilum, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Hlutfall fjárframlaga frá einkaaðilum, sem um getur í b- og c-lið fyrstu undirgreinar, skal lækkað í 20% í b-lið og 30% í c-lið þegar um er að ræða fjárfestingar sem annað hvort: er ráðist í á aðstoðarsvæðum, sem eru tilgreind á samþykktu korti yfir svæðisbundna aðstoð sem er í gildi á þeim tíma þegar áhættufjármagnsfjárfestingin á sér stað skv. a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans; eða sem fá stuðning á grundvelli áætlunar aðildarríkisins um endurreisn og viðnám sem ráðið samþykkir; eða sem fá aðstoð frá Evrópska varnarsjóðnum í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/697 eða skv. Geimvísindaáætlun Sambandsins skv. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/696 (\*); eða sem fá stuðning frá sjóðum Sambandsins sem lúta sameiginlegri stjórnun og falla undir reglugerð (ESB) 1303/2013, reglugerð (ESB) 2021/1060 eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2115 (\*\*).

13. Ef áhættufjármagnsráðstöfun er framkvæmd af fjármálamillilið og beinist að aðstoðarhæfum fyrirtækjum á mismunandi þróunarstigum, eins og um getur í 3. og 4. mgr., skal fjármálamilliliðurinn tryggja hlutfall fjárframlaga frá einkaaðilum sem felur í sér a.m.k. vegið meðaltal, sem byggist á umfangi einstakra fjárfestinga í eignasafninu sem liggur til grundvallar og leiðir af því að nota lágmarkshlutföll fjárframlaga til slíkra fjárfestinga eins og um getur í 12. mgr., nema tilskilinni þátttöku sjálfstæðra einkafjárfesta sé náð á vettvangi aðstoðarhæfu fyrirtækjanna.

14. Fjármálamilliliðir og sjóðsstjórar skulu valdir á grundvelli opins og gagnsæs ferlis án mismununar í samræmi við gildandi löggjöf Sambandsins og landslög. Aðildarríkin geta krafist þess að þeir sem koma til greina sem fjármálamilliliðir og sjóðsstjórar uppfylli fyrirframskilgreindar viðmiðanir sem eru réttlættar á hlutlægan hátt eftir því hvers eðlis fjárfestingarnar eru. Ferlið skal byggjast á hlutlægum viðmiðunum, tengdum reynslu, sérfræðipækkingu og rekstrarlegri og fjárhagslegri getu, og skal uppfylla eftirfarandi samanlögð skilyrði:

- a) það skal tryggja að þeir sem koma til greina sem fjármálamilliliðir og sjóðsstjórar séu stofnaðir í samræmi við gildandi lög,
- b) einkum skal það ekki mismuna fjármálamilliliðum og sjóðsstjórum á grundvelli þess að þeir hafi staðfestu eða séu skráðir í tilteknu aðildarríki,
- c) það skal miða að því að koma á viðeigandi fyrirkomulagi áhættu- og hagnaðarhlutdeildar eins og um getur í 10. mgr. og að ákvörðunum sem miða að hagnaði eins og um getur í 15. mgr.

15. Áhættufjármagnsráðstafanir skulu tryggja að fjármálamilliliðirnir sem fá opinbera framlagið taki ákvarðanir sem miða að hagnaði þegar farið er í áhættufjármagnsfjárfestingar í aðstoðarhæfum fyrirtækjum. Þessi skylda telst virt þegar eftirfarandi samanlögð skilyrði eru uppfyllt:

- a) aðildarríkið eða umsjónaraðilinn, sem annast framkvæmd ráðstöfunarinnar, skal sjá um áreiðanleikakönnun til þess að tryggja fjárfestingaráætlun sem byggð er á traustum viðskiptagrunni í því skyni að koma áhættufjármögnunar-ráðstöfuninni til framkvæmda, þ.m.t. viðeigandi stefnu varðandi áhættudreifingu sem miðar að því að ná efnahagslegum lífvænleika og hagkvæmni með tilliti til stærðar og landfræðilegs gildissviðs viðkomandi fjárfestingarsafns,
- b) áhættufjármagnsfjárfestingar í aðstoðarhæfum fyrirtækjum skulu byggjast á lífvænlegri viðskiptaáætlun, þar sem fram koma upplýsingar um vöru, sölu og þróun arðsemi, og gerð grein fyrir því fyrir fram að verkefnið sé fjárhagslega lífvænlegt,
- c) liggja skal fyrir skýr og raunhæf útgönguáætlun fyrir hverja fjárfestingu í formi hlutafjár og ígildis hlutafjárframlags.

16. Stjórnun fjármálamilliliða skal vera á viðskiptalegum grunni. Þessi krafa er uppfyllt þegar fjármálamilliliðurinn og, eftir því um hvaða tegund áhættufjármagnsráðstöfunar er að ræða, sjóðsstjórinn, uppfylla eftirfarandi samanlögð skilyrði:

- a) þeim ber skylda samkvæmt lögum eða samningi til að starfa í samræmi við bestu starfsvenjur og af þeirri kostgæfni sem krafist er af faglegum stjórnendum í góðri trú og forðast hagsmunaárekstra; opinberu eftirliti skal fylgt þar sem við á,
- b) laun þeirra skulu vera í samræmi við markaðsvenjur. Þessi krafa telst uppfyllt ef þeir eru valdir á grundvelli opins og gagnsæs ferlis án mismununar í samræmi við 14. mgr.,
- c) þeir skulu deila hluta af fjárfestingaráættunni með því annað hvort að fjárfesta eigin fjármuni í sameiginlegri fjárfestingu eða fá árangurstengd laun, til þess að tryggja að hagsmunir þeirra verði varanlega tengdir hagsmunum aðildarríkisins eða umsjónaraðila þess,
- d) þeir skulu setja fram fjárfestingaráætlun, viðmiðanir og fyrirhugaða tímasetningu fjárfestinga,
- e) fjárfestunum er heimilt að eiga fulltrúa hjá stjórnunarstofnunum fjárfestingarsjóðsins, t.d. í eftirlitsstjórn eða ráðgjafarnefnd, ef þær eru fyrir hendi.

17. Með áhættufjármagnsráðstöfun sem felst í áhættufjármagnsfjárfestingu í aðstoðarhæfum fyrirtækjum í formi ábyrgða, lána eða ígildis hlutafjárframlags skal fjármálamilliliðurinn taka að sér áhættufjármagnsfjárfestingar í aðstoðarhæfum fyrirtækjum sem hefðu ella ekki verið framkvæmdar eða framkvæmdar á annan og takmarkaðan hátt án aðstoðarinnar. Fjármálamilliliðurinn skal geta sýnt fram á að hann starfi samkvæmt fyrirkomulagi sem tryggir að allur ávinningur renni að mestu leyti til aðstoðarhæfra fyrirtækja í formi umfangsmeiri fjármögnunar, áhættusamari eignasafna, minni krafna um tryggingar, lægri ábyrgðargjalda eða lægri vaxta.

18. Áhættufjármagnsráðstafanir sem felast í áhættufjármagnsfjárfestingum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr. skulu samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegnar tilkynningarskyldunni sem kveðið er á um í 3. mgr. 108. gr., að uppfylltum eftirfarandi samanlögðum skilyrðum:

- a) aðstoðin uppfylli, á vettvangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1407/2013 (\*\*), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1408/2013 (\*\*\*\*) eða reglugerð (ESB) nr. 717/2014, eftir því sem við á,
- b) öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein séu uppfyllt, að undanskildum þeim sem sett eru fram í 3., 4., 8., 12. og/ eða 13. mgr.,
- c) að því er varðar áhættufjármagnsráðstafanir sem felast í áhættufjármagnsfjárfestingum í aðstoðarhæfum fyrirtækjum í formi hlutafjár, ígildis hlutafjár eða lána, að ráðstöfunin virkji viðbótarfjármagn frá sjálfstæðum einkafjárfestum á vettvangi fjármálamilliliða eða lítilla og meðalstórra fyrirtækja, til þess að tryggja að samanlagt hlutfall fjárframlaga frá einkaaðilum nái a.m.k. 60% áhættufjármagnsins sem veitt er litlum eða meðalstórum fyrirtækjum.

Hlutfall fjárframlaga frá einkaaðilum, sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar, skal lækkað í 30% þegar um er að ræða fjárfestingar sem annað hvort: er ráðist í á aðstoðarsvæðum, sem eru tilgreind á samþykktu korti yfir svæðisbundna aðstoð sem er í gildi á þeim tíma þegar áhættufjármagnsfjárfestingin á sér stað skv. a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans; eða sem fá stuðning á grundvelli áætlunar aðildarríkisins um endurreisn og viðnám sem ráðið samþykkir; eða sem fá aðstoð frá Evrópska varnarsjóðnum í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/697 eða skv. Geimvísindaáætlun Sambandsins skv. reglugerð (ESB) 2021/696 eða frá sjóðum Sambandsins sem lúta sameiginlegri stjórnun og falla undir reglugerð (ESB) 1303/2013, reglugerð (ESB) 2021/1060 eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2115.

- (\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/696 frá 28. apríl 2021 um að koma á fót Geimvísindaáætlun Sambandsins og Stofnun um geimvísindaáætlun Evrópusambandsins sem og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 912/2010, (ESB) nr. 1285/2013 og (ESB) nr. 377/2014 og ákvörðun nr. 541/2014/ESB (Stjtið. ESB L 170, 12.5.2021, bls. 69).
- (\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2115 frá 2. desember 2021 um að setja reglur um stuðning við stefnuáætlanir sem aðildarríkin eiga að semja samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og eru fjármagnaðar af Ábyrgðarsjóði evrópsks landbúnaðar (EAGF) og af Dreifbýlisþróunarsjóði evrópsks landbúnaðar (EAFRD) og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 1305/2013 og (ESB) nr. 1307/2013 (Stjtið. ESB L 435, 6.12.2021, bls. 1).
- (\*\*\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð (Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 1).
- (\*\*\*\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1408/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð í landbúnaðargeiranum (Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 9).“

19) Eftirfarandi 21. gr. a bætist við:

„21. gr. a

**Áhættufjármögnunaraðstoð í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í formi skattaívilnana til handa einkafjárfestum sem eru einstaklingar**

1. Aðstoðarkerfi fyrir áhættufjármögnun í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í formi skattaívilnana til handa sjálfstæðum einkafjárfestum sem eru einstaklingar og láta áhættufjármagn í té beint eða óbeint til aðstoðarhæfra fyrirtækja skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Aðstoðarhæf fyrirtæki eru þau sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 21. gr. Heildaráhættu-fjármagnsfjárfesting í hverju aðstoðarhæfu fyrirtæki skv. 21. gr. og skv. þessari grein skal ekki fara yfir hámarks-fjárhæðina sem mælt er fyrir um í 8. mgr. 21. gr.

3. Þegar sjálfstæður einkafjárfestir leggur til áhættufjármagn óbeint í gegnum fjármálamillilið skal aðstoðarhæfa fjárfestingin vera í formi kaupa á hlutum eða hlutdeild í fjármálamilliliðnum sem á móti skal leggja til áhættufjárfestingar í aðstoðarhæfum fyrirtækjum í samræmi við 5.–8. mgr. 21. gr. Ekki má veita neinar skattaívilnanir í tengslum við þjónustu sem fjármálamilliliðurinn eða stjórnendur hans veita.

4. Þegar sjálfstæður einkafjárfestir leggur til áhættufjármagn beint til aðstoðarhæfs fyrirtækis skulu einungis kaup á nýútgefnum, almennum hlutum með fullri áhættu, sem aðstoðarhæft fyrirtæki gefur út, teljast aðstoðarhæf fjárfesting. Eiga verður hlutina í a.m.k. 3 ár. Endurnýjunarfjármagn skal aðeins falla undir þetta að uppfylltum skilyrðum 7. mgr. 21. gr. Að því er varðar möguleg form skattaívilnunar má jafna tapi sem hlýst af sölu hlutanna á móti tekjuskatti. Þegar um er að ræða skattaívilnun af arði getur allur arður af hlutum sem uppfylla tilskilin skilyrði verið (að öllu leyti eða að hluta) undanþeginn tekjuskatti. Allur hagnaður af sölu hluta sem uppfylla tilskilin skilyrði má vera (að öllu leyti eða að hluta) undanþeginn skatti á söluhagnað eða fresta má skattskuld vegna slíks hagnaðar ef endurfjárfest er í nýjum hlutum sem uppfylla tilskilin skilyrði innan eins árs.

5. Leggi sjálfstæður einkafjárfestir til áhættufjármagn beint til aðstoðarhæfs fyrirtækis skal skattaívilnunin, reiknuð sem samanlagður hámarksskattafsláttur allra skattívilnana samanlagt, ekki fara yfir eftirfarandi hámarksmörk, til að tryggja viðeigandi þátttöku slíks sjálfstæðs einkafjárfestis í samræmi við 12. mgr. 21. gr.:

- a) 50% af aðstoðarhæfri fjárfestingu sjálfstæða einkafjárfestisins í aðstoðarhæfum fyrirtækjum sem getið er í a-lið 3. mgr. 21. gr.,
- b) 35% af aðstoðarhæfri fjárfestingu sjálfstæða einkafjárfestisins í aðstoðarhæfum fyrirtækjum sem getið er í b-lið 3. mgr. 21. gr.,
- c) 20% af aðstoðarhæfri fjárfestingu sjálfstæða einkafjárfestisins í aðstoðarhæfum fyrirtækjum sem getið er í c-lið 3. mgr. 21. gr., eða af aðstoðarhæfri framhaldsfjárfestingu í aðstoðarhæfu fyrirtæki eftir aðstoðarhæfistímabilið sem getið er í b-lið 3. mgr.

Hækka má skattívilnunarmörkin fyrir beinar fjárfestingar sem um getur í fyrstu undirgrein í allt að 65% skv. a-lið, allt að 50% skv. b-lið og allt að 35% skv. c-lið þegar um er að ræða fjárfestingar sem annað hvort: er ráðist í á aðstoðarsvæðum, sem eru tilgreind á samþykktu korti yfir svæðisbundna aðstoð sem er í gildi á þeim tíma þegar áhættufjármagns-fjárfestingin á sér stað skv. a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans; eða sem fá stuðning á grundvelli áætlunar aðildarríkisins um endurreisn og viðnám sem ráðið samþykkir; eða sem fá aðstoð frá Evrópska varnarsjóðnum í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/697 eða samkvæmt Geimvísindaáætlun Sambandsins samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/696 eða sem fá stuðning frá sjóðum Sambandsins sem lúta sameiginlegri stjórnun og falla undir reglugerð (ESB) 1303/2013, reglugerð (ESB) 2021/1060 eða reglugerð (ESB) 2021/2115.

6. Leggi sjálfstæður einkafjárfestir til áhættufjármagn óbeint í gegnum fjármálamillilið, og í samræmi við 12. mgr. 21. gr., skal skattaívilnunin, reiknuð sem samanlagður hámarksskattafsláttur allra skattívilnana samanlagt, ekki fara yfir 30% af aðstoðarhæfri fjárfestingu sjálfstæða einkafjárfestisins í aðstoðarhæfu fyrirtæki sem um getur í 3. mgr. 21. gr. Hækka má skattívilnunarmörkin í allt að 50% þegar um er að ræða fjárfestingar sem annað hvort: er ráðist í á aðstoðarsvæðum, sem eru tilgreind á samþykktu korti yfir svæðisbundna aðstoð sem er í gildi á þeim tíma þegar áhættufjármagnsfjárfestingin á sér stað skv. a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans; eða sem fá stuðning á grundvelli áætlunar aðildarríkisins um endurreisn og viðnám sem ráðið samþykkir; eða sem fá aðstoð frá Evrópska varnarsjóðnum í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/697 eða samkvæmt Geimvísindaáætlun Sambandsins samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/696 eða sem fá stuðning frá sjóðum Sambandsins sem lúta sameiginlegri stjórnun og falla undir reglugerð (ESB) 1303/2013, reglugerð (ESB) 2021/1060 eða reglugerð (ESB) 2021/2115.“

20) Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðstoðarhæf fyrirtæki skulu vera sérhvert óskráð, lítið fyrirtæki utan kauphallar í allt að fimm ár frá skráningu þess sem uppfyllir eftirfarandi samarlögð skilyrði:

- a) það hefur ekki tekið yfir starfsemi annars fyrirtækis, nema velta yfirteknu starfseminnar nemi minna en 10% af veltu aðstoðarhæfa fyrirtækisins á fjárhagsárinu fyrir yfirtökuna,
- b) það hefur ekki enn úthlutað hagnaði,
- c) það hefur ekki keypt annað fyrirtæki eða orðið til við samruna, nema velta keypta fyrirtækisins nemi minna en 10% af veltu aðstoðarhæfa fyrirtækisins á fjárhagsárinu fyrir kaupin eða velta fyrirtækisins sem varð til við samrunann sé minna en 10% hærri en samarlögð velta samrunafyrirtækjanna á fjárhagsárinu fyrir samrunann.

Að því er varðar aðstoðarhæf fyrirtæki, sem eru ekki bundin kröfum um skráningu, skal fimm ára aðstoðarhæfistímabilið hefjast annað hvort á þeirri stundu þegar fyrirtækið hefur atvinnustarfsemi sína eða starfsemi þess verður skattskyld, hvort heldur gerist fyrir.

Þrátt fyrir c-lið fyrstu undirgreinar geta fyrirtæki, sem hafa orðið til við samruna aðstoðarhæfra fyrirtækja samkvæmt þessari grein, einnig talist aðstoðarhæf fyrirtæki í allt að fimm ár frá skráningardegi elsta fyrirtækisins í samrunanum.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Upphafsaðstoð skal vera í formi:

- a) lána með vöxtum sem eru ekki í samræmi við markaðsaðstæður, eru til tíu ára og að nafnverði að hámarki 1,1 milljón evra eða 1,65 milljón evra fyrir fyrirtæki sem sett eru á fót á aðstoðarsvæðum og uppfylla skilyrðin í c-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans eða 2,2 milljónir evra fyrir fyrirtæki sem eru sett á fót á aðstoðarsvæðum og uppfylla skilyrðin í a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans. Hámarksfjárhæðum lána, sem eru til fimm til tíu ára, má breyta með því að margfalda fjárhæðirnar hér að framan með hlutfallinu milli tíu ára og raunverulegrar lengdar lánsins. Hámarksfjárhæð lána, sem eru til skemmri tíma en fimm ára, skal vera sú sama og á við um lán til fimm ára,
- b) ábyrgða með gjöldum sem eru ekki í samræmi við markaðsaðstæður, eru til tíu ára og ábyrgjast að hámarki 1,65 milljón evra eða 2,48 milljónir evra fyrir fyrirtæki sem sett eru á fót á aðstoðarsvæðum og uppfylla skilyrðin í c-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans eða 3,3 milljónir evra fyrir fyrirtæki sem eru sett á fót á aðstoðarsvæðum og uppfylla skilyrðin í a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans. Í tilviki ábyrgða, sem eru til fimm til tíu ára, má breyta hámarksfjárhæðinni, sem gengist er í ábyrgð fyrir, með því að margfalda fjárhæðirnar hér að framan með hlutfallinu milli tíu ára og raunverulegrar lengdar ábyrgðarinnar. Í tilviki ábyrgða, sem eru til skemmri tíma en fimm ára, skal hámarksfjárhæðin, sem gengist er í ábyrgð fyrir, vera sú sama og á við um ábyrgðir til fimm ára, Ábyrgðin skal ekki fara yfir 80% af láninu sem liggur til grundvallar,
- c) styrkja, þ.m.t. fjárfesting í formi hlutafjár eða ígildis hlutafjárframlags, lækkun vaxta og ábyrgðagjalda með vergu styrkígildi allt að 0,5 milljónum evra eða 0,75 milljónum evra hvað varðar fyrirtæki sem sett eru á fót á aðstoðarsvæðum og uppfylla skilyrði c-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans eða 1 milljón evra hvað varðar fyrirtæki sem sett eru á fót á aðstoðarsvæðum og uppfylla skilyrðin í a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans,
- d) skattaívilnana til aðstoðarhæfra fyrirtækja allt að 0,5 milljónum evra eða 0,75 milljónum evra hvað varðar fyrirtæki sem sett eru á fót á aðstoðarsvæðum og uppfylla skilyrði c-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans eða 1 milljón evra hvað varðar fyrirtæki sem sett eru á fót á aðstoðarsvæðum og uppfylla skilyrðin í a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans.“

## c) Eftirfarandi 6. og 7. mgr. bætast við:

„6. Þegar upphafsaðstoðarkerfi er framkvæmt gegnum einn eða fleiri fjármálamilliliði gilda skilyrðin um fjármálamilliliði sem mælt er fyrir um í 10., 14., 15., 16. og 17. mgr. 21. gr.

7. Til viðbótar við fjárhæðirnar sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr. geta upphafsaðstoðarkerfi annað hvort falist í yfirfærslu hugverkaréttar eða veitingu tengds aðgangsréttar, annað hvort án endurgjalds eða undir markaðsverði. Yfirfærslan eða veitingin skal vera frá stofnun á sviði rannsókna og þekkingarmiðlunar, í skilningi 83. liðar 2. gr., sem hefur þróað hugverkið sem liggur til grundvallar með sjálfstæðri eigin rannsókna- og þróunarstarfsemi eða í samvinnu við aðra, til aðstoðarhæfs fyrirtækis í skilningi 2. mgr. Yfirfærslan eða veitingin skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

- a) markmiðið með yfirfærslu hugverkaréttarins eða veitingu tengds aðgangsréttar er að setja nýja vöru eða þjónustu á markað og
- b) virði hugverkaréttarins er ákveðið á markaðsverði, sem er raunin hafi það verið ákveðið með einni eftirtalinna aðferða:
  - i. fjárhæðin hefur verið ákveðin með opnu, gagnsæu samkeppnisútbóði án mismununar,
  - ii. óháð sérfræðimat hefur staðfest að fjárhæðin jafngildi a.m.k. markaðsverði,
  - iii. í þeim tilvikum þar sem aðstoðarhæfa fyrirtækið hefur forkaupsrétt að hugverkarétti sem verður til í samstarfi við stofnunina á sviði rannsókna og þekkingarmiðlunar, þar sem stofnunin nýtir sér gagnkvæman rétt á að falast eftir fjárhagslega hagkvæmari tilboðum frá þriðju aðilum svo að aðstoðarhæfa fyrirtækið þarf að jafna tilboð þeirra til samræmis við það.

Virði hvers konar framlags, fjárhagslegs eða ekki, sem aðstoðarhæfa fyrirtækið leggur af mörkum til kostnaðar við starfsemi stofnunarinnar á sviði rannsókna og þekkingarmiðlunar sem leiddi til viðkomandi hugverkaréttar, má draga frá virði hugverkaréttarins sem um getur í þessum lið,

- c) aðstoðarfjárhæð vegna yfirfærslu hugverkaréttar eða veitingar tengds aðgangsréttar samkvæmt þessari málsgrein skal ekki vera hærri en 1 milljón evra. Aðstoðarfjárhæðin samsvarar virði hugverkaréttarins sem um getur í b-lið að frádregnum fyrrnefndum frádrætti sem um getur í síðasta málslíð b-liðar og að frádreginni hvers konar greiðslu sem aðstoðarþeganum ber að greiða fyrir hugverkaréttinn. Virði hugverkaréttarins sem um getur í b-lið getur verið meira en 1 milljón evra en í því tilviki getur aðstoðarhæfa fyrirtækið greitt mismuninn með eigin fé eða með öðrum hætti.“

## 21) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. 23. gr. kemur eftirfarandi:

Aðstoðarráðstöfunin getur verið í formi skattaívilnana til sjálfstæðra einkafjárfesta, sem eru einstaklingar, að því er varðar þær áhættufjármagnsfjárfestingar sem þeir ráðast í á óhefðbundnum viðskiptavettvangi í aðstoðarhæfum fyrirtækjum samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. og 5. mgr. 21. gr. a“

## 22) Ákvæðum 24. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera:

- a) kostnaður við fyrstu skimun og formlega áreiðanleikakönnun sem stjórnendur fjármálamilliliða eða fjárfestar takast á hendur til að ákvarða aðstoðarhæf fyrirtæki skv. 21. gr., 21. gr. a og 22. gr.,
- b) kostnaður við fjárfestingagreiningar, eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 36. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 (\*), á stöku aðstoðarhæfu fyrirtæki skv. 21. gr., 21. gr. a og 22. gr., að því tilskildu að þessari greiningu sé miðlað opinberlega og, hafi henni verið miðlað til viðskiptavina þess sem framkvæmir fjárfestingagreininguna áður en henni er miðlað opinberlega, að henni sé miðlað opinberlega á sama formi og eigi síðar en 3 mánuðum eftir að henni var fyrst miðlað til viðskiptavina.

3. Fjárfestingagreiningin sem um getur í b-lið 2. mgr. þessarar greinar skal uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í 36. og 37. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565.

(\*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 frá 25. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 1).“

b) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við:

„4. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði.“

23) Ákvæðum 25. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað e-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„e) annar fastur kostnaður og rekstrarkostnaður, þ.m.t. efniskostnaður, kostnaður við birgðir og aðrar slíkar vörur sem stofnað er til vegna verkefnisins; með fyrirvara um þriðja málslíð 1. mgr. 7. gr. má að öðrum kosti reikna slíkan rannsóknar- og þróunarverkefniskostnað á grundvelli einfaldaðrar aðferðar við kostnaðarútreikninga í formi allt að 20% fastagjalds sem reiknað er af aðstoðarhæfum heildarkostnaði við rannsóknar- og þróunarverkefni sem um getur í a- til d-lið. Í því tilviki skal sá rannsóknar- og þróunarverkefniskostnaður sem notaður er til að reikna út óbeina kostnaðinn ákveðinn á grundvelli hefðbundinna bókhaldsaðferða og aðeins taka til aðstoðarhæfs rannsóknar- og þróunarverkefniskostnaðar sem um getur í a- til d-lið.“

b) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall til iðnaðarrannsókna og þróunarstarfs í allt að 80% af aðstoðarhæfum kostnaði í samræmi við a- til d-lið, en ekki má blanda saman b-, c- og d-lið:

a) um 10% til meðalstórra fyrirtækja og um 20% til lítilla fyrirtækja,

b) um 15% ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

i. verkefnið felur í sér skilvirkt samstarf:

— milli fyrirtækja þar sem a.m.k. eitt þeirra er lítið eða meðalstórt fyrirtæki eða það er framkvæmt í a.m.k. tveimur aðildarríkjum eða í aðildarríki og hjá samningsaðila að EES-samningnum og ekkert stakt fyrirtæki ber meira en 70% af aðstoðarhæfum kostnaði eða

— milli fyrirtækis og einnar eða fleiri stofnana á sviði rannsókna og þekkingarmiðlunar þar sem þær síðarnefndu bera a.m.k. 10% af aðstoðarhæfum kostnaði og hafa rétt til að birta eigin rannsóknaniðurstöður,

ii. niðurstöðum verkefnisins er miðlað víða á ráðstefnum, með birtingu, í gagnasöfnum sem opin og aðgangur er að eða með fjálsúsum eða opnum hugbúnaði,

iii. aðstoðarþegi skuldbindur sig til þess að gera leyfi fyrir rannsóknarniðurstöðum rannsóknar- og þróunarverkefna sem njóta aðstoðar, og sem vernduð eru af hugverkarétti, tímanlega aðgengileg á markaðsverði og án þess að það feli í sér einkarétt og án mismununar, til nota fyrir hagsmunaaðila á Evrópska efnahagssvæðinu,

iv. rannsóknar- og þróunarverkefnið er unnið á aðstoðarsvæði sem uppfyllir skilyrði a-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans,

c) um 5% ef rannsóknar- og þróunarverkefnið er unnið á aðstoðarsvæði sem uppfyllir skilyrði c-liðar 3. mgr. 107. gr. sáttmálans,

d) um 25% ef rannsóknar- og þróunarverkefnið:

- i. hefur verið valið af aðildarríki í kjölfar opinna auglýsingar eftir tillögum til að vera hluti af verkefni sem hannað er sameiginlega af a.m.k. þremur aðildarríkjum eða samningsaðilum að EES-samningnum og
- ii. felur í sér skilvirkt samstarf milli fyrirtækja í a.m.k. tveimur aðildarríkjum eða samningsaðilum að EES-samningnum ef aðstoðarþeginn er lítið eða meðalstórt fyrirtæki, eða í a.m.k. þremur aðildarríkjum eða samningsaðilum að EES-samningnum ef aðstoðarþeginn er stórt fyrirtæki og
- iii. a.m.k. annað eftirfarandi skilyrði er uppfyllt:
  - niðurstöðum rannsóknar- og þróunarverkefnisins er miðlað víða í a.m.k. þremur aðildarríkjum eða samningsaðilum að EES-samningnum á ráðstefnum, með birtingu, í gagnasöfnum sem opin aðgangur er að eða með frjálsum eða opnum hugbúnaði,
  - aðstoðarþegi skuldbindur sig til þess að gera leyfi fyrir rannsóknarniðurstöðum rannsóknar- og þróunarverkefna sem njóta aðstoðar, og sem vernduð eru af hugverkarétti, tímanlega aðgengileg á markaðsverði og án þess að það feli í sér einkarétt og án mismununar, til nota fyrir hagsmunaaðila á Evrópska efnahagssvæðinu.“

24) Eftirfarandi 25. gr. e bætist við:

„25. gr. e

**Aðstoð innan ramma samfjármögnunar verkefna sem njóta stuðnings Evrópska varnarsjóðsins eða Evrópsku iðnþróunaráætlunarinnar á sviði varnarmála**

1. Aðstoð sem veitt er til að samfjármagna rannsóknar- og þróunarverkefni sem fjármagnað er af Evrópska varnarsjóðnum eða Evrópsku iðnþróunaráætluninni á sviði varnarmála og sem er tekið út, því ráðað og það valið í samræmi við reglur Evrópska varnarsjóðsins eða Evrópsku iðnþróunaráætlunarinnar á sviði varnarmála, skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.
2. Aðstoðarhæfur kostnaður verkefnis sem nýtur aðstoðar skal vera sá sem telst aðstoðarhæfur samkvæmt reglum Evrópska varnarsjóðsins eða Evrópsku iðnþróunaráætlunarinnar á sviði varnarmála.
3. Heildarfjármögnun opinberra aðila getur verið allt að 100% af aðstoðarhæfum kostnaði verkefnisins, sem merkir að sá kostnaður þess sem ekki fellur undir fjármögnun Sambandsins getur fallið undir ríkisaðstoð.
4. Fáa aðstoðarþegi herra aðstoðarhlutfall en hámarksaðstoðarhlutfallið sem hann gæti hafa fengið skv. 5., 6. og 7. mgr. 25. gr. verður hann að greiða markaðsverð til úthlutunaryfirvaldsins fyrir að nota hugverkaréttindi eða frumgerðir sem leiðir af verkefninu í tilgangi sem ekki varðar varnarmál. Hámarksfjárhæðin sem greiða ber úthlutunaryfirvaldinu fyrir slíka notkun skal þó aldrei vera hærri en mismunurinn á aðstöðinni sem aðstoðarþeginn fær og þeirri hámarksaðstöð sem hann gæti hafa fengið með beitingu leyfilegs hámarksaðstoðarhlutfalls fyrir þann aðstoðarþega skv. 5., 6. og 7. mgr. 25. gr.“

25) Ákvæðum 26. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 50% af aðstoðarhæfum kostnaði. Hækka má aðstoðarhlutfallið í allt að 60% að því tilskildu að a.m.k. tvö aðildarríki láti í té opinberu fjármögnunina eða þegar um er að ræða rannsóknainnviði sem teknir eru út og valdir á vettvangi Sambandsins.“

26) Eftirfarandi 26. gr. a bætist við:

„26. gr. a

**Fjárfestingaraðstoð vegna prófunar- og tilraunainnviða**

1. Fjárfestingaraðstoð til byggingar eða uppfærslu á prófunar- og tilraunainnviðum skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Gjaldið sem er innheimt fyrir rekstur eða notkun innviðanna skal svara til markaðsverðs eða, ef markaðsverð liggur ekki fyrir, endurspeglar kostnað að viðbættum eðlilegum hagnaði.
  3. Aðgangur að innviðunum skal vera opin og mörgum notendum og veittur á gagnsæjan hátt og án mismununar. Veita má fyrirtækjum, sem hafa fjármagnað a.m.k. 10% af fjárfestingarkostnaði innviðanna, forgangsaðgang við hagstæðari skilyrði. Til þess að forðast ofgreiðslu skal slíkur aðgangur vera í hlutfalli við framlag fyrirtækisins til fjárfestingarkostnaðar og skulu þessi skilyrði vera aðgengileg öllum.
  4. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður við fjárfestingar í óefnislegum og efnislegum eignum.
  5. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 25% af aðstoðarhæfum kostnaði.
  6. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfallið í að hámarki allt að 40%, 50% og 60% af aðstoðarhæfum fjárfestingarkostnaði stórra, meðalstórra og lítilla fyrirtækja sem hér segir:
    - a) um 10% til meðalstórra fyrirtækja og um 20% til lítilla fyrirtækja,
    - b) um 10% til viðbótar vegna innviða til prófana og tilrauna yfir landamæri sem eru háðir opinberri fjármögnun a.m.k. tveggja aðildarríkja eða þegar um er að ræða prófunar- og tilraunainnviði sem teknir eru út og valdir á vettvangi Sambandsins,
    - c) um 5% til viðbótar vegna prófunar- og tilraunainnviða þar sem a.m.k. 80% af árlegri afkastagetu er úthlutað til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.“
- 27) Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Fjárfestingaraðstoð má veita til eiganda nýsköpunarklasans. Rekstraraðstoð má veita til rekstraraðila nýsköpunarklasans. Rekstraraðilinn, ef hann er annar en eigandi, getur annað hvort verið lögaðili eða samtök fyrirtækja án aðgreindrar réttarstöðu lögaðila. Í öllum tilvikum þarf sérhvert fyrirtæki að halda aðskilið bókhald yfir kostnað og tekjur hvernar starfsemi (eignarhald, rekstur og notkun klasans) samkvæmt gildandi reiknings-skilastöðlum.“
  - b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Gjöldin sem sett eru upp fyrir afnot af aðstöðu hjá klasanum og þátttöku í starfsemi hans skulu vera í samræmi við markaðsverð eða endurspeglar kostnað að viðbættum eðlilegum hagnaði.“
- 28) Ákvæðum 28. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað c-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) kostnaður vegna ráðgjafar- og stuðningsþjónustu á sviði nýsköpunar, þ.m.t. þjónusta stofnana á sviði rannsókna og þekkingarmiðlunar, rannsóknainnviða, prófunar- og tilraunainnviða eða nýsköpunarklasa.“
  - b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Ef um er að ræða aðstoð til ráðgjafar- og stuðningsþjónustu á sviði nýsköpunar má hækka aðstoðarhlutfallið í 100% af aðstoðarhæfum kostnaði svo fremi að heildarfjárhæð aðstoðar fyrir slíka þjónustu fari ekki yfir 220 000 evrur fyrir hvert fyrirtæki á þriggja ára tímabili.“
- 29) Ákvæðum 36. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað greinarheitisins og 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„36. gr.

#### **Fjárfestingaraðstoð til umhverfisverndar, þ.m.t. afkolunar**

1. Fjárfestingaraðstoð til umhverfisverndar, þ.m.t. aðstoð til að minnka losun og til upptöku gróðurhúsalofttegunda, skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.“

## b) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Þessi grein gildir ekki um ráðstafanir sem nákvæmari reglur eru settar um í 36. gr. a, 36. gr. b og 38.–48. gr. Hún skal heldur ekki gilda um fjárfestingar í búnaði, vélum og iðnaðarframleiðslustöðvum sem nota jarðefnaeldsneyti, þ.m.t. þeim sem nota jarðgas. Þetta hefur ekki áhrif á þann möguleika að veita aðstoð til uppsetningar á viðbótarþáttum til að bæta umhverfisverndarstig núverandi búnaðar, véla og iðnaðarframleiðslustöðva en þá skal fjárfestingin hvorki hafa í för með sér aukna framleiðslugetu né aukna notkun jarðefnaeldsneytis.“

## c) Eftirfarandi 1. mgr. b bætist við:

„1b. Þessi grein gildir einnig um fjárfestingar í búnaði og vélum sem nota, og innviðum sem flytja, vetni að því marki sem vetnið, sem notað er eða flutt, telst til endurnýjanlegs vetnis. Hún skal einnig gilda um fjárfestingar í búnaði og vélum sem nota eldsneyti unnið úr vetni, þar sem orkuinnihaldið kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum öðrum en lífmassa og sem hefur verið framleitt í samræmi við þá aðferðafræði sem sett er fram fyrir endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna í tilskipun (ESB) 2018/2001 og framkvæmdagerðum hennar eða framseldum gerðum.

Þessi grein skal einnig gilda um aðstoð til fjárfestinga í verum, búnaði og vélum sem framleiða eða nota, og sérhæfðu grunnvirki sem um getur í síðasta málslíð 130. liðar 2. gr. sem flytur, vetni sem framleitt er með rafmagni og sem ekki telst til endurnýjanlegs vetnis, að því marki sem hægt er að sýna fram á að vetnið, sem byggist á rafmagni, sem framleitt er, notað eða flutt, nái fram a.m.k. 70% minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum miðað við jarðefnaeldsneytissambæra sem nemur 94g CO<sub>2</sub>eq/MJ. Til að ákvarða minnkunina á losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum skv. þessari undirgrein, skal losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við framleiðslu raforku sem notuð er til að framleiða vetni ákvörðuð af jaðarframleiðslueiningunni á tilboðssvæðinu þar sem rafgreinirinn er staðsettur á uppgjörstímabilum ójöfnuðar þegar rafgreinirinn notar raforku úr dreifikerfinu.

Í þeim tilvikum sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein skal aðeins nota, flytja eða – þar sem við á – framleiða vetni sem uppfyllir skilyrði þessara undirgreina á líftíma fjárfestingarinnar. Aðildarríkið skal krefjast skuldbindingar þar að lútandi.“

## d) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

## i. Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

„a) hún skal gera kleift að framkvæma verkefni sem leiðir til aukinnar umhverfisverndar í tengslum við starfsemi aðstoðarþegans, umfram það sem kveðið er á um í gildandi Sambandsstöðlum, óháð því hvort fyrir hendi eru lögboðnir staðlar landsins sem ganga lengra en Sambandsstaðlarnir; þegar um er að ræða verkefni sem tengjast eða varða sérhæft grunnvirki, sem um getur í síðasta málslíð 130. liðar 2. gr., fyrir vetni í skilningi 1. mgr. b, glatvarma eða koltvísýring eða sem fela í sér tengingu við orkugrunnvirki fyrir vetni í skilningi 1. mgr. b, glatvarma eða koltvísýring, má aukningin í umhverfisvernd einnig vera afleiðing af starfsemi annarrar rekstrareiningar í innviðakeðjunni eða

b) hún skal gera kleift að framkvæma verkefni sem leiðir til aukinnar umhverfisverndar í tengslum við starfsemi aðstoðarþegans, ef engir Sambandsstaðlar eru fyrir hendi; að því er varðar verkefni sem tengjast eða varða sérhæft grunnvirki, sem um getur í síðasta málslíð 130. liðar 2. gr., fyrir vetni, í skilningi 1. mgr. b, glatvarma eða koltvísýring eða sem fela í sér tengingu við orkugrunnvirki fyrir vetni, í skilningi 1. mgr. b, glatvarma eða koltvísýring, má aukningin í umhverfisvernd einnig vera afleiðing af starfsemi annarrar rekstrareiningar í innviðakeðjunni eða“.

## ii. Eftirfarandi c-liður bætist við:

„c) hún skal gera kleift að framkvæma verkefni sem leiðir til aukinnar umhverfisverndar í tengslum við starfsemi aðstoðarþegans, til að fara að gildandi Sambandsstöðlum sem hafa verið samþykktir en hafa enn ekki öðlast gildi; að því er varðar verkefni sem tengjast eða varða sérhæft grunnvirki, sem um getur í síðasta málslíð 130. liðar 2. gr., fyrir vetni í skilningi 1. mgr. b, glatvarma eða koltvísýring eða sem fela í sér tengingu við orkugrunnvirki fyrir vetni í skilningi 1. mgr. b, glatvarma eða koltvísýring, má aukningin í umhverfisvernd einnig vera afleiðing af starfsemi annarrar rekstrareiningar í innviðakeðjunni.“

e) Eftirfarandi 2. mgr. a og 2. mgr. b bætast við:

„2a. Fjárfestingar í föngun og flutningi koltvísýrings skulu uppfylla eftirfarandi samantölgð skilyrði:

- a) föngun og/eða flutningur koltvísýrings, þ.m.t. einstakir þættir í keðju kolefnisföngunar og -geymslu (CCS) og kolefnisföngunar og -nýtingar (CCU), skulu felldir inn í heildstæða keðju kolefnisföngunar og -geymslu (CCS) og/eða kolefnisföngunar og -nýtingar (CCU),
- b) hreint núvirði fjárfestingarverkefnisins yfir líftíma þess skal vera neikvætt. Þegar hreint núvirði verkefnisins er reiknað út skal taka tillit til kostnaðar við koltvísýringslosun sem komist er hjá,
- c) aðstoðarhæfur kostnaður skal einungis vera viðbótarfjárfestingarkostnaður vegna föngunar koltvísýrings frá veri sem losar koltvísýring (iðjuveri eða orkuveri) eða beint úr andrúmsloftinu, sem og vegna biðgeymslu og flutnings fangaðrar koltvísýringslosunar.

2b. Þegar aðstoðin miðar að því að draga úr eða komast hjá beinni losun má aðstoðin ekki bara færa viðkomandi losun milli geira heldur verður hún að draga í heild úr þeirri losun sem hún beinist að; einkum þegar aðstoðin miðar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda má aðstoðin ekki bara færa þessa losun milli geira heldur verður hún að draga úr henni í heild.“

f) Í stað 3. til 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Ekki skal veita aðstoð þegar ráðist er í fjárfestingar til að tryggja að fyrirtæki uppfylli einungis gildandi Sambandsstaðla. Aðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að uppfylla Sambandsstaðla sem hafa verið samþykktir en eru enn ekki í gildi má veita samkvæmt þessari grein svo fremi að fjárfestingunni, sem aðstoð er veitt til, sé hrundið í framkvæmd og henni lokið a.m.k. 18 mánuðum áður en viðkomandi staðall öðlast gildi.

4. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá aukafjárfestingarkostnaður sem ákvarðaður er með því að bera kostnaðinn við fjárfestinguna saman við kostnað við staðleysusviðsmynd sem myndi eiga við ef aðstoðin kæmi ekki til, sem hér segir:

- a) feli staðleysusviðsmyndin í sér að ráðast í síður umhverfisvæna fjárfestingu sem samræmist eðlilegum viðskiptaháttum í geiranum eða fyrir viðkomandi starfsemi skal aðstoðarhæfur kostnaður vera mismunurinn á kostnaðinum við fjárfestinguna sem ríkisaðstoð er veitt til og kostnaðinum við síður umhverfisvænu fjárfestingu,
- b) feli staðleysusviðsmyndin í sér að ráðast í sömu fjárfestingu síðar skal aðstoðarhæfur kostnaður vera mismunurinn á kostnaðinum við fjárfestinguna sem ríkisaðstoð er veitt til og hreinu núvirði kostnaðar við fjárfestinguna síðar, reiknaður til núvirðis á þeim tímapunkti þegar ráðist yrði í fjárfestinguna sem aðstoð er veitt til,
- c) feli staðleysusviðsmyndin í sér að halda áfram rekstri núverandi aðstöðu og búnaðar skal aðstoðarhæfur kostnaður vera mismunurinn á kostnaðinum við fjárfestinguna sem ríkisaðstoð er veitt til og hreinu núvirði fjárfestinga í viðhaldi, viðgerðum og nútímavæðingu núverandi aðstöðu og búnaðar, reiknaður til núvirðis á þeim tímapunkti þegar ráðist yrði í fjárfestinguna sem aðstoð er veitt til,
- d) ef um er að ræða búnað sem fellur undir leigusamninga skal aðstoðarhæfur kostnaður vera mismunurinn á hreinu núvirði leigunnar á búnaðinum sem ríkisaðstoð er veitt til og leigu á síður umhverfisvænum búnaði sem leigður yrði ef aðstoðin kæmi ekki til; leigukostnaðurinn skal ekki ná yfir kostnað í tengslum við rekstur búnaðarins eða aðstöðunnar (eldsneytiskostnað, tryggingar, viðhald, aðrar rekstrarvörur) óháð því hvort hann er hluti af leigusamningnum eða ekki.

Í öllum aðstæðum sem taldar eru upp í a- til d-lið fyrstu undirgreinar skal staðleysusviðsmyndin samsvara fjárfestingu með sambærilega afkastagetu og líftíma sem samræmist Sambandsstöðlum sem þegar eru í gildi. Staðleysusviðsmyndin skal vera trúverðug í ljósi lagaskilyrða, markaðsaðstæðna og hvata af hálfu viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir.

Feli fjárfestingin, sem ríkisaðstoð er veitt til, í sér uppsetningu á viðbótarþætti við stöð sem fyrir er, og engin síður umhverfisvæn staðleysufjárfesting er fyrir hendi, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera heildarfjárfestingarkostnaðurinn.

Feli fjárfestingin, sem ríkisaðstoð er veitt til, í sér byggingu sérhæfðs grunnvirkis, sem um getur í síðasta málslið 130. liðar 2. gr., fyrir vetni í skilningi 1. mgr. b, glatvarma eða koltvísýring, sem nauðsynlegt er til að hægt sé að auka umhverfisvernd eins og um getur í 2. mgr. og 2. mgr. a, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera heildarfjárfestingarkostnaðurinn. Kostnaður af byggingu eða uppfærslu á geymsluaðstöðu, að undanskilinni geymsluaðstöðu fyrir endurnýjanlegt vetni og vetni sem fellur undir aðra undirgrein 1. mgr. b, skal ekki vera aðstoðarhæfur.

Kostnaður sem tengist því ekki beint að ná fram aukinni umhverfisvernd skal ekki vera aðstoðarhæfur.

5. Aðstoðarhlutfallið skal ekki fara yfir 40% af aðstoðarhæfum kostnaði. Leiði fjárfestingin, að undanskildum þeim sem reiða sig á notkun lífmassa, til 100% minnkunar á beinni losun gróðurhúsalofttegunda, má aðstoðarhlutfallið vera 50%.

6. Þegar um er að ræða fjárfestingar sem tengjast kolefnisföngun og -geymslu (CCS) og kolefnisföngun og -nýtingu (CCU) skal aðstoðarhlutfallið ekki fara yfir 30% af aðstoðarhæfum kostnaði.“

g) Eftirfarandi 9., 10. og 11. mgr. bætast við:

„9. Aðstoðarhlutfallið má vera 100% af fjárfestingarkostnaðinum ef veiting aðstoðarinnar byggir á útboði á samkeppnisgrundvelli sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði til viðbótar við þau sem mælt er fyrir um í 38. lið 2. gr.:

- a) veiting aðstoðarinnar skal byggð á hlutlægum, skýrum og gagnsæjum hæfis- og valviðmiðunum án mismununar, sem skilgreindar eru fyrirfram og birtar a.m.k. 6 vikum áður en umsóknarfrestur rennur út, svo að um virka samkeppni geti verið að ræða,
- b) við framkvæmd kerfis, þegar um er að ræða útboðsferli þar sem allir bjóðendur fá aðstoð, skal útfærsla áður nefnds ferlis leiðrétt til að koma aftur á virkri samkeppni í síðari útboðsferlum, t.d. með því að lækka fjárhagsáætlunina eða minnka magnið,
- c) eftiraleiðréttingar á niðurstöðu útboðsferlisins (svo sem síðari samningaviðræður um tilboðsniðurstöður) skulu útilokaðar,
- d) a.m.k. 70% af heildarvalviðmiðunum sem notaðar eru til að raða tilboðum og, að lokum, til að úthluta aðstoð í útboði á samkeppnisgrundvelli skulu ákvarðaðar m.t.t. framlags verkefnisins til umhverfismarkmiða ráðstöfunarinnar, t.d. aðstoðar sem óskað er eftir á hverja einingu umhverfisverndar sem ná á fram.

10. Annar kostur, auk 4.–9. mgr., er að aðstoðarfjárhæðin skuli ekki vera hærri en sem nemur mismuninum á þeim fjárfestingarkostnaði sem tengist því beint að ná fram aukinni umhverfisvernd og rekstrarhagnaði fjárfestingarinnar. Draga skal rekstrarhagnaðinn frá aðstoðarhæfa kostnaðinum fyrir fram á grundvelli raunhæfra spáa og hann sannprófaður eftir á með endurgreiðslufyrirkomulagi.

11. Þrátt fyrir a- til d-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. og 9. og 10. mgr. er hægt að ákvarða aðstoðarhæfan kostnað án þess að setja fram staðleysusviðsmynd og án undangengins útboðs á samkeppnisgrundvelli. Í því tilviki skal aðstoðarhæfur kostnaður vera sá fjárfestingarkostnaður sem tengist beint því að ná fram aukinni umhverfisvernd og viðeigandi aðstoðarhlutfall og hækkunar framlaga, sem sett eru fram í 5.–8. mgr., lækka um 50%.“

30) Í stað 36. gr. a kemur eftirfarandi:

„36. gr. a

#### **Fjárfestingaraðstoð vegna hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkja**

1. Fjárfestingaraðstoð vegna hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkja skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Þessi grein skal aðeins ná yfir aðstoð sem veitt er vegna hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkja sem sjá farartækjum, færanlegri stöðvaraðstöðu eða færanlegum búnaði til flug- eða skipaafgreiðslu fyrir rafmagni eða vetni. Þegar um er að ræða áfyllingargrunnvirki fyrir vetni sem aðstoð er veitt til skal aðildarríkið krefjast skuldbindingar af aðstoðarþega um að eigi síðar en 31. desember 2035 skuli áfyllingargrunnvirkið eingöngu bjóða upp á endurnýjanlegt vetni. Þessi grein gildir ekki um aðstoð til fjárfestinga í tengslum við hleðslu- og áfyllingargrunnvirki í höfnum.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera kostnaður við byggingu, uppsetningu, uppfærslu eða stækkun hleðslu- og áfyllingargrunnvirkja. Þessi kostnaður getur tekið til kostnaðar við sjálft hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkið og tengdan tæknibúnað, uppsetningu eða uppfærslu á rafmagnspáttum eða öðrum þáttum, þ.m.t. rafstrengjum og aflspennum sem eru nauðsynlegir til að tengja hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkið við netið eða við raforku- eða vetnisframleiðslustöð eða geymslueiningu á staðnum, svo og kostnaður vegna mannvirkja, aðlögunar svæða eða vega, uppsetningarkostnaðar og kostnaðar í tengslum við öflun viðeigandi leyfa.

Aðstoðarhæfur kostnaður getur einnig tekið til fjárfestingarkostnaðar við framleiðslu endurnýjanlegrar raforku eða endurnýjanlegs vetnis á vettvangi, og fjárfestingarkostnaðar við geymslueiningar til að geyma endurnýjanlega raforku eða vetni. Nafnframleiðslugeta framleiðslustöðvar á vettvangi fyrir endurnýjanlega raforku eða endurnýjanlegt vetni skal ekki vera meiri en hámarksmálútafl eða -áfyllingargeta hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkisins sem hún er tengd.

4. Veita skal aðstoð samkvæmt þessari grein með útboði á samkeppnisgrundvelli sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði til viðbótar við þau sem mælt er fyrir um í 38. lið 2. gr.:

- a) veiting aðstoðarinnar skal byggð á hlutlægum, skýrum og gagnsæjum hæfis- og valviðmiðunum án mismununar, sem skilgreindar eru fyrirfram og birtar a.m.k. 6 vikum áður en umsóknarfrestur rennur út, svo að um virka samkeppni geti verið að ræða,
- b) við framkvæmd kerfis, þegar um er að ræða útboðsferli þar sem allir bjóðendur fá aðstoð, skal útfærsla áður nefnds ferlis leiðrétt til að koma aftur á virkri samkeppni í síðari útboðsferlum, t.d. með því að lækka fjárhagsáætlunina eða minnka magnið,
- c) eftiráleiðréttingar á niðurstöðu útboðsferlisins (svo sem síðari samningaviðræður um tilbodsniðurstöður) skulu útilokaðar,
- d) a.m.k. 70% af heildarvalviðmiðunum sem notaðar eru til að raða tilboðum og, að lokum, til að úthluta aðstoð í útboði á samkeppnisgrundvelli skulu ákvarðaðar m.t.t. framlags verkefnisins til umhverfismarkmiða ráðstöfunarinnar, t.d. aðstoðar sem óskað er eftir á hverja hleðslu- eða áfyllingarstöð.

5. Ef aðstoð er veitt með útboði á samkeppnisgrundvelli sem uppfyllir skilyrði 4. mgr., má aðstoðarhlutfallið vera allt að 100% af aðstoðarhæfum kostnaði.

6. Þrátt fyrir 4. mgr. má veita aðstoð án undangengins útboðs á samkeppnisgrundvelli ef aðstoðin er veitt á grundvelli aðstoðarkerfis. Í því tilviki skal aðstoðarhlutfallið ekki fara yfir 20% af aðstoðarhæfum kostnaði. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall til meðalstórra fyrirtækja um 20% og til lítilla fyrirtækja um 30%. Einnig er heimilt að hækka aðstoðarhlutfall um 15% þegar um er að ræða fjárfestingar á aðstoðarsvæðum sem eru tilgreind á samþykktu korti yfir svæðisbundna aðstoð sem er í gildi á þeim tíma þegar aðstoðin er veitt skv. a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans eða um 5% þegar um er að ræða fjárfestingar á aðstoðarsvæðum sem eru tilgreind á samþykktu korti yfir svæðisbundna aðstoð sem er í gildi á þeim tíma þegar aðstoðin er veitt skv. c-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans.

7. Aðstoð sem veitt er einu fyrirtæki skal ekki fara yfir 40% af heildarfjárveitingu viðkomandi kerfis.

8. Ef aðgangur að hleðslu- og áfyllingargrunnvirkinu er opinn öðrum notendum en aðstoðarþega eða aðstoðarþegum skal einungis veita aðstoð til byggingar, uppsetningar, uppfærslu eða stækkunar hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkja sem eru aðgengileg almenningi og veita notendum aðgang án mismununar, þ.m.t. í tengslum við gjaldskrár, auðkenningu og greiðsluaðferðir og aðra notkunarskilmála og -skilyrði. Gjöld til annarra notenda en aðstoðarþega fyrir notkun hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkisins skal svara til markaðsverðs.

9. Rekstraraðilar hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkja sem bjóða eða heimila greiðslur á grundvelli samnings í grunnvirki sínu skulu ekki mismuna veitendum hreyfanleikaþjónustu, t.d. með forgangsáðgangsskilyrðum eða með verðmismunun án hlutlægs rökstuðnings.

10. Ganga skal úr skugga um nauðsyn þess að veita aðstoð til fjárfestingar í hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkjum í sama flokki og það sem til stendur að veita aðstoð (t.d., að því er varðar hleðslugrunnvirki: venjuleg hleðsla eða hraðhleðsla) á grundvelli opins fyrirframsamráðs við almenning eða óháðrar markaðsrannsóknar sem eru ekki eldri en 1 árs þegar aðstoðarráðstöfunin tekur gildi. Einkum skal ganga úr skugga um að ekki sé líklegt að sett verði upp slíkt grunnvirki á viðskiptagrundvelli innan þriggja ára frá birtingu aðstoðarráðstöfunarinnar.

Skyldan til að láta fara fram opið fyrirframsamráð við almenning eða óháða markaðsrannsókn sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein skal ekki eiga við um aðstoð til byggingar, uppsetningar, uppfærslu eða stækkunar hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkis sem almenningur hefur ekki aðgang að.

11. Þrátt fyrir 10. mgr. má gera ráð fyrir nauðsyn aðstoðar vegna hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkja fyrir ökutæki þegar ökutæki knúin raforku eingöngu (fyrir hleðslugrunnvirki) eða ökutæki sem eru knúin a.m.k. að hluta til með vetni (fyrir áfyllingargrunnvirki) telja, hvor um sig, minna en 3% af heildarfjölda ökutækja í sama flokki sem eru skráð í viðkomandi aðildarríki. Að því er þessa málsgrein varðar skal líta svo á að fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki falli í sama flokk ökutækja.

12. Sérleyfi eða annað umboð veitt þriðja aðila til að reka hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkið sem nýtur stuðnings skal veitt á gagnsæjum samkeppnisgrundvelli án mismununar og með tilhlýðilegu tilliti til gildandi reglna um innkaup.

13. Þegar aðstoð er veitt til að koma á fót nýju hleðslugrunnvirki þar sem mögulegt er að yfirfæra raforku með útafli sem er 22kW eða minna verður grunnvirkið að geta stutt snjallhleðsluvirki.“

31) Eftirfarandi 36. gr. b bætist við:

„36. gr. b

**Fjárfestingaraðstoð til kaupa á umhverfisvænum farartækjum eða farartækjum án losunar og vegna ísetningar endurbótahluta í farartæki**

1. Fjárfestingaraðstoð til kaupa á umhverfisvænum farartækjum eða farartækjum án losunar til flutninga á vegum, jámbrautum, skipgengum vatnaleiðum og á sjó og til ísetningar endurbótahluta í önnur farartæki en flugvélar til að þau teljist umhverfisvæn farartæki eða farartæki án losunar skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Aðstoð skal veitt til kaupa eða til leigu í a.m.k. 12 mánuði á umhverfisvænum farartækjum, sem knúin eru a.m.k. að hluta til með raforku eða vetni, eða farartækjum án losunar og til ísetningar endurbótahluta í farartæki til að þau teljist umhverfisvæn farartæki eða farartæki án losunar.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera eftirfarandi:

a) þegar um er að ræða fjárfestingar sem fela í sér kaup á umhverfisvænum farartækjum eða farartækjum án losunar, aukakostnaðurinn við að kaupa umhverfisvænt farartæki eða farartæki án losunar. Hann skal reiknaður sem mismunurinn á fjárfestingarkostnaðnum við að kaupa umhverfisvæna farartækið eða farartækið án losunar og fjárfestingarkostnaðnum við að kaupa farartæki í sama flokki sem samræmist Sambandsstöðlum sem þegar eru í gildi og sem hefði verið keypt án aðstoðarinnar,

b) þegar um er að ræða fjárfestingar sem fela í sér leigu á umhverfisvænum farartækjum eða farartækjum án losunar, aukakostnaðurinn við að leigja umhverfisvænt farartæki eða farartæki án losunar. Hann skal reiknaður sem mismunurinn á hreinu núvirði leigu á umhverfisvæna farartækinu eða farartækinu án losunar og hreinu núvirði leigu farartækis í sama flokki sem samræmist Sambandsstöðlum sem þegar eru í gildi og sem hefði verið leigt án aðstoðarinnar. Þegar ákvarða á aðstoðarhæfan kostnað skal ekki taka tillit til rekstrarkostnaðar farartækisins, þ.m.t. eldsneytiskostnaðar, trygginga- og viðhaldskostnaðar, óháð því hvort hann er hluti af leigusamningnum eða ekki,

c) þegar um er að ræða fjárfestingar sem fela í sér ísetningu endurbótahluta í farartæki til að þau teljist umhverfisvæn farartæki eða farartæki án losunar, fjárfestingarkostnaðurinn við ísetninguna.

4. Veita skal aðstoð samkvæmt þessari grein með útboði á samkeppnisgrundvelli sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði til viðbótar við þau sem mælt er fyrir um í 38. lið 2. gr.:

a) veiting aðstoðarinnar skal byggð á hlutlægum, skýrum og gagnsæjum hæfis- og valviðmiðunum án mismununar, sem skilgreindar eru fyrirfram og birtar a.m.k. 6 vikum áður en umsóknarfrestur rennur út, svo að um virka samkeppni geti verið að ræða,

b) við framkvæmd kerfis, þegar um er að ræða útboðsferli þar sem allir bjóðendur fá aðstoð, skal útfærsla áður nefnds ferlis leiðrétt til að koma aftur á virkri samkeppni í síðari útboðsferlum, t.d. með því að lækka fjárhagsáætlunina eða minnka magnið,

c) eftiráleiðréttingar á niðurstöðu útboðsferlisins (svo sem síðari samningaviðræður um tilboðsniðurstöður) skulu útilokaðar,

d) a.m.k. 70% af heildarvalviðmiðunum sem notaðar eru til að raða tilboðum og, að lokum, til að úthluta aðstoð í útboði á samkeppnisgrundvelli skulu ákvarðaðar m.t.t. framlags verkefnisins til umhverfismarkmiða ráðstöfunarinnar, t.d. aðstoðar sem óskað er eftir á hvert umhverfisvænt farartæki eða farartæki án losunar.

5. Ef aðstoð er veitt með útboði á samkeppnisgrundvelli sem uppfyllir skilyrði 4. mgr., skal aðstoðarhlutfallið ekki fara yfir:

a) 100% af aðstoðarhæfum kostnaði þegar um er að ræða kaup eða leigu á farartækjum án losunar eða ísetningu endurbótahluta í farartæki til að þau teljist farartæki án losunar,

b) 80% af aðstoðarhæfum kostnaði þegar um er að ræða kaup eða leigu á umhverfisvænum farartækjum eða ísetningu endurbótahluta í farartæki til að þau teljist umhverfisvæn farartæki.

6. Þrátt fyrir 4. mgr. má veita aðstoð án útboðs á samkeppnisgrundvelli ef aðstoðin er veitt á grundvelli aðstoðarkerfis.

Í þeim tilvikum skal aðstoðarhlutfallið ekki fara yfir 20% af aðstoðarhæfum kostnaði. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall um 10% þegar um er að ræða farartæki án losunar og um 20% til meðalstórra fyrirtækja eða 30% til lítilla fyrirtækja.

7. Þrátt fyrir 4. mgr. er einnig heimilt að veita aðstoð án útboðs á samkeppnisgrundvelli ef aðstoðin er veitt til fyrirtækja sem gerður hefur verið opinber þjónustusamningur við um að veita þjónustu á sviði almennra farþegaflutninga á landi, járnbrautum eða á sjó og vatnaleiðum í kjölfar opins og gagnsærs opinbers útboðs án mismununar, einungis í tengslum við kaup á umhverfisvænum farartækjum eða farartækjum án losunar sem notuð eru til að veita þjónustuna á sviði almennra farþegaflutninga sem fellur undir opinbera þjónustusamninginn.

Í því tilviki skal aðstoðarhlutfallið ekki fara yfir 40% af aðstoðarhæfum kostnaði. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall um 10% þegar um er að ræða farartæki án losunar.“

32) Ákvæði 37. gr. falla brott.

33) Ákvæðum 38. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„38. gr.

**Fjárfestingaraðstoð vegna orkunýtniráðstafana, annarra en í byggingum“**

b) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Fjárfestingaraðstoð, sem gerir fyrirtækjum kleift að bæta orkunýtni annars staðar en í byggingum, skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Ekki skal veita aðstoð samkvæmt þessari grein vegna fjárfestinga sem ráðist er í til að fara að Sambandsstöðlum sem hafa verið samþykktir og hafa öðlast gildi. Veita má aðstoð samkvæmt þessari grein vegna fjárfestinga sem ráðist er í til að fara að Sambandsstöðlum sem hafa verið samþykktir en hafa ekki enn öðlast gildi að því tilskildu að fjárfestingin sé komin til framkvæmda og henni lokið a.m.k. 18 mánuðum fyrir þann dag er staðallinn öðlast gildi.“

c) Eftirfarandi 2. mgr. a og 2. mgr. b bætast við:

„2a. Þessi grein gildir ekki um aðstoð vegna samvinnslu raf- og varmaorku og aðstoð vegna fjarhitunar og/eða fjarkælingar.

2b. Aðstoð vegna uppsetningar á orkubúnaði sem brennir jarðefnaeldsneyti, þ.m.t. jarðgasi, skal ekki undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans samkvæmt þessari grein.“

d) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá aukafjárfestingarkostnaður sem þarf til að ná aukinni orkunýtni. Hann skal ákvarðaður er með því að bera kostnaðinn við fjárfestinguna saman við kostnað við staðleysusviðsmynd sem myndi eiga við ef aðstoðin kæmi ekki til, sem hér segir:

- a) feli staðleysusviðsmyndin í sér að ráðast í síður orkunýtna fjárfestingu sem samræmist eðlilegum viðskiptaháttum í geiranum eða fyrir viðkomandi starfsemi skal aðstoðarhæfur kostnaður vera mismunurinn á kostnaðinum við fjárfestinguna sem ríkisaðstoð er veitt til og kostnaðinum við síður orkunýtnu fjárfestinguna,
- b) feli staðleysusviðsmyndin í sér að ráðast í sömu fjárfestingu síðar skal aðstoðarhæfur kostnaður vera mismunurinn á kostnaðinum við fjárfestinguna sem ríkisaðstoð er veitt til og hreinu núvirði kostnaðar við fjárfestinguna síðar, reiknaður til núvirðis á þeim tímapunkti þegar ráðist yrði í fjárfestinguna sem aðstoð er veitt til,
- c) feli staðleysusviðsmyndin í sér að halda áfram rekstri núverandi aðstöðu og búnaðar skal aðstoðarhæfur kostnaður vera mismunurinn á kostnaðinum við fjárfestinguna sem ríkisaðstoð er veitt til og hreinu núvirði fjárfestinga í viðhaldi, viðgerðum og nútímavæðingu núverandi aðstöðu og búnaðar, reiknaður til núvirðis á þeim tímapunkti þegar ráðist yrði í fjárfestinguna sem aðstoð er veitt til,
- d) ef um er að ræða búnað sem fellur undir leigusamninga skal aðstoðarhæfur kostnaður vera mismunurinn á hreinu núvirði leigunnar á búnaðinum sem ríkisaðstoð er veitt til og leigu á síður orkunýtnum búnaði sem leigður yrði ef aðstoðin kæmi ekki til; leigukostnaðurinn skal ekki ná yfir kostnað í tengslum við rekstur búnaðarins eða aðstöðunnar (eldsneytiskostnað, tryggingar, viðhald, aðrar rekstrarvörur) óháð því hvort hann er hluti af leigusamningnum eða ekki.

Í öllum aðstæðum sem taldar eru upp í fyrstu undirgrein skal staðleysusviðsmyndin samsvara fjárfestingu með sambærilega afkastagetu og líftíma sem samræmist Sambandsstöðlum sem þegar eru í gildi. Staðleysusviðsmyndin skal vera trúverðug í ljósi lagaskilyrða, markaðsaðstæðna og hvata af hálfu viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir.

Felist fjárfestingin í auðgreinanlegri fjárfestingu sem miðar eingöngu að því að bæta orkunýtni, og engin síður orkunýtin staðleysufjárfesting er fyrir hendi, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera heildarfjárfestingarkostnaðurinn.

Kostnaður sem tengist því ekki beint að ná fram aukinni orkunýtni skal ekki vera aðstoðarhæfur.“

e) Ákvæði 3. mgr. a falla brott.

f) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Aðstoðarhlutfallið má vera 100% af heildarfjárfestingarkostnaðinum ef veiting aðstoðarinnar byggir á útboði á samkeppnisgrundvelli sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði til viðbótar við þau sem mælt er fyrir um í 38. lið 2. gr.:

- a) veiting aðstoðarinnar skal byggð á hlutlægum, skýrum og gagnsæjum hæfis- og valviðmiðunum án mismununar, sem skilgreindar eru fyrirfram og birtar a.m.k. 6 vikum áður en umsóknarfrestur rennur út, svo að um virka samkeppni geti verið að ræða,

- b) við framkvæmd kerfis, þegar um er að ræða útboðsferli þar sem allir bjóðendur fá aðstoð, skal útfærsla áður nefnds ferlis leiðrétt til að koma aftur á virkri samkeppni í síðari útboðsferlum, t.d. með því að lækka fjárhagsáætlunina eða minnka magnið,
- c) eftiraleiðréttingar á niðurstöðu tilboðsferlisins (svo sem síðari samningaviðræður um tilboðsniðurstöður) skulu útilokaðar,
- d) a.m.k. 70% af heildarvalviðmiðunum sem notaðar eru til að raða tilboðum og, að lokum, til að úthluta aðstoð í útboði á samkeppnisgrundvelli skulu ákvarðaðar m.t.t. framlags verkefnisins til umhverfismarkmiða ráðstöfunarinnar, t.d. aðstoðar sem óskað er eftir á hverja orkueiningu sem er spöruð eða hverja einingu orkunýtni sem næst fram. Þessar viðmiðanir skulu ekki nema minna en 70% af vægi allra valviðmiðananna.“

g) Eftirfarandi 8. mgr. bætist við:

„8. Þrátt fyrir a- til d-lið 3. mgr. og 7. mgr. er hægt að ákvarða aðstoðarhæfan kostnað án þess að setja fram staðleysuviðsmynd og án undangengins útboðs á samkeppnisgrundvelli. Í því tilviki skal aðstoðarhæfur kostnaður vera sá heildarfjárfestingarkostnaður sem tengist beint því að ná fram aukinni orkunýtni og viðeigandi aðstoðarhlutfall og hækkanir framlaga, sem sett eru fram í 4., 5. og 6. mgr., lækka um 50%.“

34) Eftirfarandi 38. gr. a bætist við:

„38. gr. a

#### **Fjárfestingaraðstoð vegna orkunýtniráðstafana í byggingum**

1. Fjárfestingaraðstoð sem gerir fyrirtækjum kleift að bæta orkunýtni bygginga skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.
2. Ekki skal veita aðstoð samkvæmt þessari grein vegna fjárfestinga sem ráðist er í til að fara að Sambandsstöðlum sem hafa verið samþykktir og hafa öðlast gildi.
3. Veita má aðstoð samkvæmt þessari grein vegna fjárfestinga sem ráðist er í til að fara að Sambandsstöðlum sem hafa verið samþykktir en hafa enn ekki öðlast gildi. Ef viðkomandi Sambandsstaðlar eru lágmarksstaðlar um orkunýtingu verður að veita aðstoðina áður en staðlarnir verða lögboðnir fyrir viðkomandi fyrirtæki. Í því tilviki verður aðildarríkið að tryggja að aðstoðarþegar leggi fram nákvæma áætlun um endurnýjun og tímaáætlun sem sýnir fram á að endurnýjunin, sem nýtur aðstoðar, sé a.m.k. fullnægjandi til að tryggja samræmi við lágmarksstaðlana um orkunýtingu. Ef viðeigandi Sambandsstaðlar eru frábrugðnir lágmarksstöðlum um orkunýtingu verður að hrinda fjárfestingunni í framkvæmd og ljúka henni a.m.k. 18 mánuðum áður en Sambandsstaðallinn öðlast gildi.
4. Þessi grein gildir ekki um aðstoð vegna samvinnslu raf- og varmaorku og aðstoð vegna fjarhitunar og/eða fjarkælingar.
5. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera heildarfjárfestingarkostnaðurinn. Kostnaður sem tengist því ekki beint að ná fram aukinni orkunýtni byggingarinnar skal ekki vera aðstoðarhæfur.
6. Aðstoðin skal stuðla að því að bæta orkunýtingu byggingarinnar, sem mæld er í frumorku, um a.m.k.: i. 20% frá því sem var fyrir fjárfestinguna ef um er að ræða endurnýjun bygginga sem fyrir eru eða ii. 10% frá því sem var fyrir fjárfestinguna ef um er að ræða endurnýjunarráðstafanir sem fela í sér að setja upp eða skipta út aðeins einni tegund byggingarþáttar, eins og skilgreint er í 9. mgr. 2. gr. tilskipunar 2010/31/ESB og slíkar markvissar endurnýjunarráðstafanir eru ekki meira en 30% af þeim hluta fjárhagsáætlunar kerfisins sem ætlaður er fyrir orkunýtniráðstafanir eða iii. 10% borið saman við viðmiðunarmörk sem sett eru í kröfum fyrir nánast núllorkubyggingar í innlendum ráðstöfunum til framkvæmdar á tilskipun 2010/31/ESB þegar um nýrri byggingar er að ræða. Fastsetja skal upphaflega frumorkuþörf og áætlaðar umbætur með vísan til orkunýtingarvottorðs eins og það er skilgreint í 12. mgr. 2. gr. tilskipunar 2010/31/ESB.

7. Aðstoð sem veitt er til að bæta orkunýtni byggingar má sameina aðstoð vegna einhverra eða allra eftirfarandi ráðstafana:

- a) uppsetningar á samþættum búnaði sem nýtir endurnýjanlega orkugjafa til framleiðslu á raforku, varma eða kælingu á vettvangi, þ.m.t., en ekki einvörðungu, ljósspennupílur og varmadælur,
- b) uppsetningar á búnaði til að geyma orku sem er framleidd í orkuverum sem nýta endurnýjanlega orku á vettvangi. Geymslubúnaðurinn skal á hverju ári fá að minnsta kosti 75% af orku sinni frá beintengdu orkuveri fyrir endurnýjanlega orkuframleiðslu,
- c) tengingar við orkunýtið fjarhitunar- og/eða fjarkælikerfi og tengdan búnað,
- d) byggingar og uppsetningar hleðslugrunnvirkja fyrir notendur byggingarinnar og tengdra grunnvirkja, s.s. lagna, þar sem bílastæði eru staðsett annaðhvort inni í byggingunni eða aðliggjandi byggingunni,
- e) uppsetningar búnaðar til stafvæðingar byggingarinnar, einkum til að auka snjallhæfi hennar, þ.m.t. óvirkar innbyggðar lagnir eða lagning kapla fyrir gagnanet og fylgihluti breiðbandsinnviða á eigninni sem byggingin tilheyrir, en að undanskildum lögnum eða köplum fyrir gagnanet utan eignarinnar,
- f) fjárfestinga í gróðurþökum og búnaði til að binda og nota regnvatn.

Þegar um er að ræða sameinað verk við byggingu, eins og fram kemur í a- til f-lið, skal allur fjárfestingarkostnaður við ýmiss konar uppsetningu og búnað teljast aðstoðarhæfur kostnaður. Kostnaður sem tengist því ekki beint að ná fram aukinni orkunýtni eða umhverfisárangri skal ekki vera aðstoðarhæfur.

8. Aðstoðina má veita annaðhvort eiganda eða eigendum byggingarinnar eða leigutaka eða leigutökum hennar, eftir því hver pantar orkunýtniráðstöfunina.

9. Aðstoð má einnig veita til að bæta orkunýtni hitunar- eða kælibúnaðar inni í byggingunni.

10. Aðstoð vegna uppsetningar á orkubúnaði sem brennir jarðefnaeldsneyti, þ.m.t. jarðgasi, skal ekki undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans samkvæmt þessari grein.

11. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 30% af aðstoðarhæfum kostnaði.

12. Þrátt fyrir 11. mgr. skal aðstoðarhlutfall ekki fara yfir 25% þegar fjárfestingin felst í að setja upp eða skipta út aðeins einni tegund byggingarþátta, eins og skilgreint er í 9. mgr. 2. gr. tilskipunar 2010/31/ESB.

13. Ef aðstoð vegna fjárfestinga í byggingum, sem gerðar eru til að uppfylla lágmarksstaðla um orkunýtingu sem uppfylla staðla Sambandsins, er veitt innan við 18 mánuðum áður en Sambandsstaðlarnir öðlast gildi, má aðstoðarhlutfallið ekki fara yfir 15% af aðstoðarhæfum kostnaði, þrátt fyrir 11. og 12. mgr., ef fjárfestingin felst í að setja upp eða skipta út aðeins einni gerð byggingarþátta, eins og skilgreint er í 9. mgr. 2. gr. tilskipunar 2010/31/ESB, og 20% í öllum öðrum tilvikum.

14. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall til lítilla fyrirtækja um 20% og til meðalstórra fyrirtækja um 10%.

15. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall um 15% til fjárfestinga á aðstoðarsvæðum sem uppfylla skilyrðin í a-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og um 5% til fjárfestinga á aðstoðarsvæðum sem uppfylla skilyrðin í c-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans.

16. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall um 15% vegna aðstoðar, sem er veitt til að bæta orkunýtni bygginga sem fyrir eru, ef aðstoðin leiðir til þess að orkunýting byggingarinnar, sem mæld er í frumorku, batni um a.m.k. 40% frá sem var áður en fjárfestingin var gerð. Þessi hækkun á aðstoðarhlutfalli á ekki við ef fjárfestingin bætir ekki orkunýtingu byggingarinnar umfram það sem kveðið er á um í lágmarksstöðlum um orkunýtingu sem uppfylla staðla Sambandsins og taka gildi innan 18 mánaða frá því að fjárfestingin er framkvæmd og henni lokið.“

35) Eftirfarandi 38. gr. b bætist við:

„38. gr. b

**Aðstoð til að auðvelda gerð samninga um orkunýtingu**

1. Aðstoð til að auðvelda gerð samninga um orkunýtingu skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.
2. Veita má aðstoð samkvæmt þessari grein til að auðvelda gerð samninga um orkunýtingu í skilningi 27. liðar 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB.
3. Aðstoðarhæf samkvæmt þessari grein eru lítil og meðalstór fyrirtæki og smærri meðalverðmæt fyrirtæki sem eru aðilar sem annast umbætur í orkunýtingu og eru endanlegir aðstoðarþegar.
4. Aðstoðin skal vera í formi forgangsláns eða ábyrgðar til aðila sem annast umbætur í orkunýtni samkvæmt samningi um orkunýtingu eða felast í fjármálaafurð sem miðar að fjármögnun aðilans (t.d. kröfukaup, kröfukaup með afslætti).
5. Gildistími láns eða ábyrgðar til handa aðila sem annast umbætur í orkunýtni skal ekki vera lengri en 10 ár.
6. Þegar aðstoðin er í formi forgangsláns skal sameiginleg fjárfesting viðskiptaaðila sem veita lánsfjármögnun ekki vera minni en 30% af virði undirliggjandi eignasafns samninga um orkunýtingu og endurgreiðslan frá aðilanum sem annast umbætur í orkunýtni skal a.m.k. vera jöfn nafnvirði lánsins.
7. Þegar aðstoðin er í formi ábyrgðar skal ábyrgðin ekki fara yfir 80% af höfuðstól undirliggjandi láns og lánastofnunarinnar og ríkið bera tap hlutfallslega og með sömu skilmálum. Tryggða fjárhæðin skal lækka hlutfallslega, þannig að ábyrgðin nái aldrei til meira en 80% af útistandandi láni.
8. Nafnfjárhæð útistandandi heildarfjármögnunar fyrir hvern aðstoðarþega skal ekki fara yfir 30 milljónir evra.“

36) Ákvæðum 39. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr., 2. mgr. a og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðstoðarhæfar samkvæmt þessari grein eru fjárfestingar sem bæta orkunýtni bygginga.

2a. Aðstoð sem veitt er til að bæta orkunýtni byggingar má sameina aðstoð vegna einhverra eða allra eftirfarandi ráðstafana:

- a) uppsetningar á samþættum búnaði sem nýtir endurnýjanlega orkugjafa til framleiðslu á raforku, varma eða kælingu á vettvangi, þ.m.t., en ekki einvörðungu, ljósspennupílur og varmadælur,
- b) uppsetningar á búnaði til að geyma orku sem er framleidd í orkuverum sem nýta endurnýjanlega orku á vettvangi. Geymslubúnaðurinn skal á hverju ári fá að minnsta kosti 75% af orku sinni frá beintengdu orkuveri fyrir endurnýjanlega orkuframleiðslu,
- c) fjárfestinga í tengingu við orkunýtið fjarhitunar- og/eða fjarkælikerfi og tengdan búnað,
- d) byggingar og uppsetningar hleðslugrunnvirkja fyrir notendur byggingarinnar og tengdra grunnvirkja, s.s. lagna, þar sem bílastæði eru staðsett annaðhvort inni í byggingunni eða aðliggjandi byggingunni,
- e) uppsetningar búnaðar til stafvæðingar byggingarinnar, einkum til að auka snjallhæfi hennar. Aðstoðarhæfar fjárfestingar geta tekið til aðgerða sem takmarkast við óvirkar innbyggðar lagnir eða lagningu kapla fyrir gagnanet og fylgihluta breiðbandsinnviða á eigninni sem byggingin tilheyrir, en að undanskildum lögnum eða köplum fyrir gagnanet utan eignarinnar,
- f) fjárfestinga í gróðurþökum og búnaði til að binda og nota regnvatn.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera heildarkostnaður við orkunýtniverkefnið nema að því er varðar byggingar sem um getur í 2. mgr. a en þá skal aðstoðarhæfur kostnaður vera heildarkostnaður við orkunýtniverkefnið auk fjárfestingarkostnaðar við ýmsan búnað sem talinn er upp í 2. mgr. a.“

b) Í stað fyrsta og annars málslíðar 5. málsgreinar kemur eftirfarandi:

„5. Orkunýtnisjóður eða annar fjármálamilliliður skal veita lán eða ábyrgðir til aðstoðarhæfra orkunýtniverkefna. Nafnvirði lánsins eða ábyrgðarfjárhæðarinnar skal ekki fara yfir 25 milljónir evra fyrir hvern endanlegan aðstoðarþega og verkefni nema þegar um er að ræða sameinaðar fjárfestingar sem um getur í 2. mgr. a en þá skal það ekki fara yfir 30 milljónir evra.“

c) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Orkunýtniaðstoðin skal virkja viðbótarfjárfestingu frá sjálfstæðum einkafjárfestum, eins og skilgreint er í 72. lið 2. gr., sem nemur að lágmarki 30% af heildarfjármögnuninni sem veitt er til orkunýtniverkefnis. Þegar aðstoðin er veitt úr orkunýtnisjóði má virkja slíka einkafjárfestingu fyrir orkunýtnisjóð og/eða fyrir orkunýtniverkefnið þannig að samanlögð fjármögnun nemi að lágmarki 30% af heildarfjármögnuninni sem veitt er til orkunýtniverkefnis.“

d) Í stað f-liðar 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„f) Orkunýtnisjóðurinn eða fjármálamilliliðurinn skal settur á fót í samræmi við gildandi lög og aðildarríkið skal tryggja áreiðanleikakönnun til þess að sannprófa að beitt verði fjárfestingaráætlun á traustum viðskiptagrunni í því skyni að koma aðstoðarráðstöfuninni vegna orkunýtni til framkvæmda.“

e) Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„10. Ekki skal veita aðstoð samkvæmt þessari grein vegna fjárfestinga sem ráðist er í til að fara að Sambandsstöðlum sem hafa verið samþykktir og hafa öðlast gildi.“

f) Eftirfarandi 11.–14. mgr. bætast við:

„11. Veita má aðstoð samkvæmt þessari grein vegna fjárfestinga sem ráðist er í til að fara að Sambandsstöðlum sem hafa verið samþykktir en hafa enn ekki öðlast gildi. Ef viðkomandi Sambandsstaðlar eru lágmarksstaðlar um orkunýtingu verður að veita aðstoðina áður en staðlarnir verða lögboðnir fyrir viðkomandi fyrirtæki. Í því tilviki verður aðildarríkið að tryggja að aðstoðarþegar leggi fram nákvæma áætlun um endurnýjun og tímaáætlun sem sýnir fram á að endurnýjunin, sem nýtur aðstoðar, sé a.m.k. fullnægjandi til að tryggja samræmi við lágmarksstaðlana um orkunýtingu. Ef viðeigandi Sambandsstaðlar eru frábrugðnir lágmarksstöðlum um orkunýtingu verður að hrinda fjárfestingunni í framkvæmd og ljúka henni a.m.k. 18 mánuðum áður en staðallinn öðlast gildi.

12. Aðstoð má einnig veita til að bæta orkunýtni hitunar- eða kælibúnaðar inni í byggingunni.

13. Aðstoð vegna uppsetningar á orkubúnaði sem brennir jarðefnaeldsneyti, þ.m.t. jarðgasi, skal ekki undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans samkvæmt þessari grein.

14. Aðildarríkið getur falið umsjónaraðila framkvæmd aðstoðarráðstöfunarinnar.“

37) Ákvæði 40. gr. falla brott.

38) Ákvæðum 41. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað greinarheitisins og 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„41. gr.

**Fjárfestingaraðstoð til að auka notkun á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, endurnýjanlegu vetni og samvinnslu með góðri orkunýtni**

1. Fjárfestingaraðstoð til að auka notkun á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, endurnýjanlegu vetni og samvinnslu með góðri orkunýtni, að undanskilinni raforku sem framleidd er með endurnýjanlegu vetni, skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.“

## b) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Fjárfestingaraðstoð til verkefna á sviði raforkugeymslu samkvæmt þessari grein skal einungis undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans að því marki sem hún er veitt til samsettra verkefna á sviði endurnýjanlegrar orku og geymslu (án mælis) þar sem báðir þættirnir eru þættir í stakri fjárfestingu eða þar sem geymsla er tengd fyrirbyggjandi orkuveri fyrir endurnýjanlega orkuframleiðslu. Geymsluþátturinn skal á hverju ári fá að minnsta kosti 75% af orku sinni frá beintengdu orkuveri fyrir endurnýjanlega orkuframleiðslu. Allir þættir fjárfestingarinnar (framleiðsla og geymsla) teljast eitt samþætt verkefni þegar kemur að því að sannreyna að viðmiðunarmörkin, sem sett eru fram í 4. gr., séu virt. Sömu reglur skulu gilda um varmageymslu sem er tengd beint við orkuver sem framleiðir endurnýjanlega orku.“

## c) Í stað 2., 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Fjárfestingaraðstoð til framleiðslu og geymslu á lífoldsneyti, fljótandi lífoldsneyti, lífgasi (þ.m.t. lífmetan) og lífmassaeldsneyti skal einungis undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans að því marki sem eldsneytið sem nýtur aðstoðarinnar uppfyllir viðmiðanir tilskipunar (ESB) 2018/2001 og framkvæmdargerða hennar eða framseldra gerða um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og er framleitt úr hráefninu sem er tilgreint í IX. viðauka við þá tilskipun. Geymsluþátturinn skal á hverju ári fá a.m.k. 75% af eldsneytisinnihaldi sínu úr beintengdum lífoldsneytis-, fljótandi lífoldsneytis-, lífgas- (þ.m.t. lífmetan-) og lífmassaeldsneytisframleiðslustöðvum. Allir þættir fjárfestingarinnar (framleiðsla og geymsla) teljast eitt samþætt verkefni þegar kemur að því að sannreyna að viðmiðunarmörkin, sem sett eru fram í 4. gr., séu virt.“

3. Fjárfestingaraðstoð til vetnisframleiðslu skal einungis undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans þegar um er að ræða stöðvar sem framleiða eingöngu endurnýjanlegt vetni. Að því er varðar verkefni á sviði endurnýjanlegs vetnis, sem samanstanda af rafgreini og einni eða fleiri framleiðslueiningum endurnýjanlegrar orku með einn tengipunkt við dreifikerfið, skal afkastageta rafgreinisins ekki fara yfir samanlagða framleiðslugetu framleiðslueininganna fyrir endurnýjanlega orku. Fjárfestingaraðstoðin getur náð yfir sérhæfð grunnvirki til flutnings eða dreifingar á endurnýjanlegu vetni, sem og geymsluaðstöðu fyrir endurnýjanlegt vetni.

4. Fjárfestingaraðstoð til eininga fyrir samvinnslu með góða orkunýtni skal einungis undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans að því marki sem hún felur í sér heildarsparnað frumorku í samanburði við aðskilda framleiðslu varma og raforku eins og kveðið er á um í tilskipun 2012/27/ESB eða síðari löggjöf sem kemur í stað þeirrar gerðar, að öllu leyti eða að hluta. Fjárfestingaraðstoð til raforku- og varmageymsluverkefna sem eru tengd beint við samvinnslu með góða orkunýtni sem byggð er á endurnýjanlegum orkugjöfum skal undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. a í þessari grein.“

## d) Eftirfarandi 4. mgr. a bætist við:

„4a. Fjárfestingaraðstoð til samvinnslu með góða orkunýtni skal einungis undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans ef hún er ekki til samvinnslustöðva sem brenna jarðefnaeldsneyti, að undanskildu jarðgasi þar sem tryggt er að farið sé að loftslagsmarkmiðunum fyrir 2030 og 2050 í samræmi við lið 4.30 í 1. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 (\*).“

(\*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 frá 4. júní 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum og til að ákvarða hvort þessi atvinnustarfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfismarkmiðum (Stjtið. ESB L 442, 9.12.2021, bls. 1).“

## e) Í stað 5., 6. og 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Veita skal fjárfestingaraðstöðina til nýuppsettrar eða endurnýjaðrar vinnslugetu. Aðstoðarfjárhæðin skal vera óháð framleiðslu.“

6. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera heildarfjárfestingarkostnaðurinn.

7. Aðstoðarhlutfallið skal ekki fara yfir:

- a) 45% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna fjárfestinga í framleiðslu endurnýjanlegra orkugjafa, þ.m.t. varmadælur sem uppfylla VII. viðauka við tilskipun 2018/2001, endurnýjanlegt vetni og samvinnsla með góða orkunýtni sem byggist á endurnýjanlegum orkugjöfum,
- b) 30% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna annarra fjárfestinga sem falla undir þessa grein.“

f) Ákvæði 9. mgr. falla brott.

g) Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„10. Aðstoðarhlutfallið má vera 100% af aðstoðarhæfum kostnaði ef aðstoðin er veitt með útboði á samkeppnisgrundvelli sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði til viðbótar við þau sem mælt er fyrir um í 38. lið 2. gr.:

- a) veiting aðstoðarinnar skal byggð á hlutlægum, skýrum og gagnsæjum hæfis- og valviðmiðunum án mismununar, sem skilgreindar eru fyrirfram og birtar a.m.k. 6 vikum áður en umsóknarfrestur rennur út, svo að um virka samkeppni geti verið að ræða,
- b) við framkvæmd kerfis, þegar um er að ræða útboðsferli þar sem allir bjóðendur fá aðstoð, skal útfærsla áður nefnds ferlis leiðrétt til að koma aftur á virkri samkeppni í síðari útboðsferlum, t.d. með því að lækka fjárhagsáætlunina eða minnka magnið,
- c) eftiráleiðréttingar á niðurstöðu tilboðsferlisins (svo sem síðari samningaviðræður um tilboðsniðurstöður eða skömmtnun) skulu útilokaðar,
- d) a.m.k. 70% af heildarvalviðmiðunum sem notaðar eru til að raða tilboðum og, að lokum, til að úthluta aðstoð í útboði á samkeppnisgrundvelli skulu ákvarðaðar m.t.t. aðstoðar á hverja einingu orkugetu frá endurnýjanlegum orkugjöfum eða samvinnslu með góða orkunýtni.“

39) Ákvæðum 42. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. til 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Rekstraraðstoð til að auka notkun á raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, að undanskilinni raforku sem framleidd er með endurnýjanlegu vetni, skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Veita skal aðstoðina með útboði á samkeppnisgrundvelli sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði til viðbótar við þau sem mælt er fyrir um í 38. lið 2. gr.:

- a) veiting aðstoðarinnar skal byggð á hlutlægum, skýrum og gagnsæjum hæfis- og valviðmiðunum án mismununar, sem skilgreindar eru fyrirfram og birtar a.m.k. 6 vikum áður en umsóknarfrestur rennur út, svo að um virka samkeppni geti verið að ræða,
- b) við framkvæmd kerfis, þegar um er að ræða útboðsferli þar sem allir bjóðendur fá aðstoð, skal útfærsla áður nefnds ferlis leiðrétt til að koma aftur á virkri samkeppni í síðari útboðsferlum, t.d. með því að lækka fjárhagsáætlunina eða minnka magnið,
- c) eftiráleiðréttingar á niðurstöðu tilboðsferlisins (svo sem síðari samningaviðræður um tilboðsniðurstöður eða skömmtnun) skulu útilokaðar,
- d) a.m.k. 70% af heildarvalviðmiðunum sem notaðar eru til að raða tilboðum og, að lokum, til að úthluta aðstoð í útboði á samkeppnisgrundvelli skulu ákvarðaðar m.t.t. aðstoðar á hverja einingu raforkuframleiðslu eða -getu frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

Útboðsferlið skal vera opið öllum framleiðendum raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum án mismununar.

3. Hægt er að takmarka útboðsferlið við tiltekna tækni þar sem:

- a) ráðstöfun miðar sérstaklega að því að styðja sýniverkefni,

- b) ráðstöfun miðar ekki einungis að því að taka á afkolun heldur einnig loftgæðum eða annarri mengun,
- c) aðildarríki tilgreinir ástæður til að ætla að aðstoðarhæfir geirar eða nýsköpunartækni geti mögulega lagt mikið af mörkum á kostnaðarhagkvæman hátt til umhverfisverndar og víðtækrar afkolunar til langs tíma,
- d) ráðstöfun er nauðsynleg til að ná nauðsynlegum fjölbreytileika til að koma í veg fyrir að vandamál varðandi stöðugleika netsins versni,
- e) búast má við að valvísari nálgun leiði til minni kostnaðar við að ná fram umhverfisvernd (t.d. með minni kostnaði við samþættingu kerfa vegna fjölbreytileika, þ.m.t. milli endurnýjanlegra orkugjafa, sem gæti einnig tekið til notkunarsvörunar og/eða geymslu) og/eða minni röskunar á samkeppni.

Aðildarríki skulu láta fara fram ítarlegt mat á því hvort slík skilyrði eigi við og gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um það samkvæmt fyrirkomulaginu sem er lýst í a-lið 1. mgr. 11. gr.

4. Ef útboðsferlið takmarkast við eina eða fleiri tegundir nýsköpunartækni skal aðstoðin sem veitt er til þeirrar tækni ekki fara yfir 5% af áætlaðri nýrri raforkugetu frá endurnýjanlegum orkugjöfum í heild á ári.

5. Aðstoð skal veitt sem framlag til viðbótar markaðsverði eða í formi mismunasmunings þar sem framleiðendur selja raforku sína beint á markaði.

6. Aðstoðarþegar skulu selja raforku sína beint á markaði og bera almenna jöfnunarábyrgð. Aðstoðarþegum er heimilt að útvísta jöfnunarábyrgð til annarra fyrirtækja fyrir þeirra hönd, t.d. orkusmala (e. aggregator). Enn fremur skal ekki greiða aðstoð fyrir neitt tímabil þar sem verðið er neikvætt. Til að taka af allan vafa gildir þetta frá og með þeirri stundu sem verðið verður neikvætt.

7. Smærri orkuver sem framleiða endurnýjanlega raforku geta notið ávinnings af aðstoð í formi beinna niðurgreiðslna sem ná yfir allan rekstrarkostnaðinn og af undanþágu frá kröfunni um að selja raforkuna, sem framleidd er, á markaði, í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001. Orkuver teljast vera smærri orkuver að því er varðar þessa málsgrein ef geta þeirra er undir gildandi viðmiðunarmörkum skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. eða 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943.“

b) Ákvæði 8., 9. og 10. mgr. falla brott.

c) Í stað 11. mgr. kemur eftirfarandi:

„11. Aðstoð skal einungis veitt á líftíma verkefnisins.“

40) Ákvæðum 43. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar og 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„43. gr.

#### **Rekstraraðstoð til að auka notkun á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og endurnýjanlegu vetni í litlum verkefnum og samfélögum um endurnýjanlega orku**

1. Rekstraraðstoð til að auka notkun á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og endurnýjanlegu vetni í litlum verkefnum og samfélögum um endurnýjanlega orku, að undanskilinni raforku sem framleidd er með endurnýjanlegu vetni, skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Lítil verkefni eru skilgreind með eftirfarandi hætti að því er varðar þessa grein:

- i. á sviði raforkuframleiðslu eða -geymslu – verkefni þar sem uppsett geta er 1 MW eða minna,
- ii. á sviði raforkunotkunar – verkefni þar sem hámarkseftirspurn er 1 MW eða minna,

- iii. á sviði varmaframleiðslu- og gasframleiðslutækni – verkefni þar sem uppsett geta er 1 MW eða minna eða samsvarandi,
- iv. á sviði framleiðslu á endurnýjanlegu vetni – verkefni þar sem uppsett geta er 3 MW eða minna eða samsvarandi,
- v. á sviði lífildsneytis-, fljótandi lífildsneytis-, lífgas- (þ.m.t. lífmetan-) og lífmassaeldsneytisframleiðslu – verkefni þar sem uppsett geta er 50 000 tonn á ári eða minna,
- vi. á sviði verkefna og sýniverkefna sem eru 100% í eigu lítilla og meðalstórra fyrirtækja – verkefni þar sem uppsett geta eða hámarkseftirspurn er 6 MW eða minna,
- vii. á sviði verkefna sem eru 100% í eigu örfyrirtækja eða lítilla fyrirtækja, eingöngu á sviði vindorkuframleiðslu – verkefni þar sem uppsett geta er 18 MW eða minna.“

b) Eftirfarandi 2. mgr. a og 2. mgr. b bætast við:

„2a. Aðstoð til samfélaga um endurnýjanlega orku skal einungis undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans þegar um er að ræða verkefni þar sem uppsett geta eða hámarkseftirspurn er 6 MW eða minna frá öllum endurnýjanlegum orkugjöfum, nema þegar um vindorku er að ræða en þá skal veita aðstoð til stöðva þar sem uppsett geta er 18 MW eða minna.

2b. Rekstraraðstoð vegna vetnisframleiðslu skal einungis undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans þegar um er að ræða stöðvar sem framleiða eingöngu endurnýjanlegt vetni.“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Rekstraraðstoð til lífildsneytis-, fljótandi lífildsneytis-, lífgas- (þ.m.t. lífmetan-) og lífmassaeldsneytisframleiðslu skal einungis undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans að því marki sem eldsneytið sem nýtur aðstoðarinnar uppfyllir viðmiðanirnar tilskipunar (ESB) 2018/2001 og framkvæmdargerða hennar eða framseldra gerða um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og er framleitt úr hráefninu sem er tilgreint í IX. viðauka við þá tilskipun.“

d) Ákvæði 4. mgr. falla brott.

e) Í stað 5., 6. og 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Aðstoðin skal takmarkast við nauðsynlegt lágmark til að framkvæma verkefnið eða starfsemina sem nýtur aðstoðar. Þetta skilyrði er uppfyllt ef aðstoðin samsvarar auknum kostnaði (nettó) („fjármögnunarpörf“), sem nauðsynlegur til að ná markmiði aðstoðarráðstöfunarinnar, í samanburði við staðleysusviðsmynd þar sem engin aðstoð er veitt. Ekki er þörf á ítarlegu mati á auknum kostnaði (nettó) ef aðstoðarfjárhæðir eru ákvarðaðar með útboði á samkeppnisgrundvelli þar eð það siðarnefnda veitir áreiðanlegt mat á lágmarksaðstoð sem mögulegir aðstoðarþegar þurfa.

6. Aðstoð skal einungis veitt á líftíma verkefnisins.

7. Aðstoð skal veitt sem framlag til viðbótar markaðsverði eða í formi mismunasamnings þar sem framleiðendur selja raforku sína beint á markaði.“

f) Eftirfarandi 8. og 9. mgr. bætast við:

„8. Aðstoðarþegar skulu bera almenna jöfnunarábyrgð. Aðstoðarþegum er heimilt að útvista jöfnunarábyrgð til annarra fyrirtækja fyrir þeirra hönd, t.d. orkusmala (e. aggregator). Enn fremur skal ekki greiða aðstoð fyrir neitt tímabil þar sem verðið er neikvætt. Til að taka af allan vafa gildir þetta frá og með þeirri stundu sem verðið verður neikvætt.

9. Smærri orkuver sem framleiða endurnýjanlega raforku og sýniverkefni geta notið ávinnings af aðstoð í formi beinna niðurgreiðslna sem ná yfir allan rekstrarkostnaðinn og af undanþágu frá kröfunni um að selja raforkuna, sem framleidd er, á markaði, í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001. Orkuver teljast vera smærri orkuver að því er varðar þessa málsgrein ef geta þeirra er undir gildandi viðmiðunarmörkum skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. eða 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/943.“

41) Í stað 44. gr. kemur eftirfarandi:

„44. gr.

**Aðstoð í formi lækkunar á sköttum samkvæmt tilskipun 2003/96/EB**

1. Aðstoðarkerfi í formi lækkunar á sköttum sem uppfyllir skilyrði tilskipunar 2003/96/EB skulu samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Þeir aðilar sem njóta skattalækkunar skulu valdir á grundvelli gagnsærra og hlutlægra viðmiðana.

3. Þeir sem njóta skattalækkunar skulu greiða a.m.k. samkvæmt lágmarksskattþrepi sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun 2003/96/EB, nema þegar um er að ræða lækkanir:

- a) sem veittar eru á grundvelli a-liðar 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2003/96/EB að því er varðar skattskyldar vörur til notkunar undir eftirliti skattyfirvalda á sviði tilraunaverkefna við tækniþróun umhverfisvænni vara eða að því er varðar eldsneyti frá endurnýjanlegum auðlindum,
- b) sem veittar eru á grundvelli fyrsta, annars, fjórða og fimmta undirliðar b-liðar 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2003/96/EB að því er varðar raforku i. að uppruna til frá sólu, vindum, öldum, sjávarföllum eða jarðhita, ii. að uppruna til vökvaknúin og framleidd í vatnsaflsvirkjunum, iii. virkjaða úr metani sem losað er úr yfirgefnum kolanámum og iv. virkjaða úr efnarafölum,
- c) sem veittar eru á grundvelli þriðja undirliðar b-liðar 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2003/96/EB að því er varðar raforku virkjaða úr lífmassa eða vörum sem framleiddar eru úr lífmassa, að því marki sem lífmassinn uppfyllir viðmiðanirnar um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda í tilskipun (ESB) 2018/2001 og framkvæmdargerðum hennar eða framseldum gerðum,
- d) sem veittar eru á grundvelli d-liðar 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2003/96/EB að því er varðar raforku sem framleidd er við samþætta varma- og raforkuvinnslu, að því tilskildu að samvinnsla raf- og varmaorku með samþættum rafölum sé samvinnsla með góða orkunýtni eins og hún er skilgreind í 34. lið 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB,
- e) sem veittar eru á grundvelli l-liðar 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2003/96/EB, að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2705 og eru notaðar til upphitunar,
- f) sem veittar eru á grundvelli 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2003/96/EB.

4. Aðstoðarkerfi í formi skattalækkana geta byggst á lækkun gildandi skatthlutfalls eða á greiðslu fastrar bótafjárhæðar eða samblandi af hvoru tveggja.

5. Skattalækkanir sem veittar eru á grundvelli 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2003/96/EB skulu einungis undanþegnar tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans að því marki sem eldsneytið sem nýtur aðstoðarinnar uppfyllir viðmiðanir tilskipunar (ESB) 2018/2001 og framkvæmdargerða hennar eða framseldra gerða um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og er framleitt úr hráefninu sem er tilgreint í IX. viðauka við þá tilskipun.“

42) Eftirfarandi 44. gr. a bætist við:

„44. gr. a

**Aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum eða skattatengdum álögum**

1. Aðstoðarkerfi í formi lækkunar á umhverfissköttum eða skattatengdum álögum skulu samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla. Þessi grein gildir ekki um lækkanir á sköttum eða álögum á orkuvörur og raforku, eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 2003/96/EB.

2. Aðstoð í formi lækkunar á umhverfissköttum eða skattatengdum álögum skal eingöngu teljast samrýmast ef lækkunin stuðlar að því að ná fram meiri umhverfisvernd með því að fella undir gildissvið umhverfisskatta eða -álaga fyrirtæki sem gætu ekki stundað atvinnustarfsemi sína án lækkunarinnar.

3. Aðeins þau fyrirtæki sem ekki gætu stundað atvinnustarfsemi sína án lækkunarinnar uppfylla skilyrði fyrir aðstoð. Að því er varðar þessa grein telst þetta eiga við um fyrirtæki þar sem framleiðslukostnaður myndi hækka verulega vegna umhverfisskatts eða skattatengdra álaga án lækkunarinnar og sem geta ekki velt hækkuninni yfir á viðskiptavinum. Hækkunin á framleiðslukostnaði skal reiknuð sem hlutfall af vergu vinnsluvirði fyrir hvern geira eða flokk aðstoðarþega.

4. Aðstoðarþegar skulu valdir á grundvelli gagnsærra viðmiðana sem eru án mismununar og hlutlægar. Aðstoðin skal veitt á sama hátt til allra aðstoðarhæfra fyrirtækja sem starfa í sama atvinnugeira og eru í sömu eða sambærilegum aðstæðum að því er varðar markmið aðstoðarráðstöfunarinnar.

5. Vergt styrkigildi aðstoðarinnar skal ekki fara yfir 80% af nafnhlutfalli skattsins eða álögðu gjaldanna.

6. Aðstoðarkerfi í formi lækkunar á umhverfissköttum eða skattatengdum álögum geta byggst á lækkun gildandi skatthlutfalls eða á greiðslu fastrar bótafjárhæðar eða samblandi af hvoru tveggja.“

43) Í stað 45. og 46. gr. kemur eftirfarandi:

„45. gr.

**Fjárfestingaraðstoð til úrbóta vegna umhverfistjóns, endurreisnar náttúrulegra búsvæða og vistkerfa, verndunar eða endurheimtar líffræðilegrar fjölbreytni og framkvæmdar náttúrumiðaðra lausna til aðlögunar að loftslagsbreytingum og mildunar þeirra**

1. Fjárfestingaraðstoð til úrbóta vegna umhverfistjóns, endurreisnar náttúrulegra búsvæða og vistkerfa, verndunar eða endurheimtar líffræðilegrar fjölbreytni og framkvæmdar náttúrumiðaðra lausna til aðlögunar að loftslagsbreytingum og mildunar þeirra skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Heimilt er að veita aðstoð samkvæmt þessari grein vegna eftirfarandi starfsemi:

- a) úrbóta vegna umhverfistjóns, þ.m.t. tjón á jarðvegi, yfirborðsvatni eða grunnvatni eða á sjávarumhverfi,
- b) endurreisnar náttúrulegra búsvæða og vistkerfa sem hefur hnignað,
- c) verndunar eða endurheimtar líffræðilegrar fjölbreytni eða vistkerfa til að tryggja gott ástand vistkerfa eða til að vernda vistkerfi sem eru þegar í góðu ásigkomulagi,
- d) framkvæmdar náttúrumiðaðra lausna til aðlögunar að loftslagsbreytingum og mildunar þeirra.

3. Þessi grein gildir ekki um aðstoð til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara, s.s. jarðskjálfta, snjóflóða, jarðvegshlaupa, flóða, skýstróka, fellibylja, eldgosa og gróðurelda af náttúrulegum uppruna.

4. Þessi grein gildir ekki heldur um aðstoð til úrbóta eða endurreisnar eftir lokun orkuvera og námuvinnslu.

5. Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB (\*) eða aðrar viðeigandi reglur Sambandsins um bótaábyrgð vegna umhverfistjóns skal sá aðili eða fyrirtæki sem ber ábyrgð á umhverfistjóni samkvæmt gildandi lögum í hverju aðildarríki, ef vitað er hver það er, fjármagna nauðsynlegar framkvæmdir til að koma í veg fyrir og lagfæra hnignun og mengun umhverfisins í samræmi við „mengunarbotaregluna“ og ekki skal veita neina aðstoð vegna þeirra verka sem aðillinn eða fyrirtækið þarf lögum samkvæmt að inna af hendi. Aðildarríkið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, þ.m.t. hefja málsókn, til að komast að því hver hinn bótaskyldi aðili eða fyrirtæki er sem olli umhverfistjóninu og láta hann eða það bera kostnaðinn sem því tengist. Ef ekki er unnt að bera kennsl á skaðabótaskyldan aðila eða fyrirtæki samkvæmt gildandi lögum eða láta hann bera kostnað af úrbótum á umhverfistjóninu sem hann olli, einkum vegna þess að fyrirtækið sem ber ábyrgðina er ekki lengur til samkvæmt lögum og ekkert annað fyrirtæki getur talist löglegur eða efnahagslegur arftaki þess eða ef fjárhagslegar tryggingar nægja ekki til að bera kostnað af úrbótunum, má veita aðstoð til að styðja við úrbæturnar eða endurreisnina. Aðstoð skal ekki veitt til framkvæmdar á jöfnunaraðgerðum sem um getur í 4. mgr. 6. gr.

tilskipunar ráðsins 92/43/EEB (\*\*). Heimilt er að veita aðstoð samkvæmt þessari grein vegna nauðsynlegs viðbótar-kostnaðar til að auka umfang eða metnað þeirra aðgerða, umfram lagaskyldur skv. 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 92/43/EEB.

6. Að því er varðar fjárfestingar til úrbóta vegna umhverfistjóns eða endurreisnar náttúrulegra búsvæða og vistkerfa skal aðstoðarhæfur kostnaður vera sá kostnaður sem stofnað er til við úrbæturnar eða endurreisnina, að frádrægnu auknu verðgildi landsins eða eignarinnar.

7. Mat á auknu verðgildi landsins eða eignarinnar vegna úrbótanna eða endurreisnarinnar skal framkvæmt af óháðum sérfræðingi með viðeigandi réttindi.

8. Að því er varðar fjárfestingar til verndunar eða endurheimtar líffræðilegrar fjölbreytni og framkvæmdar náttúrumiðaðra lausna til aðlögunar að loftslagsbreytingum og mildunar þeirra skal aðstoðarhæfur kostnaður vera heildarkostnaður við verkin sem stuðla að verndun eða endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni eða framkvæmd náttúrumiðaðra lausna til aðlögunar að loftslagsbreytingum og mildunar þeirra.

9. Aðstoðarhlutfallið skal ekki fara yfir:

- a) 100% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna fjárfestinga til úrbóta vegna umhverfistjóns eða endurreisnar náttúrulegra búsvæða og vistkerfa,
- b) 70% af aðstoðarhæfum kostnaði vegna fjárfestinga til verndunar eða endurheimtar líffræðilegrar fjölbreytni og til náttúrumiðaðra lausna til aðlögunar að loftslagsbreytingum og mildunar þeirra.

10. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall fjárfestinga til verndunar eða endurheimtar líffræðilegrar fjölbreytni og til framkvæmdar náttúrumiðaðra lausna til aðlögunar að loftslagsbreytingum og mildunar þeirra um 20% vegna aðstoðar til lítilla fyrirtækja og um 10% vegna aðstoðar til meðalstórra fyrirtækja.

46. gr.

#### **Fjárfestingaraðstoð vegna orkunýttinnar fjarhitunar og/eða fjarkælingar**

1. Fjárfestingaraðstoð til byggingar, stækkunar eða uppfærslu á orkunýtnum fjarhitunar- og/eða fjarkælikerfum, sem tekur til byggingar, stækkunar eða uppfærslu á varma- eða kæliframleiðslustöðvum og/eða varmageymslulausnum og/eða dreifikerfinu skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningar-skyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Aðstoð skal einungis veitt til að byggja, stækka eða uppfæra fjarhitunar- og/eða fjarkælikerfi sem eru eða munu verða orkunýtin eins og skilgreint er í 41. lið 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB. Nái vinnan við dreifikerfið, sem nýtur stuðnings, ekki að gera kerfið að fullu orkunýtið skulu viðbótaruppfærslur, sem eru nauðsynlegar til að uppfylla skilyrði fyrir því að falla undir skilgreininguna á orkunýttinni fjarhitun og/eða fjarkælingu, að því er varðar varma- og/eða kæliframleiðslustöðvar sem falla undir aðstöðina, hefjast innan þriggja ára frá upphafi vinnunnar við dreifikerfið, sem nýtur stuðnings.

3. Aðstoð má veita til orkuframleiðslu sem byggist á endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. varmadælum sem uppfylla kröfur VII. viðauka við tilskipun (ESB) 2018/2001, glatvarma eða samvinnslu með góða orkunýtni sem og varmageymslulausnum. Aðstoð til orkuframleiðslu sem byggist á úrgangi getur annaðhvort grundvallast á úrgangi sem uppfyllir skilgreininguna á endurnýjanlegum orkugjöfum eða úrgangi sem er notaður sem eldsneyti fyrir stöðvar sem uppfylla skilgreininguna á samvinnslu með góða orkunýtni. Úrgangur, sem er notaður sem ílagseldsneyti, má ekki sniðganga meginreglu úrgangsmetakerfisins eins og það er skilgreint í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

4. Aðstoð skal ekki veitt til byggingar eða uppfærslu á framleiðslustöðvum sem byggjast á jarðefnaeldsneyti, að undanskildu jarðgasi. Aðeins má veita aðstoð vegna byggingar eða uppfærslu framleiðslustöðva sem byggjast á jarðgasi ef tryggt er að farið sé að loftslagsmarkmiðunum fyrir 2030 og 2050 í samræmi við lið 4.30 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139.

5. Aðstoð vegna uppfærslu geymslu og dreifikerfa sem flytja varma og kælingu sem verður til á grundvelli jarðefnaeldsneytis má einungis veita ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) að dreifikerfið henti eða muni henta fyrir flutning á varma eða kælingu sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum og/eða glatvarma,
- b) að uppfærslan leiði ekki til aukinnar orkuframleiðslu með jarðefnaeldsneyti, að undanskildu jarðgasi. Ef um er að ræða uppfærslu á geymslu eða netkerfi sem dreifir varma og kælingu sem framleidd eru með jarðgasi þurfa þessar framleiðslustöðvar, að því marki sem uppfærslan leiðir til aukinnar orkuframleiðslu úr jarðgasi, að vera í samræmi við loftslagsmarkmiðin fyrir 2030 og 2050, í samræmi við lið 4.31 í 1. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139.

6. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera fjárfestingarkostnaður sem tengist byggingu eða uppfærslu á orkunýtnu fjarhitunar- og/eða fjarkælikerfi.

7. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 30% af aðstoðarhæfum kostnaði. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall til lítilla fyrirtækja um 20% og til meðalstórra fyrirtækja um 10%.

8. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall um 15% vegna fjárfestinga sem eingöngu nota endurnýjanlega orkugjafa, glatvarma eða sambland af þessu tvennu, þ.m.t. samvinnsla byggð á endurnýjanlegum orkugjöfum.

9. Annar kostur, auk 7. mgr., er að aðstoðarhlutfallið geti numið allt að 100% af fjármögnunarþörfinni. Aðstoðin skal takmarkast við nauðsynlegt lágmark til að framkvæma verkefnið eða starfsemina sem nýtur aðstoðar þetta skilyrði er uppfyllt ef aðstoðin samsvarar fjármögnunarþörfinni eins og hún er skilgreind í 118. lið 2. gr. Ekki er þörf á ítarlegu mati á auknum kostnaði (nettó) ef aðstoðarfjárhæðir eru ákvarðaðar með útboði á samkeppnisgrundvelli þar eð það síðarnefnda veitir áreiðanlegt mat á lágmarksaðstoð sem mögulegir aðstoðarþegar þurfa.

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess (Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 56).

(\*\*) Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra (Stjtið. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7).“

44) Ákvæðum 47. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnar og 1.–8. mgr. kemur eftirfarandi:

„47. gr.

#### **Fjárfestingaraðstoð í þágu auðlindanýtni og stuðnings við umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi**

1. Fjárfestingaraðstoð í þágu auðlindanýtni og hringrásar skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Aðstoðin skal veitt fyrir eftirfarandi tegundir fjárfestinga:

- a) fjárfestingar til að bæta auðlindanýtni með öðru eða hvoru tveggja af eftirfarandi:

- i. hreinni minnkun á þeim auðlindum sem notaðar eru til að framleiða tiltekið magn frálags í samanburði við framleiðsluferli sem aðstoðarþegi notaði áður eða önnur verkefni eða starfsemi sem er tilgreind í 7. mgr. Til auðlinda sem notaðar eru teljast allar efnislegar auðlindir sem notaðar eru, að undanskilinni orku, og skal minnkunin ákvörðuð með því að mæla eða áætla notkun fyrir og eftir framkvæmd aðstoðarráðstöfunarinnar, með tilliti til hvers kyns leiðréttinga vegna ytri skilyrða sem gætu haft áhrif á auðlindanotkun,

- ii. að skipta grunnhráefnum út fyrir endurunnin (endurnýtt eða endurheimt, þ.m.t. endurunnin) hráefni,
  - b) fjárfestingar til að koma í veg fyrir og draga úr myndun úrgangs, undirbúa fyrir endurnotkun, afmenga og endurvinnna úrgang sem myndast hjá aðstoðarþega eða fjárfestingar til að undirbúa fyrir endurnotkun, afmenga og endurvinnna úrgang sem myndast hjá þriðju aðilum og sem annars væri ónotaður, fargað eða fengi meðhöndlun sem er neðar í forgangsröðun úrgangsmetakerfisins sem um getur í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB eða þannig að auðlindir nýtist verr, eða myndi leiða til minni gæða á frálagi frá endurvinnslu,
  - c) fjárfestingar til söfnunar, flokkunar, afmengunar, formeðhöndlunar og meðhöndlunar á öðrum vörum, efniviðum eða efnum sem verða til hjá aðstoðarþega eða þriðju aðilum og sem annars væru ónotuð eða notuð þannig að auðlindir nýtist verr,
  - d) fjárfestingar til sérstakrar söfnunar og flokkunar úrgangs með undirbúning hans fyrir endurnotkun eða endurvinnslu í huga.
3. Aðstoð til förgunar úrgangs og til endurnýtingar úrgangs til orkuframleiðslu skal ekki undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans samkvæmt þessari grein.
4. Aðstoðin skal ekki leysa fyrirtæki sem mynda úrgang undan neinum kostnaði eða skyldum tengdum meðhöndlun úrgangs sem þau bera ábyrgð á samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum, þ.m.t. samkvæmt kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, eða undan kostnaði sem ætti að teljast eðlilegur kostnaður fyrir fyrirtæki.
5. Aðstoðin má ekki hvetja til myndunar úrgangs eða aukinnar notkunar auðlinda.
6. Fjárfestingar í tengslum við tækni, sem þegar telst arðsöm viðskiptavenja í gervöllu Sambandinu, skulu ekki undanþegnar tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans samkvæmt þessari grein.
7. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera sá aukafjárfestingarkostnaður sem ákvarðaður er með því að bera heildarfjárfestingarkostnað verkefnisins saman við kostnað vegna síður umhverfissvæns verkefnis eða starfsemi, sem skal vera ein af eftirfarandi:
- a) staðleysusviðsmynd sem samanstendur af sambærilegri fjárfestingu sem trúlega yrði gerð í nýju eða fyrirbyggjandi framleiðsluferli án aðstoðar og sem nær ekki sömu auðlindanýtni,
  - b) staðleysusviðsmynd sem felst í því að meðhöndla úrganginn á grundvelli meðhöndlunaraðgerðar sem er neðar í forgangsröðun úrgangsmetakerfisins sem um getur í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB, eða að úrgangurinn, aðrar vörur, efniviðir eða efni fái meðhöndlun þar sem auðlindir nýtast verr,
  - c) staðleysusviðsmynd sem samanstendur af sambærilegri fjárfestingu í hefðbundnu framleiðsluferli þar sem notuð eru grunnhráefni, eða hráefni, ef afleidda (endurnýtta eða endurheimta) varan sem fæst getur tæknilega og fjárhagslega komið í stað frumframleiðsluvörunnar.

Í öllum aðstæðum sem taldar eru upp í a- og c-lið fyrstu undirgreinar skal staðleysusviðsmyndin samsvara fjárfestingu með sambærilega afkastagetu og líftíma sem samræmist Sambandsstöðlum sem þegar eru í gildi. Staðleysusviðsmyndin skal vera trúverðug í ljósi lagaskilyrða, markaðsaðstæðna og hvata.

Feli fjárfestingin í sér uppsetningu á viðbótarþætti við stöð sem fyrir er, og enginn síður umhverfissvænn jafngildur kostur er fyrir hendi, eða ef umsækjandi um aðstoð getur sýnt fram á að ekki yrði ráðist í neina fjárfestingu án aðstoðar, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera heildarfjárfestingarkostnaðurinn.

8. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 40% af aðstoðarhæfum kostnaði. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall til lítilra fyrirtækja um 20% og til meðalstórra fyrirtækja um 10%.

b) Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„10. Ekki skal veita aðstoð samkvæmt þessari grein vegna fjárfestinga sem ráðist er í til að fara að Sambandsstöðlum sem hafa verið samþykktir og hafa öðlast gildi. Veita má aðstoð samkvæmt þessari grein vegna fjárfestinga sem ráðist er í til að fara að Sambandsstöðlum sem hafa verið samþykktir en hafa ekki enn öðlast gildi að því tilskildu að fjárfestingin sé komin til framkvæmda og henni lokið a.m.k. 18 mánuðum fyrir þann dag er staðallinn öðlast gildi.“

45) Í stað 48. og 49. gr. kemur eftirfarandi:

„48. gr.

#### **Fjárfestingaraðstoð vegna orkugrunnvirkja**

1. Fjárfestingaraðstoð til byggingar eða endurnýjunar orkugrunnvirkis skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Aðstoð vegna orkugrunnvirkis sem er að hluta til eða að öllu leyti undanþegið aðgangi þriðju aðila eða gjaldskráreglum í samræmi við löggjöf um innri orkumarkaðinn skal ekki undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans samkvæmt þessari grein.

3. Aðstoð vegna fjárfestinga í verkefnum sem tengjast geymslu rafmagns og gass skal ekki undanþegin tilkynningarskyldunni samkvæmt þessari grein.

4. Aðstoð vegna gasgrunnvirkja skal einungis undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans ef viðkomandi grunnvirki er ætlað til notkunar fyrir vetni og/eða endurnýjanlegt gas eða til flutnings á meira en 50% vetni og endurnýjanlegu gasi.

5. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera heildarfjárfestingarkostnaðurinn.

6. Aðstoðarhlutfallið má vera allt að 100% af fjármögnunarþörfinni. Aðstoðin skal takmarkast við nauðsynlegt lágmark til að framkvæma verkefnið eða starfsemina sem nýtur aðstoðar. Þetta skilyrði er uppfyllt ef aðstoðin samsvarar fjármögnunarþörfinni eins og hún er skilgreind í 118. lið 2. gr. Ekki er þörf á ítarlegu mati á auknum kostnaði (nettó) ef aðstoðarfjárhæðir eru ákvarðaðar með útbóði á samkeppnisgrundvelli þar eð það síðarnefnda veitir áreiðanlegt mat á lágmarksaðstoð sem mögulegir aðstoðarþegar þurfa.

49. gr.

#### **Aðstoð til rannsókna og ráðgjafarþjónustu á sviði umhverfisverndar og orkumála**

1. Aðstoð til rannsókna eða ráðgjafarþjónustu, þ.m.t. orkuúttekta, sem tengjast beint fjárfestingum sem eru aðstoðarhæfar samkvæmt þessum þætti, skal samrýmast innri markaðnum í skilningi 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Ef rannsóknin eða ráðgjafarþjónustan í heild varðar fjárfestingar sem eru aðstoðarhæfar samkvæmt þessum þætti, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera kostnaður við rannsóknina eða ráðgjafarþjónustuna. Ef einungis hluti rannsóknarinnar eða ráðgjafarþjónustunnar varðar fjárfestingar sem eru aðstoðarhæfar samkvæmt þessum þætti, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera kostnaður við þann hluta rannsóknarinnar eða ráðgjafarþjónustunnar sem tengist þessum fjárfestingum.

2a. Aðstoð skal veitt án tillits til þess hvort niðurstöðum rannsóknarinnar eða ráðgjafarþjónustunnar fylgi fjárfesting sem er aðstoðarhæf samkvæmt þessum þætti.

3. Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 60% af aðstoðarhæfum kostnaði.

4. Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall til rannsókna eða ráðgjafarþjónustu fyrir hönd lítilla fyrirtækja um 20% og rannsókna eða ráðgjafarþjónustu fyrir hönd meðalstórra fyrirtækja um 10%.

5. Aðstoð skal ekki veitt til orkuúttekta, sem eru gerðar til að uppfylla tilskipun 2012/27/ESB, nema orkuúttektin sé framkvæmd til viðbótar skyldubundinni orkuúttekt samkvæmt þeirri tilskipun.“

46) Í stað 52. gr. og 52. gr. a kemur eftirfarandi:

„52. gr.

#### Aðstoð vegna fastra breiðbandsneta

1. Aðstoð til að koma á fót föstum breiðbandsnetum skal samrýmast innri markaðnum skv. 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera allur kostnaður við uppbyggingu, stjórnun og rekstur fasts breiðbandsnets. Hámarksfjárhæð aðstoðar til verkefnis skal ákvörðuð í valferli á samkeppnisgrundvelli eins og sett er fram í a-lið 6. mgr. Þegar fjárfesting er framkvæmd í samræmi við b-lið 6. mgr., án valferlis á samkeppnisgrundvelli, skal aðstoðarfjárhæðin ekki vera hærri en sem nemur mismuninum á aðstoðarhæfum kostnaði og eðlilegum rekstrarhagnaði fjárfestingarinnar. Draga skal rekstrarhagnaðinn frá aðstoðarhæfa kostnaðinum fyrir fram á grundvelli raunhæfra spáa og hann sannprófaður eftir á með endurgreiðslufyrirkomulagi. Raunhæf spá um ráðstöfunina krefst þess að tekið sé tillit til alls kostnaðar og allra tekna sem gert er ráð fyrir á efnahagslegum líftíma fjárfestingarinnar.

3. Eftirfarandi aðrar tegundir fjárfestinga eru aðstoðarhæfar:

a) að koma á fót föstum breiðbandsnetum til að tengja saman heimili og aflvaka félagslegra og hagrænna þátta á svæðum þar sem ekkert net, sem býður a.m.k. 100 megabita niðurhalshraða á sekúndu við álagsskilyrði (lágmarkshraði), er fyrir hendi eða trúverðug áform eru um að því verði komið á fót innan viðkomandi tímabils. Þetta skal sannreynt með kortlagningu og samráði við almenning í samræmi við 4. mgr.,

b) að koma á fót föstum breiðbandsnetum til að tengja saman aflvaka félagslegra og hagrænna þátta á svæðum þar sem aðeins eitt net, sem býður a.m.k. 100 megabita en undir 300 megabita niðurhalshraða á sekúndu við álagsskilyrði (lágmarkshraði), er fyrir hendi eða trúverðug áform eru um að því verði komið á fót innan viðkomandi tímabils. Þetta skal sannreynt með kortlagningu og samráði við almenning í samræmi við 5. mgr.

4. Svæði með a.m.k. eitt net, sem hægt er að uppfæra þannig að það nái a.m.k. 1 gígabita niðurhalshraða við álagsskilyrði, uppfylla ekki skilyrði fyrir íhlutun skv. a- og b-lið 3. mgr. Net telst vera hægt að uppfæra þannig að það nái a.m.k. 1 gígabita niðurhalshraða við álagsskilyrði ef það getur boðið þann hraða með lítilsháttar fjárfestingu, s.s. uppfærslu á virkum búnaði, án verulegrar fjárfestingar í breiðbandsinnviðum.

5. Kortlagningin og samráðið við almenning að því er varðar 3. mgr. skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) í kortlagningunni skal tilgreina þau landfræðilegu marksvæði sem áætlað er að falli undir ríkisíhlutunina og taka tillit til allra fastra breiðbandsneta sem fyrir eru. Kortlagningin skal framkvæmd:

i. fyrir fastlínunet, á vistfangastigi á grundvelli staða sem netið liggur um,

ii. fyrir föst, þráðlaus aðgangsneta, á vistfangastigi á grundvelli staða sem netið liggur um eða á grundvelli neta sem eru að hámarki 100 x 100 metrar.

Ef útbreiðsla nets felur í sér, á sama tíma, útbreiðslu aðgangsnets og takmarkaða útbreiðslu nauðsynlegs viðbótar-greinanets sem er nauðsynlegt til að starfrækja aðgangsnetið er ekki gerð krafa um kortlagningu greinaneta.

Gera skal alla þætti aðferðafræðinnar og tæknilegu viðmiðanirnar, sem liggja til grundvallar og notaðar eru til að kortleggja marksvæðin, aðgengileg öllum. Ætíð skal sannreyna kortlagninguna með samráði við almenning,

- b) samráð við almenning skal fara fram á vegum lögbærs, opinbers yfirvalds með birtingu á helstu einkennum fyrirhugaðrar ríkisíhlutunar og á skránni yfir landfræðileg marksvæði sem skilgreind eru við kortlagninguna í samræmi við a-lið. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar á vefsetri sem er aðgengilegt almenningi á svæðisvísu og á landsvísu. Samráð við almenning skal gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að gera athugasemdir við fyrirhugaða ríkisíhlutun og leggja fram rökstuddar upplýsingar, í samræmi við a-lið, um net sín sem bjóða þann lágmarkshraða sem settur er fram í 3. mgr., sem eru til staðar eða sem trúverðug áform eru um að komið verði á fót á marksvæðinu innan viðkomandi tímabils. Samráð við almenning skal vara í a.m.k. 30 daga.

6. Íhlutunin skal hafa í för með sér umtalsverðar umbætur (gagngera breytingu) samanborið við net sem þegar eru fyrir hendi eða sem trúverðug áform eru um að komið verði á fót innan viðkomandi tímabils, eins og staðfest er með kortlagningu og samráði við almenning sem innt er af hendi í samræmi við 5. mgr. Aðeins skal taka tillit til neta sem trúverðug áform eru um að komið verði á fót við mat á gagngeru breytingunni ef afköst þeirra, einna og sér, myndu jafngilda afköstum fyrirhugaðs, ríkisfjármagnaðs nets á marksvæðunum innan viðkomandi tímabils. Gagnger breyting verður ef ráðist er í umtalsverða nýja fjárfestingu í breiðbandsnetinu, sem er afleiðing af niðurgreiddu íhlutuninni, og niðurgreidda netið leiðir af sér umtalsverða nýja möguleika á markaði að því er varðar framboð, flutningsgetu, hraða og samkeppni breiðbandsþjónustu, samanborið við þau net sem eru til staðar eða sem trúverðug áform eru uppi um að verði tekin í notkun innan viðkomandi tímabils. Meira en 70% af fjárfestingum íhlutunarinnar skal vera í breiðbandsinnviðum. Í öllum tilvikum skal aðstoðarhæf íhlutun, eins og mælt er fyrir um í 3. mgr., a.m.k. hafa í för með sér eftirfarandi umbætur:

- a) að því er varðar íhlutanir skv. a-lið 3. mgr. skal ríkisfjármagnaða netið ná a.m.k. þreföldum niðurhalshraða miðað við þau net sem fyrir eru (markhraði),
- b) að því er varðar íhlutanir skv. b-lið 3. mgr. skal ríkisfjármagnaða netið ná a.m.k. þreföldum niðurhalshraða miðað við þau net sem fyrir eru og ná a.m.k. 1 gigabita niðurhalshraða á sekúndu við álagsskilyrði (markhraði).

7. Aðstoðin skal veitt sem hér segir:

- a) úthluta skal aðstoðinni á grundvelli opins og gagnsæs valferlis á samkeppnisgrundvelli án mismununar í samræmi við meginreglur reglna um opinber innkaup og að virtri meginreglunni um tæknilegt hlutleysi, á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðsins,
- b) ef aðstoðin er veitt opinberu yfirvaldi án valferlis á samkeppnisgrundvelli til að koma á fót og stjórna, beint eða fyrir tilstuðlan innri aðila, föstu breiðbandsneti skal opinbera yfirvaldið eða innri aðilinn, eftir því sem við á, aðeins veita heildsöluþjónustu um niðurgreidda netið. Sérleyfi eða öðru umboði veittu þriðja aðila til að byggja eða reka netið skal úthluta í opnu og gagnsæju valferli á samkeppnisgrundvelli án mismununar í samræmi við meginreglur reglna um opinber innkaup og að virtri meginreglunni um tæknilegt hlutleysi, á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðsins.

8. Niðurgreidda netið skal bjóða heildsöluaðgang, eins og skilgreint er í 139. lið. 2. gr., með sanngjörnum skilmálum og án mismununar. Í undantekningartilvikum geta inngríp, sem eru aðstoðarhæf skv. a-lið 3. mgr., boðið sýndarsundurgreiningu í stað efnislegrar sundurgreiningar ef landsbundið eftirlitsyfirvald eða annað lögbært yfirvald hefur samþykkt aðgangsvörðuna sem byggist á sýndarsundurgreiningu fyrir fram. Virkur heildsöluaðgangur skal veittur til tíu ára að lágmarki frá því að netið tekur til starfa og heildsöluaðgangur að breiðbandsinnviðunum skal veittur á endingartíma viðkomandi þátta. Aðgangur sem byggist á sýndarsundurgreiningu skal veittur til jafnlangs tíma og endingartími grunnvirkisins er, sem sýndarsundurgreiningin kemur í staðinn fyrir. Sömu aðgangsskilyrði skulu gilda um allt netið, þ.m.t. þá hluta netsins þar sem fyrirliggjandi innviðir hafa verið notaðir. Aðgangsskyldum skal framfylgt án tillits til breytinga á eignarhaldi, stjórnun eða rekstri netsins. Netið skal veita aðgang a.m.k. þremur umsækjendum um aðgang og gera a.m.k. 50% af flutningsgetunni aðgengilega umsækjendum um aðgang. Til að gera heildsöluaðganginn skilvirkan og til að gera umsækjendum um aðgang kleift að veita þjónustu skal einnig veita heildsöluaðgang að hlutum netsins sem ríkið hefur ekki fjármagnað eða sem aðstoðarþeginn hefur hugsanlega ekki komið á fót, s.s. með því að veita aðgang að virkum búnaði jafnvel þótt eingöngu breiðbandsinnviðir séu fjármagnaðir.

9. Verð á heildsöluaðgangi skal byggjast á einni af eftirfarandi viðmiðunum og meginreglum um verðlagningu:

- a) birt meðalheildsöluverð sem gildir á sambærilegum og samkeppnishæfari svæðum í aðildarríkinu,

- b) verð sem reglur hafa þegar verið settar um eða samþykkt hefur verið af landsbundnu eftirlitsyfirvaldi fyrir viðkomandi markaði og þjónustu eða
- c) kostnaðartengingu eða aðferðafræði sem fyrirskipuð er í samræmi við regluramma um sérsvið.

Með fyrirvara um valdsvið landsbundna eftirlitsyfirvaldsins samkvæmt reglurammanum skal hafa samráð við landsbundna eftirlitsyfirvaldið um heildsöluaðgangsvörurnar, skilmála og skilyrði fyrir aðgangi, þ.m.t. um verð, og um deilur sem tengjast beitingu þessarar greinar.

10. Aðildarríki skulu koma á eftirlits- og endurgreiðslufyrirkomulagi ef fjárhæð aðstoðarinnar sem er veitt til verkefnisins fer yfir 10 milljónir evra.

11. Til að tryggja að aðstoð verði áfram hlutfallsleg og leiði ekki til ofgreiðslna eða víxlniðurgreiðslna á starfsemi sem ekki nýtur aðstoðar skal aðstoðarþeginn tryggja aðskilið bókhald milli þeirra fjármuna sem notaðir eru til að koma á fót og reka ríkisfjármagnaða netið og annarra fjármuna sem hann hefur til umráða.

52. gr. a

#### Aðstoð vegna 4G- og 5G-farneta

1. Aðstoð til að koma á fót 4G- og 5G-farnetum skal samrýmast innri markaðnum skv. 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera allur kostnaður við uppbyggingu, stjórnun og rekstur óvirkra og virkra hluta farnets. Hámarksfjárhæð aðstoðar til verkefnis skal ákvörðuð í valferli á samkeppnisgrundvelli eins og sett er fram í a-lið 7. mgr. Þegar fjárfesting er framkvæmd í samræmi við b-lið 7. mgr., án valferlis á samkeppnisgrundvelli, skal aðstoðarfjárhæðin ekki vera hærri en sem nemur mismuninum á aðstoðarhæfum kostnaði og eðlilegum rekstrarhagnaði fjárfestingarinnar. Draga skal rekstrarhagnaðinn frá aðstoðarhæfa kostnaðinum fyrir fram á grundvelli raunhæfra spáa og hann sannprófaður eftir á með endurgreiðslufyrirkomulagi. Raunhæf spá um ráðstöfunina krefst þess að tekið sé tillit til alls kostnaðar og allra tekna sem gert er ráð fyrir á efnahagslegum líftíma fjárfestingarinnar.

3. Farneti fyrir 5G skal komið á fót á svæðum þar sem engin 4G- og engin 5G-farnet eru fyrir hendi eða þar sem engin trúverðug áform eru uppi um að slíkum netum verði komið á fót innan viðkomandi tímabils. Farneti fyrir 4G skal komið á fót á svæðum þar sem engin 3G-, 4G- eða 5G-farnet eru fyrir hendi eða þar sem engin trúverðug áform eru uppi um að slíkum netum verði komið á fót innan viðkomandi tímabils. Þessar kröfur skulu sannreyndar með kortlagningu og samráði við almenning í samræmi við 4. mgr.

4. Kortlagningin og samráðið við almenning að því er varðar 3. mgr. skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- a) í kortlagningunni skulu greinilega skilgreind þau landfræðilegu marksvæði sem áætlað er að ríkisihlutunin taki til og skal tekið tillit til allra núverandi farneta. Kortlagning skal fara fram á grundvelli nets sem er að hámarki 100x100 metrar. Gera skal alla þætti aðferðafræðinnar og tæknilegu viðmiðanirnar, sem liggja til grundvallar og notaðar eru til að kortleggja marksvæðin, aðgengileg öllum. Kortlagning skal ávallt sannprófuð með samráði við almenning,

Ef útbreiðsla nets felur í sér, á sama tíma, útbreiðslu aðgangsnets og takmarkaða útbreiðslu nauðsynlegs viðbótar-greinanets sem er nauðsynlegt til að starfrækja aðgangsnetið er ekki gerð krafa um sérstaka kortlagningu greinaneta,

- b) samráð við almenning skal fara fram á vegum lögbærs, opinbers yfirvalds með birtingu á helstu einkennum fyrirhugaðrar ríkisihlutunar og á skránni yfir landfræðileg marksvæði sem skilgreind eru við kortlagninguna í samræmi við a-lið. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar á vefsetri sem er aðgengilegt almenningi á svæðisvísu og á landsvísu. Samráð við almenning skal gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að gera athugasemdir við fyrirhugaða ríkisihlutun og leggja fram rökstuddar upplýsingar, í samræmi við a-lið, um farnet sín með eiginleika sem settir eru fram í 3. mgr., sem eru til staðar eða sem trúverðug áform eru um að verði komið á fót á marksvæðinu innan viðkomandi tímabils. Samráð við almenning skal vara í a.m.k. 30 daga.

5. Ekki skal tekið tillit til grunnvirkisins sem nýtur aðstoðar til að uppfylla skuldbindingar rekstraraðila farneta um útbreiðslu sem leiðir af skilyrðum sem tengd eru afnotarétti á 4G- og 5G-tíðnirófi.

6. Íhlutunin skal hafa í för með sér umtalsverðar umbætur (gagngera breytingu) samanborið við farnet sem þegar eru fyrir hendi eða sem trúverðug áform eru um að komið verði á fót innan viðkomandi tímabils, eins og sýnt er fram á með kortlagningu og samráði við almenning sem innt er af hendi í samræmi við 4. mgr. Aðeins skal taka tillit til neta, sem trúverðug áform eru um að komið verði á fót, við mat á gagngeru breytingunni ef afköst þeirra, einna og sér, myndu jafngilda afköstum fyrirhugaðs, ríkisfjármagnaðs nets á marksvæðunum innan viðkomandi tímabils. Gagnger breyting verður ef ráðist er í umtalsverða nýja fjárfestingu í farnetinu, sem er afleiðing af niðurgreiddu íhlutuninni, og niðurgreidda netið leiðir af sér umtalsverða nýja möguleika á markaði að því er varðar framboð, flutningsgetu, hraða og samkeppni farnetaþjónustu, samanborið við þau net sem eru til staðar eða sem trúverðug áform eru um að verði tekin í notkun innan viðkomandi tímabils. Meira en 50% af fjárfestingu íhlutunarinnar skal vera í breiðbandsinnviðum.

7. Aðstoðin skal veitt sem hér segir:

- a) úthluta skal aðstoðinni á grundvelli opins og gagnsæs valferlis á samkeppnisgrundvelli án mismununar í samræmi við meginreglur reglna um opinber innkaup og að virtri meginreglunni um tæknilegt hlutleysi, á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðsins,
- b) ef aðstoðin er veitt opinberu yfirvaldi án valferlis á samkeppnisgrundvelli til að koma á fót og stjórna, beint eða fyrir tilstuðlan innri aðila, farneti skal opinbera yfirvaldið eða innri aðilinn, eftir því sem við á, aðeins veita heildsöluþjónustu um niðurgreidda netið. Sérleyfi eða öðru umboði veittu þriðja aðila til að byggja eða reka netið skal úthluta í opnu og gagnsæju valferli á samkeppnisgrundvelli án mismununar í samræmi við meginreglur reglna um opinber innkaup og að virtri meginreglunni um tæknilegt hlutleysi, á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðsins.

8. Við rekstur niðurgreidda netsins skal bjóða heildsöluaðgang, eins og skilgreint er í 139. lið. 2. gr., með sanngjörnum skilmálum og án mismununar. Virkur heildsöluaðgangur skal veittur til tíu ára að lágmarki frá því að netið tekur til starfa og heildsöluaðgangur að breiðbandsinnviðunum skal veittur á endingartíma viðkomandi þátta. Sömu aðgangsskilyrði skulu gilda um allt netið, þ.m.t. um þá hluta netsins þar sem fyrirliggjandi innviðir hafa verið notaðir. Aðgangsskyldum skal framfylgt án tillits til breytinga á eignarhaldi, stjórnun eða rekstri netsins. Til að gera heildsöluaðganginn skilvirkan og til að gera umsækjendum um aðgang kleift að veita þjónustu skal einnig veita heildsöluaðgang að hlutum netsins sem ríkið hefur ekki fjármagnað eða sem aðstoðarþeginn hefur hugsanlega ekki komið á fót, s.s. með því að veita aðgang að virkum búnaði jafnvel þótt eingöngu breiðbandsinnviðir séu fjármagnaðir.

9. Verð á heildsöluaðgangi skal byggjast á einni af eftirfarandi viðmiðunum og meginreglum um verðlagningu:

- a) birt meðalheildsöluverð sem gildir á sambærilegum og samkeppnishæfari svæðum í aðildarríkinu,
- b) verð sem reglur hafa þegar verið settar um eða samþykkt hefur verið af landsbundnu eftirlitsyfirvaldi fyrir viðkomandi markaði og þjónustu,
- c) kostnaðartengingu eða aðferðafræði sem fyrirskipuð er í samræmi við regluramma um sérsvið.

Með fyrirvara um valdsvið landsbundna eftirlitsyfirvaldsins samkvæmt reglurammanum skal hafa samráð við landsbundna eftirlitsyfirvaldið um heildsöluaðgangsvörurnar, skilmála og skilyrði fyrir aðgangi, þ.m.t. um verð, og um deilur sem tengjast beitingu þessarar greinar.

10. Aðildarríki skulu koma á eftirlits- og endurgreiðslufyrirkomulagi ef fjárhæð aðstoðarinnar sem er veitt til verkefnisins fer yfir 10 milljónir evra.

11. Notkun ríkisfjármagnaða 4G- eða 5G-netsins til að veita fasta, þráðlaus aðgangspjónustu skal einungis leyfð á svæðum þar sem ekkert net, sem býður a.m.k. 100 megabita niðurhalshraða á sekúndu við álagsskilyrði, er fyrir hendi eða trúverðug áform eru um að því verði komið á fót innan viðkomandi tímabils, ef eftirfarandi samanlögð skilyrði eru uppfyllt:

- a) kortlagningin og samráðið við almenning taki tillit til þeirra föstu breiðbandsneta sem eru fyrir hendi eða sem trúverðug áform eru um að verði ákvörðuð skv. 5. mgr. 52. gr.,

- b) fasta þráðlaus 4G- eða 5G-aðgangsnetið, sem nýtur stuðnings, skal ná a.m.k. þreföldum niðurhalshraða samanborið við net sem fyrir eru eða sem trúverðug áform eru uppi um (markhraði) skv. 5. mgr. 52. gr.

12. Til að tryggja að aðstoð verði áfram hlutfallsleg og leiði ekki til ofgreiðslna eða víxlniðurgreiðslna á starfsemi sem ekki nýtur aðstoðar skal aðstoðarþeginn tryggja aðskilið bókhald milli þeirra fjármuna sem notaðir eru til að koma á fót og reka ríkisfjármagnaða netið og annarra fjármuna sem hann hefur til umráða.“

- 47) Í stað 52. gr. c kemur eftirfarandi:

„52. gr. c

#### Inneign vegna tenginga

1. Aðstoð í formi inneignarkerfis vegna tenginga fyrir neytendur til að auðvelda fjarvinnslu, fjarmenntun eða þjálfunarþjónustu eða fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki skal samrýmast innri markaðnum skv. 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Inneignarkerfi skal ekki vera virkt lengur en í 3 ár. Gildistími inneignar fyrir endanlega notendur má ekki fara yfir 2 ár.

3. Eftirfarandi flokkar inneigna skulu vera aðstoðarhæfir:

a) inneignir fyrir neytendur og lítil og meðalstór fyrirtæki til að gerast áskrifendur að nýrri breiðbandsþjónustu eða til að uppfæra núverandi áskrift í þjónustu sem veitir a.m.k. 30 megabita niðurhalshraða á sekúndu við álagsskilyrði, að því tilskildu að allir veitendur rafrænnar fjarskiptaþjónustu sem bjóða a.m.k. 30 megabita niðurhalshraða á sekúndu við álagsskilyrði séu gjaldgengir í kerfið. Inneignir skulu ekki veittar til að skipta um veitendur sem veita sama hraða og er þegar fyrir hendi samkvæmt núverandi áskrift eða til að uppfæra áskrift sem er fyrir hendi sem er a.m.k. 30 megabita niðurhal á sekúndu við álagsskilyrði,

b) inneignir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki til að gerast áskrifendur að nýrri breiðbandsþjónustu eða til að uppfæra núverandi áskrift í þjónustu sem býður a.m.k. 100 megabita niðurhalshraða á sekúndu við álagsskilyrði, að því tilskildu að allir veitendur rafrænnar fjarskiptaþjónustu sem bjóða a.m.k. 100 megabita niðurhalshraða á sekúndu við álagsskilyrði séu gjaldgengir í kerfið. Inneignir skulu ekki veittar til að skipta um veitendur sem veita sama hraða og er þegar fyrir hendi samkvæmt núverandi áskrift eða til að uppfæra áskrift sem er fyrir hendi sem er a.m.k. 100 megabita niðurhal á sekúndu við álagsskilyrði.

4. Inneignir skulu ná yfir allt að 50% af aðstoðarhæfum kostnaði. Aðstoðarhæfur kostnaður er mánaðargjald, staðlaður uppsetningarkostnaður og nauðsynlegur endabúnaður fyrir notendur til að nota breiðbandsþjónustuna með þeim hraða sem tilgreindur er í 3. mgr. Kostnaður við innbyggðar lagnir og takmarkaða útbreiðslu innan einkaeigna notenda eða innan almenningseignar sem er nálægt einkaeignum notenda, er einnig aðstoðarhæfur að því marki sem það telst nauðsynlegt og koma til viðbótar við veitingu þjónustunnar. Opinber yfirvöld skulu greiða inneignir milliliðalaust til endanlegra notenda eða beint til þess þjónustuveitanda sem endanlegir notendur velja.

5. Inneignir skulu ekki veittar fyrir svæði þar sem ekkert netkerfi er fyrir hendi sem veitir aðstoðarhæfu þjónustuna sem tilgreind er í 3. mgr. Aðildarríki verða að hafa samráð við almenning með birtingu á helstu einkennum kerfisins og skránni yfir landfræðileg marksvæði á vefsetri sem er aðgengilegt almenningi á svæðisvísu og landsvísu. Með samráði við almenning skal bjóða hagsmunaaðilum að koma með athugasemdir við drögin að ráðstöfuninni og leggja fram rökstuddar upplýsingar um þau net sín sem fyrir eru sem eru fær um að bjóða, á áreiðanlegan hátt, þann hraða sem tilgreindur er í 3. mgr. Samráð við almenning skal vara í a.m.k. 30 daga.

6. Inneignir skulu vera tæknilega hlutlausar. Kerfið skal tryggja jafna meðferð allra mögulegra þjónustuveitenda og skal veita notendum sem fjölbreyttast val um veitendur óháð því hvaða tækni er notuð. Í þeim tilgangi skulu aðildarríkin koma á fót skrá á netinu yfir alla aðstoðarhæfa þjónustuveitendur eða nota aðra jafngilda aðferð til að tryggja að íhlutun ríkisins sé opin, gagnsæ og án mismununar. Endanlegir notendur skulu eiga möguleika á að skoða þessar upplýsingar um öll fyrirtæki sem geta veitt aðstoðarhæfa þjónustu. Öll fyrirtæki sem geta veitt aðstoðarhæfa þjónustu skulu eiga rétt á að vera færð á skrána á netinu eða skráð á öðrum stað sem aðildarríkið velur, sé þess óskað.

7. Til að lágmarka markaðsröskun skulu aðildarríki framkvæma markaðsmat til að greina aðstoðarhæfa veitendur á svæðinu og afla upplýsinga til að reikna út markaðshlutdeild þeirra, framboð aðstoðarhæfrar þjónustu og verð. Aðstoð skal eingöngu veitt ef markaðsmatið sýnir að hönnun kerfisins sé nægilega viðtæk til að það gagnist ekki takmörkuðum fjölda veitenda óeðlilega og að kerfið verði ekki til þess að efla (staðbundinn) markaðsstyrk tiltekinna veitenda.

8. Til að teljast aðstoðarhæfur, þegar veitandi breiðbandsþjónustu er lóðrétt samþættur og markaðshlutdeild hans í smásölu er yfir 25%, verður hann að bjóða, á samsvarandi heildsölumarkaði, heildsöluaðgangsvörur sem gera sérhverjum umsækjanda um aðgang kleift að veita aðstoðarhæfa þjónustu á þeim hraða sem tilgreindur er í 3. mgr. við opin og gagnsæ skilyrði sem eru án mismununar.

Verð á heildsöluaðgangi skal ákvarðað út frá einni af eftirfarandi viðmiðunum og meginreglum um verðlagningu:

- a) birt meðalheildsöluverð sem gildir á sambærilegum og samkeppnishæfari svæðum í aðildarríkinu,
- b) verð sem reglur hafa þegar verið settar um eða samþykkt hefur verið af landsbundnu eftirlitsyfirvaldi fyrir viðkomandi markaði og þjónustu,
- c) kostnaðartenging eða aðferðafræði sem fyrirskipuð er í samræmi við regluramma um sérsvið.

Með fyrirvara um valdsvið landsbundna eftirlitsyfirvaldsins samkvæmt reglurammanum skal hafa samráð við landsbundna eftirlitsyfirvaldið um heildsöluaðgangsvörurnar, skilmála og skilyrði fyrir aðgangi, þ.m.t. um verð, og um deilur sem tengjast beitingu þessarar greinar.“

48) Eftirfarandi 52. gr. d bætist við:

„52. gr. d

#### **Aðstoð vegna greinaneta**

1. Aðstoð til að koma á fót greinanetum skal samrýmast innri markaðnum skv. 3. mgr. 107. gr. sáttmálans og vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í I. kafla.

2. Aðstoðarhæfur kostnaður skal vera allur kostnaður við uppbyggingu, stjórnun og rekstur greinanets. Hámarksfjárhæð aðstoðar til verkefnis skal ákvörðuð í valferli á samkeppnisgrundvelli eins og sett er fram í a-lið 6. mgr. Þegar fjárfesting er framkvæmd í samræmi við b-lið 6. mgr., án valferlis á samkeppnisgrundvelli, skal aðstoðarfjárhæðin ekki vera hærri en sem nemur mismuninum á aðstoðarhæfum kostnaði og eðlilegum rekstrarhagnaði fjárfestingarinnar. Draga skal rekstrarhagnaðinn frá aðstoðarhæfa kostnaðinum fyrir fram á grundvelli raunhæfra spáa og hann sannprófaður *eftir á* með endurgreiðslufyrirkomulagi. Raunhæf spá um ráðstöfunina krefst þess að tekið sé tillit til alls kostnaðar og allra tekna sem gert er ráð fyrir á efnahagslegum líftíma fjárfestingarinnar.

3. Greinaneti skal komið á fót á svæðum þar sem engin greinanet, sem byggjast á ljósleiðara eða annarri tækni sem getur boðið sömu afköst og áreiðanleika og ljósleiðari, eru fyrir hendi eða sem trúverðug áform eru um að komið verði á fót innan viðkomandi tímabils. Þetta skal sannreynt með kortlagningu og samráði við almenning í samræmi við 4. mgr.

4. Kortlagningin og samráðið við almenning að því er varðar 3. mgr. skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- a) í kortlagningunni skal tilgreina marksvæðin sem falla undir ríkisíhlutunina varðandi greinanet og taka tillit til allra greinaneta sem fyrir eru. Gera skal alla þætti aðferðafræðinnar og tæknilegu viðmiðanirnar, sem liggja til grundvallar og notaðar eru til að kortleggja marksvæðin, aðgengileg öllum. Kortlagning skal ávallt sannprófuð með samráði við almenning,

- b) samráð við almenning skal fara fram á vegum lögbærs, opinbers yfirvalds með birtingu á helstu einkennum fyrirhugaðrar ríkisíhlutunar og á skránni yfir svæði sem skilgreind eru við kortlagninguna í samræmi við a-lið. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar á vefsetri sem er aðgengilegt almenningi á svæðisvísu og á landsvísu. Samráð við almenning skal gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að gera athugasemdir við fyrirhugaða ríkisíhlutun og leggja fram rökstuddar upplýsingar, í samræmi við a-lið, um greinanetin sem eru til staðar eða sem trúverðug áform eru um komið verði á fót innan viðkomandi tímabils. Samráð við almenning skal vara í a.m.k. 30 daga.

5. Íhlutunin skal hafa í för með sér umtalsverðar umbætur (gagngera breytingu) samanborið við greinanet sem þegar eru fyrir hendi eða sem trúverðug áform eru um að komið verði á fót innan viðkomandi tímabils, eins og sýnt er fram á með kortlagningu og samráði við almenning sem innt er af hendi í samræmi við 4. mgr. Aðeins skal taka tillit til neta, sem trúverðug áform eru um að komið verði á fót, við mat á gagngeru breytingunni ef afköst þeirra, einna og sér, myndu jafngilda afköstum fyrirhugaðs, ríkisfjármagnaðs nets á marksvæðunum innan viðkomandi tímabils. Gagnger breyting verður ef ráðist er í umtalsverða nýja fjárfestingu í greinanetinu, sem er afleiðing af niðurgreiddu íhlutuninni, og niðurgreidda greinanetið byggir á ljósleiðara eða annarri tækni sem getur boðið sömu afköst og ljósleiðari, ólíkt þeim netum sem eru til staðar eða sem trúverðug áform eru uppi um að verði tekin í notkun innan viðkomandi tímabils. Meira en 70% af fjárfestingu íhlutunarinnar verður að vera í breiðbandsinnviðum.

6. Aðstoðin skal veitt sem hér segir:

- a) úthluta skal aðstoðinni á grundvelli opins og gagnsæs valferlis á samkeppnisgrundvelli án mismununar í samræmi við meginreglur reglna um opinber innkaup og að virtri meginreglunni um tæknilegt hlutleysi, á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðsins,
- b) ef aðstoðin er veitt opinberu yfirvaldi án valferlis á samkeppnisgrundvelli til að koma á fót og stjórna, beint eða fyrir tilstuðlan innri aðila, greinaneti skal opinbera yfirvaldið eða innri aðilinn, eftir því sem við á, aðeins veita heildsöluþjónustu um niðurgreidda netið. Sérleyfi eða öðru umboði veittu þriðja aðila til að byggja eða reka netið skal úthluta í opnu og gagnsæju valferli á samkeppnisgrundvelli án mismununar í samræmi við meginreglur reglna um opinber innkaup og að virtri meginreglunni um tæknilegt hlutleysi, á grundvelli fjárhagslega hagkvæmasta tilboðsins.

7. Rekstur niðurgreidda netsins skal bjóða bæði föstum netum og farnetum heildsöluaðgang, eins og skilgreint er í 139. lið. 2. gr., með sanngjörnum skilmálum og án mismununar. Virkur heildsöluaðgangur skal veittur til tíu ára að lágmarki frá því að netið tekur til starfa og heildsöluaðgangur að breiðbandsinnviðunum skal veittur á endingartíma viðkomandi þátta. Sömu aðgangsskilyrði skulu gilda um allt netið, þ.m.t. þá hluta netsins þar sem fyrirbyggjandi innviðir hafa verið notaðir. Aðgangsskyldum skal framfylgt án tillits til breytinga á eignarhaldi, stjórnun eða rekstri netsins. Ríkisfjármagnaða netið skal rúma öll föst net og farnet á marksvæðunum sem falla undir íhlutunina fyrir greinanet og skal gera a.m.k. 50% af flutningsgetunni aðgengilega umsækjendum um aðgang. Til að gera heildsöluaðganginn skilvirkan og til að gera umsækjendum um aðgang kleift að veita þjónustu skal einnig veita heildsöluaðgang að hlutum netsins sem ríkið hefur ekki fjármagnað eða sem aðstoðarþeginn hefur hugsanlega ekki komið á fót, s.s. með því að veita aðgang að virkum búnaði jafnvel þótt eingöngu breiðbandsinnviðir séu fjármagnaðir.

8. Verð á heildsöluaðgangi skal byggjast á einni af eftirfarandi viðmiðunum og meginreglum um verðlagningu:

- a) birt meðalheildsöluverð sem gildir á sambærilegum, samkeppnishæfari svæðum í aðildarríkinu,
- b) verð sem reglur hafa þegar verið settar um eða samþykkt hefur verið af landsbundnu eftirlitsyfirvaldi fyrir viðkomandi markaði og þjónustu eða
- c) kostnaðartengingu eða aðferðafræði sem fyrirskipuð er í samræmi við regluramma um sérsvið.

Með fyrirvara um valdsvið landsbundna eftirlitsyfirvaldsins samkvæmt reglurammanum skal hafa samráð við landsbundna eftirlitsyfirvaldið um heildsöluaðgangsvörurnar, skilmála og skilyrði fyrir aðgangi, þ.m.t. um verð, og um deilur sem tengjast beitingu þessarar greinar.

9. Aðildarríki skulu koma á eftirlits- og endurgreiðslufyrirkomulagi ef fjárhæð aðstoðarinnar sem er veitt til verkefnis fer yfir 10 milljónir evra.

10. Til að tryggja að aðstoð verði áfram hlutfallsleg og leiði ekki til ofgreiðslna eða víxlniðurgreiðslna á starfsemi sem ekki nýtur aðstoðar skal aðstoðarþeginn tryggja aðskilið bókhald milli þeirra fjármuna sem notaðir eru til að koma á fót og reka ríkisfjármagnaða netið og annarra fjármuna sem hann hefur til umráða.“

49) Í stað 8. mgr. 53. gr. kemur eftirfarandi:

„8. Að því er varðar aðstoð, sem er ekki yfir 2,2 milljónum evra, má fastsetja hámarksfjárhæð aðstoðar sem 80% af aðstoðarhæfum kostnaði fremur en að beita aðferðinni sem um getur í 6. og 7. mgr.“

50) Í stað 12. mgr. 55. gr. kemur eftirfarandi:

„12. Að því er varðar aðstoð, sem er ekki yfir 2,2 milljónum evra, má fastsetja hámarksfjárhæð aðstoðar sem 80% af aðstoðarhæfum kostnaði fremur en að beita aðferðinni sem um getur í 10. og 11. mgr.“

51) Ákvæðum 56. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Ekki skal veita aðstoð samkvæmt þessari grein vegna byggingar, uppsetningar eða uppfærslu áfyllingargrunnvirkja sem sjá skipum fyrir jarðefnaeldsneyti, s.s. dísilolíu, jarðgasi, í loftkenndu formi (þjappað jarðgas (CNG)) og fljótandi formi (fljótandi jarðgas (LNG)) og fljótandi jarðolíugasi (LPG).“

b) Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við:

„2a. Að því er varðar aðstoð vegna hleðslu- og áfyllingargrunnvirkja fyrir rafmagn, vetni, ammoníak og metanól, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera kostnaður við byggingu, uppsetningu, uppfærslu eða stækkun hleðslu- og áfyllingargrunnvirkja. Þessi kostnaður getur tekið til kostnaðar við sjálft hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkið og tengdan tæknibúnað, þ.m.t. aðstöðu sem er föst, hreyfanleg eða fljótandi, uppsetningu eða uppfærslu á rafmagnspáttum eða öðrum þáttum, þ.m.t. rafstrengjum og aflspennum sem eru nauðsynlegir til að tengja hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkið við netið eða við raforku- eða vetnisframleiðslustöð eða geymslueiningu á staðnum, svo og kostnaðar vegna mannvirkja, aðlögunar svæða eða vega, uppsetningarkostnaðar og kostnaðar í tengslum við öflun viðeigandi leyfa.

Aðstoðarhæfur kostnaður getur einnig tekið til fjárfestingarkostnaðar við framleiðslu endurnýjanlegrar raforku eða endurnýjanlegs vetnis á staðnum, og fjárfestingarkostnaðar við geymslueiningar til að geyma endurnýjanlega raforku eða vetni. Nafnframleiðslugeta framleiðslustöðvar á staðnum fyrir endurnýjanlega raforku eða endurnýjanlegt vetni skal ekki vera meiri en hámarksmálútafl eða -áfyllingargeta hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkisins sem hún er tengd.“

c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Aðstoðarhlutfall fyrir hverja fjárfestingu, sem um getur í a-lið 2. mgr., skal ekki vera hærri en:

- a) 100% af aðstoðarhæfum kostnaði ef heildarupphæð aðstoðarhæfs kostnaðar verkefnisins er allt að 22 milljónir evra,
- b) 80% af aðstoðarhæfum kostnaði ef heildarupphæð aðstoðarhæfs kostnaðar verkefnisins er yfir 22 milljónir og allt að 55 milljónum evra,
- c) 60% af aðstoðarhæfum kostnaði ef heildarupphæð aðstoðarhæfs kostnaðar verkefnisins er yfir 55 milljónir evra og allt að þeirri fjárhæð sem mælt er fyrir um í ee-lið 1. mgr. 4. gr.

Aðstoðarhlutfallið skal ekki vera hærri en 100% af aðstoðarhæfum kostnaði sem ákvarðaður er í b- og c-lið 2. mgr., allt að þeirri fjárhæð sem mælt er fyrir um í ee-lið 1. mgr. 4. gr.“

d) Eftirfarandi 8. mgr. a bætist við:

„8a. Þegar aðstoð er veitt til byggingar, uppsetningar eða uppfærslu áfyllingargrunnvirkja fyrir vetni skal aðstoðarþeginn skuldbinda sig til að sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 2035 skuli áfyllingargrunnvirkið sem nýtur aðstoðar eingöngu bjóða upp á endurnýjanlegt vetni. Þegar aðstoð er veitt til byggingar, uppsetningar eða uppfærslu áfyllingargrunnvirkja fyrir ammoníak eða metanól skal aðstoðarþeginn skuldbinda sig til að sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 2035 skuli áfyllingargrunnvirkið sem nýtur aðstoðar eingöngu bjóða upp á ammoníak eða metanól þar sem orkuinnihaldið kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum öðrum en lífmassa og sem hefur verið framleitt í samræmi við þá aðferðafræði sem sett er fram fyrir endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna í tilskipun (ESB) 2018/2001 og framkvæmdargerðum hennar eða framseldum gerðum.“

e) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Að því er varðar aðstoð, sem er ekki yfir 5,5 milljónum evra, má fastsetja hámarksfjárhæð aðstoðar sem 80% af aðstoðarhæfum kostnaði fremur en að beita aðferðinni sem um getur í 4., 5. og 6. mgr.“

52) Ákvæðum 56. gr. c er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Ekki skal veita aðstoð samkvæmt þessari grein vegna byggingar, uppsetningar eða uppfærslu áfyllingargrunnvirkja sem sjá skipum fyrir jarðefnaeldsneyti, s.s. dísilolíu, jarðgasi, í loftkenndu formi (þjappað jarðgas (CNG)) og fljótandi formi (fljótandi jarðgas (LNG)) og fljótandi jarðolíugasi (LPG).“

b) Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við:

„2a. Að því er varðar aðstoð vegna hleðslu- og áfyllingargrunnvirkja fyrir rafmagn, vetni, ammoníak og metanól, skal aðstoðarhæfur kostnaður vera kostnaður við byggingu, uppsetningu, uppfærslu eða stækkun hleðslu- og áfyllingargrunnvirkja. Þessi kostnaður getur tekið til kostnaðar við sjálft hleðslu- og áfyllingargrunnvirkið og tengdan tæknibúnað, þ.m.t. aðstöðu sem er föst, hreyfanleg eða fljótandi, uppsetningu eða uppfærslu á rafmagnspáttum eða öðrum þáttum, þ.m.t. rafstrengjum og aflspennum sem eru nauðsynlegir til að tengja hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkið við netið eða við raforku- eða vetnisframleiðslustöð eða geymslueiningu á staðnum, svo og kostnaðar vegna mannvirkja, aðlögunar svæða eða vega, uppsetningarkostnaðar og kostnaðar í tengslum við öflun viðeigandi leyfa.

Aðstoðarhæfur kostnaður getur einnig tekið til fjárfestingarkostnaðar við framleiðslu endurnýjanlegrar raforku eða endurnýjanlegs vetnis á staðnum, og fjárfestingarkostnaðar við geymslueiningar til að geyma endurnýjanlega raforku eða vetni. Nafnframleiðslugeta framleiðslustöðvar á staðnum fyrir endurnýjanlega raforku eða endurnýjanlegt vetni skal ekki vera meiri en hámarksmálútafl eða -áfyllingargeta hleðslu- eða áfyllingargrunnvirkisins sem hún er tengd.“

c) Eftirfarandi 7. mgr. a bætist við:

„7a. Þegar aðstoð er veitt til byggingar, uppsetningar eða uppfærslu áfyllingargrunnvirkja fyrir vetni skal aðstoðarþeginn skuldbinda sig til að sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 2035 skuli áfyllingargrunnvirkið sem nýtur aðstoðar eingöngu bjóða upp á endurnýjanlegt vetni. Þegar aðstoð er veitt til byggingar, uppsetningar eða uppfærslu áfyllingargrunnvirkja fyrir ammoníak eða metanól skal aðstoðarþeginn skuldbinda sig til að sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 2035 skuli áfyllingargrunnvirkið sem nýtur aðstoðar eingöngu bjóða upp á ammoníak eða metanól þar sem orkuinnihaldið kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum öðrum en lífmassa og sem hefur verið framleitt í samræmi við þá aðferðafræði sem sett er fram fyrir endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna í tilskipun (ESB) 2018/2001 og framkvæmdagerðum hennar eða framseldum gerðum.“

d) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Að því er varðar aðstoð, sem er ekki yfir 2,2 milljónum evra, má fastsetja hámarksfjárhæð aðstoðar sem 80% af aðstoðarhæfum kostnaði fremur en að beita aðferðinni sem um getur í 4. og 5. mgr.“

53) Í stað 4. mgr. 56. gr. d kemur eftirfarandi:

„4. Hámarksviðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í 56. gr. e og 56. gr. f skulu gilda um heildarfjárhæð útistandandi fjármögnunar svo fremi að fjármögnunin, sem veitt er samkvæmt fjármálaafurð sem nýtur stuðnings InvestEU-sjóðsins, feli í sér aðstoð. Hámarksviðmiðunarmörkin skulu gilda:

a) fyrir hvert verkefni ef um er að ræða aðstoð með tilgreindum aðstoðarhæfum kostnaði sem fellur undir 56. gr. e (2., 3. og 4. mgr.), 56. gr. e (i. liður a-liðar 5. mgr.), og 56. gr. e (6., 7., 8. og 9. mgr.),

b) fyrir hvern endanlegan aðstoðarþega ef um er að ræða aðstoð án tilgreinds aðstoðarhæfs kostnaðar sem fellur undir 56. gr. e (ii., iii. og iv. liður a-liðar 5. mgr.), 56. gr. e (10. mgr.) og 56. gr. f.“

54) Ákvæðum 56. gr. e er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðstoð til að koma á fót föstum breiðbandsnetum og aðstoð til að koma á fót 4G- og 5G-farnetum til að tengja tiltekna aðstoðarhæfa aflvaka félagslegra og hagrænna þátta skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) aðstoð skal einungis veitt verkefnum sem uppfylla öll skilyrði um samrýmanleika, sem mælt er fyrir um annars vegar í 52. gr. og hins vegar í 52. gr. a, nema annað sé tekið fram í c- og d-lið þessarar málsgreinar,
- b) nafnverð heildar fjármögnunar, sem er veitt endanlegum aðstoðarþega til hvers verkefnis sem nýtur stuðnings úr InvestEU-sjóðnum, skal ekki vera hærri en 150 milljónir evra,
- c) verkefnið tengir saman aflvaka félagslegra og hagrænna þátta sem eru opinberar stjórnsýslustofnanir eða opinberir aðilar eða einkaaðilar sem falið er að starfrækja þjónustu í almannabágu eða þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu í skilningi 2. mgr. 106. gr. sáttmálans. Verkefni sem innihalda aðra þætti eða einingar en þær sem tilgreindar eru í þessum lið eru undanskilin,
- d) þrátt fyrir 4. mgr. 52. gr. skal sannprófa greindan markaðsbrest annaðhvort með viðeigandi tiltækri kortlagningu eða, þegar slík kortlagning er ekki tiltæk, með samráði við almenning sem hér segir:
  - i. kortlagningin getur talist viðeigandi ef hún er ekki eldri en 18 mánaða. Í kortlagningunni skulu aflvakar félagslegra og hagrænna þátta sem fyrirhugað er að opinbera íhlutunin taki til greinilega skilgreindir og hún skal ná yfir öll net, sem bjóða a.m.k. 100 megabita en undir 300 megabita niðurbalshraða á sekúndu við álagsskilyrði (lágmarkshraði), sem eru fyrir hendi eða trúverðug áform eru um að komið verði á fót innan viðkomandi tímabils og liggja um athafnasvæði tilgreinds aðstoðarhæfs aflvaka félagslegs og hagræns þátta, eins og um getur í c-lið. Lögbært opinbert yfirvald skal framkvæma kortlagninguna. Kortlagningin skal framkvæmd 1) fyrir eingöngu fastlínunet, á vistfangastigi á grundvelli staða sem netið liggur um; 2) fyrir föst, þráðlaus aðgangsneta, á vistfangastigi á grundvelli staða sem netið liggur um eða á grundvelli neta sem eru að hámarki 100x100 metrar; 3) fyrir farnet á grundvelli neta sem eru að hámarki 100x100 metrar. Gera skal alla þætti aðferðafræðinnar og tæknilegu viðmiðanirnar, sem liggja til grundvallar og notaðar eru til að kortleggja marksvæðin, aðgengileg öllum. Til að stuðla að samlegðaráhrifum og einföldun opinberrar stjórnsýslu getur landfræðileg könnun, sem framkvæmd er skv. 22. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, talist viðeigandi kortlagning í skilningi þessa liðar að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum lið,
  - ii. samráð við almenning skal fara fram á vegum lögbærs, opinbers yfirvalds með birtingu á helstu einkennum fyrirhugaðrar ríkisíhlutunar á vefsetri sem er aðgengilegt almenningi á svæðisvísi og landsvísi. Samráð við almenning skal gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að gera athugasemdir við fyrirhugaða ríkisíhlutun og leggja fram rökstuddar upplýsingar um net, sem bjóða a.m.k. 100 megabita en undir 300 megabita niðurbalshraða á sekúndu við álagsskilyrði (lágmarkshraði), sem eru fyrir hendi eða trúverðug áform eru um að komið verði á fót innan viðkomandi tímabils og liggja um athafnasvæði aðstoðarhæfs aflvaka félagslegs og hagræns þátta, eins og um getur í c-lið og sem tilgreindur er í samræmi við i. lið, á grundvelli upplýsinga: 1) fyrir eingöngu fastlínunet, á vistfangastigi á grundvelli staða sem netið liggur um; 2) fyrir föst, þráðlaus aðgangsneta, á vistfangastigi á grundvelli staða sem netið liggur um eða á grundvelli neta sem eru að hámarki 100x100 metrar; 3) fyrir farnet á grundvelli neta sem eru að hámarki 100 x 100 metrar. Samráð við almenning skal vara í a.m.k. 30 daga.“

b) Í stað a- og b-liðar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) aðstoð skal einungis veitt til fjárfestinga í orkugrunnvirkjum sem ekki eru undanþegin aðgangi þriðju aðila, gjaldskráreglum og sundurgreiningu, á grundvelli löggjafar um innri orkumarkaðinn, fyrir eftirfarandi flokka verkefna:

- i. að því er varðar grunnvirki fyrir gas, verkefni sem eru á ráðandi skrá Sambandsins yfir verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 347/2013 og
- ii. öll verkefni er varða grunnvirki fyrir raforku, grunnvirki fyrir vetni og grunnvirki fyrir koltvísýring,

- b) fjárfestingaraðstoð vegna framleiðslu á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum skal uppfylla eftirfarandi kröfur:
- aðstoð skal einungis veitt nýjum orkuverum sem eru valin á grundvelli samkeppni, gagnsæis, hlutlægni og án mismununar, í samræmi við 10. mgr. 41. gr.,
  - heimilt er að veita aðstoð til samsettra verkefna á sviði endurnýjanlegrar orku og raforku- eða varmageymslu, að uppfylltum kröfunum sem settar eru fram í 1. mgr. a í 41. gr.,
  - heimilt er að veita aðstoð til samsettra verkefna sem varða geymslu lífoldsneytis, fljótandi lífoldsneytis, lífgass (þ.m.t. lífmetans) og lífmassaeldsneytis, að uppfylltum kröfunum sem settar eru fram í 2. mgr. 41. gr.,
  - ef um er að ræða orkuver sem framleiða endurnýjanlegt vetni skal aðstoð einungis veitt orkuverum sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 3. mgr. 41. gr.,
  - ef um er að ræða orkuver sem framleiða lífoldsneyti skal aðstoð einungis veitt orkuverum sem framleiða lífoldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir 29. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001 og framkvæmdagerða hennar eða framseldra gerða um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda og er framleitt úr hráefninu sem er tilgreint í IX. viðauka við þá tilskipun.“
- c) Í stað a-liðar 5. mgr. kemur eftirfarandi:
- „a) nafnverð heildar fjármögnunar, sem er veitt endanlegum aðstoðarþega sem nýtur stuðnings úr InvestEU-sjóðnum, skal ekki vera hærra en:
- 110 milljónir evra fyrir hvert verkefni sem felst í fjárfestingu í grunnvirkjum sem notuð eru til að veita félagslega þjónustu og til að mennta, 165 milljónir evra fyrir hvert verkefni sem tengist varðveislu menningar og menningararfleifðar og starfsemi sem sett er fram í 2. mgr. 53. gr., þ.m.t. náttúruarfleifð,
  - 33 milljónir evra fyrir starfsemi sem tengist félagsþjónustu,
  - 82,5 milljónir evra fyrir starfsemi sem tengist menningu og varðveislu menningararfleifðar og
  - 5,5 milljónir evra til menntunar og þjálfunar.“
- d) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:
- Í stað v. liðar í a-lið kemur eftirfarandi:
- „v. hleðslu- eða áfyllingargrunnvirki sem sjá ökutækjum fyrir rafmagni eða vetni. Þegar um er að ræða áfyllingargrunnvirki fyrir vetni sem aðstoð er veitt til skal aðstoðarþeginn skuldbinda sig til að sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 2035 skuli áfyllingargrunnvirkið eingöngu bjóða upp á endurnýjanlegt vetni. Þessi málsgrein gildir ekki um aðstoð til fjárfestinga í tengslum við hleðslu- og áfyllingargrunnvirki í höfnum.“
- Eftirfarandi iv. liður bætist við í b-lið:
- „iv. Þegar aðstoð er veitt vegna áfyllingargrunnvirkja fyrir vetni skal aðstoðarþeginn skuldbinda sig til að sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 2035 skuli áfyllingargrunnvirkið eingöngu bjóða upp á endurnýjanlegt vetni. Þegar aðstoð er veitt til byggingar, uppsetningar eða uppfærslu áfyllingargrunnvirkja fyrir ammoníak eða metanól skal aðstoðarþeginn skuldbinda sig til að sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 2035 skuli áfyllingargrunnvirkið sem nýtur aðstoðar eingöngu bjóða upp á ammoníak eða metanól þar sem orkuinnihaldið kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum öðrum en lífmassa og sem hefur verið framleitt í samræmi við þá aðferðafræði sem sett er fram fyrir endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna í tilskipun (ESB) 2018/2001 og framkvæmdagerðum hennar eða framseldum gerðum.“
- Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:
- „c) nafnverð heildar fjármögnunar, sem er veitt endanlegum aðstoðarþega samkvæmt a- eða b-lið til hvers verkefnis sem nýtur stuðnings úr InvestEU-sjóðnum, skal ekki vera hærra en 165 milljónir evra.“

e) Ákvæðum 7. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í stað ii. liðar kemur eftirfarandi:

„ii. fjárfesting í þágu auðlindanýtni og hringrásar í samræmi við 1.–6. og 10. mgr. 47. gr.“.

— Eftirfarandi v. liður bætist við:

„v. fjárfesting í prófunar- og tilraunainniðum.“.

ii. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) nafnverð heildarfjármögnunar, sem er veitt endanlegum aðstoðarþega til hvers verkefnis sem nýtur stuðnings úr InvestEU-sjóðnum, skal ekki vera hærra en 110 milljónir evra.“

f) Ákvæðum 8. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í stað i. og ii. liðar kemur eftirfarandi:

„i. fjárfestingar sem gera fyrirtækjum kleift að ráða bót á eða koma í veg fyrir spjöll á efnislegu umhverfi (þ.m.t. loftslagsbreytingar) eða náttúruauðlindum vegna starfsemi aðstoðarþega eða starfsemi annars aðila sem tekur þátt í sama verkefni, að því tilskildu að i. fjárfestingarnar varði ekki búnað, vélar eða iðnaðarframleiðslustöðvar sem nota jarðefnaeldsneyti, þ.m.t. jarðgas, sbr. þó þann möguleika að veita aðstoð til uppsetningar á viðbótarþáttum til að bæta umhverfisverndarstig núverandi búnaðar, véla og iðnaðarframleiðslustöðva en þá skal fjárfestingarkostnaðurinn ekki tengjast mannvirkjum sem losa koltvísýring, og ii. ef um er að ræða fjárfestingar í búnaði, vélum og iðnaðarframleiðslustöðvum sem nota vetni skal aðstoðarþeginn skuldbinda sig til þess að nota eingöngu endurnýjanlegt vetni á líftíma fjárfestingarinnar. Ekki skal veita aðstoð samkvæmt þessum lið vegna fjárfestinga sem ráðist er í til að fara að Sambandsstöðlum sem hafa verið samþykktir nema fjárfestingunni sé komið til framkvæmda og henni lokið a.m.k. 18 mánuðum fyrir þann dag er staðallinn öðlast gildi,

ii. ráðstafanir til að bæta orkunýtni byggingar eða fyrirtækis, að því tilskildu að fjárfestingarnar varði ekki búnað, vélar eða iðnaðarframleiðslu þar sem notað er jarðefnaeldsneyti, þ.m.t. jarðgas. Ekki skal veita aðstoð samkvæmt þessum lið vegna fjárfestinga sem ráðist er í til að fara að Sambandsstöðlum sem hafa verið samþykktir nema fjárfestingunni sé komið til framkvæmda og henni lokið a.m.k. 18 mánuðum fyrir þann dag er staðallinn öðlast gildi. Þrátt fyrir það má veita aðstoð samkvæmt þessum lið vegna fjárfestinga í byggingum, sem gerðar eru til að uppfylla lágmarksstaðla um orkunýtingu sem uppfylla staðla Sambandsins, að því tilskildu að aðstoðin sé veitt áður en staðlarnir verða lögboðnir fyrir viðkomandi fyrirtæki.“

— Eftirfarandi vi. liður bætist við:

„vi. fjárfestingaraðstoð til kaupa á umhverfisvænum farartækjum sem knúin eru a.m.k. að hluta til með raforku eða vetni, eða farartækjum án losunar til flutninga á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum og á sjó og til ísetningar endurbótahluta í farartæki til að þau teljist umhverfisvæn farartæki eða farartæki án losunar“,.

ii. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) með fyrirvara um a-lið er heimilt að sameina aðstoð sem veitt er til að bæta orkunýtni bygginga aðstoð vegna einhverra eða allra eftirfarandi ráðstafana:

i. uppsetningar á samþættum búnaði sem nýtir endurnýjanlega orkugjafa til framleiðslu á raforku, varma eða kælingu á vettvangi, þ.m.t., en ekki einvörðungu, ljósspennuþiljur og varmadælur,

ii. uppsetningar á búnaði til að geyma orku sem er framleidd í orkuverum sem nýta endurnýjanlega orku á vettvangi,

iii. tengingar við orkunýtið fjarhitunar- og/eða fjarkælikerfi og tengdan búnað,

- iv. byggingar og uppsetningar hleðslugrunnvirkja fyrir notendur byggingarinnar og tengdra grunnvirkja, s.s. lagna, þar sem bílastæði eru staðsett annaðhvort inni í byggingunni eða aðliggjandi byggingunni,
- v. uppsetningar búnaðar til stafvæðingar byggingarinnar, einkum til að auka snjallhæfi hennar, þ.m.t. óvirkar innbyggðar lagnir eða lagning kapla fyrir gagnanet og fylgihluti breiðbandsinnviða á eigninni sem byggingin tilheyrir, en að undanskildum lögnum eða köplum fyrir gagnanet utan eignarinnar,
- vi. fjárfestinga í gróðurþökum og búnaði til að binda og nota regnvatn.

Aðstoðarráðstöfunin skal ekki styðja uppsetningu á orkubúnaði sem brennir jarðefnaeldsneyti, þ.m.t. jarðgasi.

Aðstoðina má veita annaðhvort eiganda eða eigendum byggingarinnar eða leigutaka eða leigutökum hennar, eftir því hver fær fjármögnunina fyrir verkefnið.“

iii. Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

- „e) aðstoð vegna ráðstafana til umbóta í orkunýtni getur einnig tengst því að auðvelda gerð samninga um orkunýtingu, með fyrirvara um eftirfarandi samanlögð skilyrði:
  - i. stuðningurinn er veittur litlum og meðalstórum fyrirtækjum eða smærri meðalverðmætum fyrirtækjum sem eru aðilar sem annast umbætur í orkunýtingu og eru endanlegir aðstoðarþegar,
  - ii. aðstoðin er veitt til að auðvelda gerð samninga um orkunýtingu í skilningi 27. liðar 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB,
  - iii. aðstoðin er í formi forgangsláns eða ábyrgðar til aðila sem annast umbætur í orkunýtni samkvæmt samningi um orkunýtingu eða felst í fjármálaafurð sem miðar að fjármögnun aðilans (t.d. kröfukaup, kröfukaup með afslætti),
  - iv. nafnfjárhæð útistandandi heildarfjármögnunar samkvæmt þessum lið fyrir hvern aðstoðarþega fer ekki yfir 30 milljónir evra.“

g) Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„10. Lítil og meðalstór fyrirtæki eða, eftir atvikum, smærri meðalverðmæt fyrirtæki geta, til viðbótar við þá flokka aðstoðar sem kveðið er á um í 2.–9. mgr., einnig fengið aðstoð í formi fjármögnunar sem InvestEU-sjóðurinn styður, að því tilskildu að viðeigandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) nafnverð heildarfjármögnunar sem veitt er hverjum endanlegum aðstoðarþega sem nýtur stuðnings úr InvestEU-sjóðnum skal ekki vera herra en 16,5 milljónir evra og er veitt:
  - i. óskráðum litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem hafa enn ekki verið starfrækt á markaði eða hafa verið starfrækt á markaði skemur en í tíu ár frá skráningu þeirra eða skemur en í sjö ár frá fyrstu sölu þeirra í viðskiptalegum tilgangi; hafi öðru starfrækslutímabili, innan við tíu ár eftir skráningu eða innan við sjö ár frá fyrstu sölu þeirra í viðskiptalegum tilgangi, verið beitt gagnvart tilteknu fyrirtæki má eingöngu beita því tímabili vegna hvers konar síðari aðstoðar til sama fyrirtækis samkvæmt þessari grein. Þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa keypt annað fyrirtæki eða sem urðu til við samruna skal aðstoðarhæfistímabilið, sem beitt er, einnig taka til starfsemi keypta fyrirtækisins eða fyrirtækjanna sem runnu saman, eftir því sem við á, nema velta þeirra nemi minna en 10% af veltu yfirtökufyrirtækisins á fjárhagsárinu fyrir kaupin eða, þegar um er að ræða fyrirtæki sem urðu til við samruna, minna en 10% af samanlagðri veltu samrunafyrirtækjanna á fjárhagsárinu fyrir samrunann. Að því er varðar aðstoðarhæfistímabilið sem tengist skráningu, sé því beitt, telst tíu ára aðstoðarhæfistímabilið hefjast, að því er varðar aðstoðarhæf fyrirtæki sem eru ekki bundin kröfum um skráningu, annaðhvort á þeirri stundu þegar fyrirtækið hefur atvinnustarfsemi sína eða þegar atvinnustarfsemi þess verður skattskyld, hvort heldur gerist fyrr. Fjármögnun með stuðningi InvestEU-sjóðsins getur einnig tekið til framhaldsfjárfestinga í óskráðum litlum og meðalstórum fyrirtækjum eftir aðstoðarhæfistímabilið sem um getur í þessum lið ef eftirfarandi samanlögð skilyrði eru uppfyllt: 1) ekki er farið yfir nafnverð heildarfjármögnunar sem um getur í a-lið, 2) möguleikinn á framhaldsfjárfestingum kom fram í upphaflegu viðskiptaáætluninni og 3) endanlegi aðstoðarþeginn sem fær framhaldsfjárfestinguna hefur ekki orðið „tengt fyrirtæki“, í skilningi 3. mgr. 3. gr. í I. viðauka, annars fyrirtækis en fjármálamilliliðarins eða sjálfstæða einkafjárfestisins sem lætur í té fjármögnun með stuðningi InvestEU-sjóðsins, nema nýi aðilinn sé lítið eða meðalstórt fyrirtæki,

- ii. óskráðum litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem hefja nýja atvinnustarfsemi, þar sem nýfjárfestingin skal vera hærri en 50% af árlegum meðaltekjum næstliðinna fimm ára. Þrátt fyrir fyrsta málslið skal eftirfarandi teljast fjárfestingar fyrir nýja atvinnustarfsemi ef tengd nýfjárfesting, á grundvelli viðskiptaáætlunar, er hærri en 30% af árlegum meðaltekjum næstliðinna fimm ára: 1) fjárfestingar sem bæta verulega umhverfisárangur starfseminnar, umfram lögboðna Sambandsstaðla, í samræmi við 2. mgr. 36. gr. þessarar reglugerðar, 2) aðrar umhverfislega sjálfbærar fjárfestingar eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, og 3) fjárfestingar sem miða að því að auka getu til náms, aðgreiningar, hreinsunar, vinnslu eða endurvinnslu á mikilvægu hráefni sem er á skrá í IV. viðauka. Sýna skal fram á umhverfislega sjálfbærni fjárfestingarinnar í samræmi við 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, þ.m.t. meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“, eða með öðrum sambærilegum aðferðum, þ.m.t. m.a. sönnun fyrir sjálfbærni fyrir InvestEU-sjóðinn. Að því er varðar ráðstafanir sem eru sams konar og ráðstafanir í áætlunum um endurreisn og viðnám sem ráðið samþykkir, er litið svo á að þær samræmist meginreglunni um að „valda ekki verulegu tjóni“ þar sem það hefur þegar verið sannprófað,
- iii. litlum og meðalstórum fyrirtækjum og smærri meðalverðmætum fyrirtækjum sem eru nýsköpunarfyrirtæki eins og skilgreint er í 80. lið 2. gr.,
- b) nafnverð heildarfjármögnunar á hvern endanlegan aðstoðarþega sem nýtur stuðnings InvestEU-sjóðsins fer ekki yfir 16,5 milljónir evra og er veitt litlum og meðalstórum fyrirtækjum eða smærri meðalverðmætum fyrirtækjum sem eru með meginstarfsemi sína á svæðum sem njóta aðstoðar, að því tilskildu að fjármögnunin sé ekki notuð til flutnings á starfsemi eins og hún er skilgreind í a-lið 61. liðar 2. gr.,
- c) nafnverð heildarfjármögnunar sem veitt er hverjum endanlegum aðstoðarþega sem nýtur stuðnings úr InvestEU-sjóðnum skal ekki vera herra en 2,2 milljónir evra og er veitt litlum og meðalstórum fyrirtækjum eða smærri meðalverðmætum fyrirtækjum.“
- 55) Í stað 3. mgr. 56. gr. f kemur eftirfarandi:
- „3. Nafnverð heildarfjármögnunar sem veitt er hverjum endanlegum aðstoðarþega í gegnum öll fyrirtæki sem starfa sem fjármálamilliliðir skal ekki vera herra en 8,25 milljónir evra.“
- 56) Í stað 3. mgr. a og 4. mgr. í 58. gr. kemur eftirfarandi:
- „3a. Stök aðstoð, sem er veitt milli 1. júlí 2014 og [gildistökudagur þessarar breytingar] í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eins og þau giltu á þeim tíma þegar aðstoðin er veitt, skal samrýmast innri markaðnum og vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans. Stök aðstoð, sem er veitt fyrir 1. júlí 2014 í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, að undanskilinni 9. gr., eins og þau giltu annaðhvort fyrir eða eftir 10. júlí 2017, fyrir eða eftir 3. ágúst 2021 eða fyrir eða eftir [gildistökudagur þessarar breytingar] skal samrýmast innri markaðnum og vera undanþegin tilkynningarskyldu 3. mgr. 108. gr. sáttmálans.
4. Við lok gildistíma þessarar reglugerðar skulu aðstoðarkerfi, sem njóta undanþágu samkvæmt þessari reglugerð, vera áfram á undanþágu í sex mánaða aðlögunartíma. Undanþága áhættufjármögnunaraðstoðarinnar, sem nýtur undanþágu skv. a-lið 9. mgr. 21. gr., skal falla úr gildi í lok tímabilsins sem sett er fram í fjármagnssamningnum, svo fremi að skuldbindingin um opinbert fjármagn í studda sjóðinn, sem fjárfestir í óskráðum félögum, hafi verið gerð á grundvelli slíks samnings innan sex mánaða frá lokum gildistímabils þessarar reglugerðar og að öll önnur skilyrði fyrir undanþágu verði áfram uppfyllt.“
- 57) Í stað annarrar undirgreinar 59. gr. kemur eftirfarandi:
- „Hún gildir til 31. desember 2026.“
- 58) Í stað II. hluta í II. viðauka kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 59) Eftirfarandi IV. viðauki bætist við:

*„IV. VIÐAUKI***Mikilvæg hráefni sem um getur í c-lið 3. mgr. 21. gr. og ii. lið a-liðar 10. mgr. 56. gr. e**

Eftirfarandi hráefni skulu teljast mikilvæg hráefni eins og um getur í c-lið 3. mgr. 21. gr. og ii. lið a-liðar 10. mgr. 56. gr. e:

- a) antímon
- b) arsen
- c) baxít
- d) barít
- e) beryllíum
- f) bismút
- g) bór
- h) kóbalt
- i) kokskol
- j) kopar
- k) feldspat
- l) flússpat
- m) gallíum
- n) german
- o) hafnium
- p) helíum
- q) þung lantanið
- r) létt lantanið
- s) litíum
- t) magnesíum
- u) mangan
- v) náttúrlegt grafit
- w) nikkell – fyrir rafhlöður
- x) níóbíum
- y) hráfosfat
- z) fosfór
- aa) málmar úr platínuflokki
- bb) skandíum
- cc) kísilmálmur
- dd) strontíum
- ee) tantal
- ff) titanmálmur
- gg) volfram
- hh) vanadíum“.

2. gr.

Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 56. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2473:

„3. Þessi grein gildir til 30. júní 2023.“

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júní 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIDAUKI

## „II. HLUTI

**Veita ber upplýsingar gegnum rafrænt tilkynningarkerfi framkvæmdastjórnarinnar eins og mælt er fyrir um í 11. gr.**

Tilgreina skal ákvæðið í reglugerðinni um almenna hópundanþágu sem veitt aðstoðarráðstöfun fellur undir.

| Meginmarkmið — almenn markmið (skrá)                                          | Markmið (skrá)                                                                                                                                                                                                                                                                                           | Hámarkshlutfall aðstoðar í % eða árleg hámarksfjárhæð aðstoðar í innlendum gjaldmiðli (heildarfjárhæðir) | Hækkanir framlaga til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (ef við á) í % |
|-------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|
| Svæðisbundin aðstoð fjárfestingaraðstoð <sup>(1)</sup> (14. gr.)              | <input type="checkbox"/> Kerfi                                                                                                                                                                                                                                                                           | ..... %                                                                                                  | ..... %                                                                |
|                                                                               | <input type="checkbox"/> Sérstök aðstoð                                                                                                                                                                                                                                                                  | ..... %                                                                                                  | ..... %                                                                |
| Svæðisbundin aðstoð rekstraraðstoð (15. gr.)                                  | <input type="checkbox"/> Á strjálbýlum svæðum (2. mgr. 15. gr.)                                                                                                                                                                                                                                          | ..... %                                                                                                  | ..... %                                                                |
|                                                                               | <input type="checkbox"/> Á mjög strjálbýlum svæðum (3. mgr. 15. gr.)                                                                                                                                                                                                                                     | ..... %                                                                                                  | ..... %                                                                |
|                                                                               | <input type="checkbox"/> Á ystu svæðum (4. mgr. 15. gr.)                                                                                                                                                                                                                                                 | ..... %                                                                                                  | ..... %                                                                |
| <input type="checkbox"/> Svæðisbundin aðstoð vegna þéttbýlisþróunar (16. gr.) |                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | ..... í innlendum gjaldmiðli                                                                             | ..... %                                                                |
| Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (17.–19. gr. d)                  | <input type="checkbox"/> Fjárfestingaraðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (17. gr.)                                                                                                                                                                                                             | ..... %                                                                                                  | ..... %                                                                |
|                                                                               | <input type="checkbox"/> Aðstoð vegna ráðgjafar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja (18. gr.)                                                                                                                                                                                                       | ..... %                                                                                                  | ..... %                                                                |
|                                                                               | <input type="checkbox"/> Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna þátttöku í kaupstefnum (19. gr.)                                                                                                                                                                                             | ..... %                                                                                                  | ..... %                                                                |
|                                                                               | <input type="checkbox"/> Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna kostnaðar við þátttöku í samfélagsverkefnum um staðbundna þróun (19. gr. a)                                                                                                                                                  | ..... %                                                                                                  | ..... %                                                                |
|                                                                               | <input type="checkbox"/> Takmarkaðar aðstoðarfjárhæðir til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem njóta ávinnings af samfélagsverkefnum um staðbundna þróun (19. gr. b) <sup>(2)</sup>                                                                                                                    | ..... í innlendum gjaldmiðli                                                                             | ..... %                                                                |
|                                                                               | <input type="checkbox"/> Aðstoð til örfyrirtækja í formi opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma (19. gr. c)                                                                                                                                                                  | ..... %                                                                                                  | ..... %                                                                |
|                                                                               | <input type="checkbox"/> Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í formi tímabundinnar opinberrar íhlutunar varðandi afhendingu á raforku, gasi eða varma sem framleiddur er með jarðgasi eða raforku til að draga úr áhrifum verðhækkana í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu (19. gr. d) | ..... %                                                                                                  | ..... %                                                                |

<sup>(1)</sup> Þegar um er að ræða sérstaka svæðisaðstoð sem kemur til viðbótar aðstoð sem er veitt samkvæmt aðstoðarkerfi/-kerfum skal tilgreina bæði aðstoðarhlutfall samkvæmt kerfinu og hlutfall sérstöku aðstoðarinnar.

